


Fólk vill ekki heyra sannleikann

Manuela Ósk segir frá föðurmissinum, gullgrafarastimplinum lífseiga og hvernig hún sér sig sem fyrirmynd barnanna með því að elta drauma sína. ➔30



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Veikur en vísað út af geðdeild ➔34



Brjálæðingur í Fellunum ➔40



Sat sjálfur í fangelsi ➔42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015



VINNAN
tímarit ASÍ
fylgir
blaðinu í dag

Dale Carnegie

ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI

Mánudag 2. maí, kl. 20.00-21.00 í Ármúla
Skráning á dale.is



The Quality Management System of Dale Carnegie® Global Services is ISO 9001 certified.



25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM




HÚSGAGNA
HÖLLIN



OPÍÐ ALLA
HELGINA

Veður



Í dag gera spár ráð fyrir strekkings norðvestanátt með snjókomu eða slyddu um norðanvert landið fyrripartinn, en hægari vindi og rigningu eða slyddu á köflum er líður á daginn. Syðra verður lengst af hægari vindur og úrkomulítið, en einhverrar vætu er að vænta þar í kvöld. **SJÁ SÍÐU 56**

Starfshópur skattaskjöla stofnaður

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum í gærmorgun, að tillögu fjármála- og efnahagsráðherra, að skipaður yrði sérstakur starfshópur til að gera tillögur að breytingum á lögum, reglugerðum eða verklagsreglum sem saman myndadi aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn skattaundanskotum og nýtingu skattaskjöla almennt.

Í tilkynningu segir að í hópunum verða fulltrúar forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, auk fulltrúa frá ríkisskattstjóra, skattransóknarstjóra og tollstjóra. Starfshópurinn mun skila skýrslu með tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar fyrir 30. júní næstkomandi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur nú þegar gert þeim embættum, sem fara með skattfrákvæmd, eftirlit, rannsóknir og innheimtu, ljóst að það er reiðubúið til viðræðna við þau um ráðstafanir til að þau geti komist yfir sem fyllstar upplýsingar um eignir þeirra sem framtalsskyldir eru hér á landi í skattaskjölum og að ríkur vilji sé til þess að tryggja að embættin séu þess megnug að vinna úr þeim.

Þá undirbýr ráðuneytið nú sérstakt mat á umfangi fjármagnstilfærslna og undanskota á aflandsvæðum og mun það nýstast til að áætla tekjutap hins opinbera af slíkri starfsemi um leið og fjárhagsleg þýðing þess að unnið sé gegn undanskotum verður staðfest. – **sg**

» Starfshópurinn mun skila skýrslu með tillögum til ríkisstjórnarinnar fyrir 30. júní næstkomandi.

Maður og málmur í framkvæmdum



Framkvæmdir standa nú yfir fyrir fram Geysi Bistro í miðbænum. Verið er að undirbúa opnun nýs veitingastaðar í kjallara byggingarinnar. Hugað er vel að öryggismálum og hefur styttn Horfur eftir Steinunni Þórarinsdóttur fengið sérstakan hlífðarhjálms og öryggisól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðni tekur fram úr Andra

STJÓRN MÁL Guðni Th. Jóhannesson mælist með fjórðungsfylgi í nýrri skoðanakönnun Maskínu hvað varðar fylgi til embættis forseta Íslands. Guðni hefur ekkert ákveðið um framboð.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands mælist með 46 prósentu fylgi og Andri Snær Magnason rithöfundur mælist með 15 prósent. Aðrir frambjóðendur mælast með minna en 2 prósentu fylgi.

Svarendur í könnun Maskínu voru 593 sem var 68 prósentu svarhlutfall og var könnunin gerð í lok apríl. – **sr**



Guðni Th. Jóhannesson

Heilbrigðiskerfið verði aðalkosningamálið

Kári Stefánsson afhendir í dag undirskriftir yfir 85 þúsund Íslendinga sem krefjast hærri framlaga til heilbrigðiskerfisins. Kári segir kostnaðarþátttöku sjúklinga vera gjör samlega óásættanlega og að stjórnvöld hafi vannært kerfið.

HEILBRIGÐISMÁL Stjórnvöld fá í dag afhentar undirskriftir meira en 85 þúsund Íslendinga sem krefjast þess að Alþingi verji árlega 11 prósentum af vergri landsframleiðslu til reksturs heilbrigðiskerfisins. Það er Kári Stefánsson, læknir og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sem hefur haft veg og vanda af söfnun undirskriftanna.

Kári segir þörfina á betrumótum vera úti um allt í heilbrigðiskerfinu og vill að umræðunni verði haldið áfram. „Ég ætla að gera mitt besta til þess að sjá til þess að þetta verði aðalkosningamálið,“ segir Kári. En eins og fram hefur komið er ráðgert að kosningar fari fram í haust. Kári segir fólk þó verða mest vart við þörfina á betrumótum á Landspítalanum. „Hann er fámennstur, hann er illa tækjum búinn, hann verður að ströggla við það að kaupa nýjustu lyfin og hann er illa hýstur,“ segir hann.

Til viðbótar við þetta segir Kári að greiðsluþátttaka sjúklinga sé gjör samlega óásættanleg. „Heilbrigðisþjónusta á Íslandi á að vera ókeypis. Við viljum að það sé hlúð að lösu og meiddu fólki í landinu,“ segir Kári og bætir við að aldrað fólk hafi meiri tilhneigingu til þess að vera lasið en ungt fólk. Eldra fólk hafi líka að jafnaði lægri tekjur en þeir sem yngri eru.

„Þannig að greiðsluþátttakan lendir líklega mest á þeim sem síst skyldi. Það eru þó ekki nema rétt rúmír sex milljarðar sem myndi kosta að gera heilbrigðisþjónustu ókeypis og mér fyndist sex milljörðum ekki betur varið í nokkurn skapadán hlut í okkar þjóðfélagi.“

Kári segir að dagskráin í dag, þar sem undirskriftirnar verða afhentar,



Kári mun afhenda undirskriftirnar í dag og verða fulltrúar allra stjórnmálaflokka viðstaddir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heilbrigðisþjónusta á Íslandi á að vera ókeypis. Við viljum að það sé hlúð að lösu og meiddu fólki í landinu.

Kári Stefánsson, læknir og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

8,7%
af vergri landsframleiðslu er varið í heilbrigðismál hér á landi.

verði einföld. Fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna hafi boðað komu sína og formenn flestra þeirra. „Þannig að menn virðast vera að bregðast á jákvæðan hátt við þessu. Ég ætla að líta á það ósköp einfaldlega sem merki þess að stjórnmálamennirnir skilji að þetta skipti fólkið í landinu máli,“ segir Kári.

Í erindi sem Kári birti á vefnum endurreisn.is, þar sem undirskriftunum var safnað, kemur fram að Íslendingar eyði því sem nemur 8,7% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál og það sé langt undir meðaltali á Norðurlöndum. Á síðasta aldarfjórðungi hafi stjórnvöld vannært íslenskt heilbrigðiskerfi, að því marki að það sé ekki lengur þess megnugt að sinna hlutverki sínu sem skyldi. jonhakon@frettabladid.is

Betri ferð fyrir betra verð - vita.is

Alicante Verð frá: **9.900 kr.**
Flugsæti á frábæru verði!
Á mann m.v. flug aðra leið. Á völdum dagsetningum í maí.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SUMMAR TILBOÐ

SUMARTILBOÐ

3.990 kr
~~4.990~~

Mosaeyðir.

MOLD 45 LTR

999 kr

Mold, 45 ltr.
10333658

20% afsláttur

HEKKILÁ
MOSAEYÐUR
MOSAETDIR
MOSATARE

Jarðarberjaplöntur,
3 stk.

999 kr

SPRENGI VERÐ

Gildir á meðan birgðir endast

Sýpris hæð ca. 100 cm.

999 kr
~~2.490~~

blómaval

AUTHOR

reiðhjól á betra verði

SUMARTILBOÐ

39.900 kr

AUTHOR TROPHY 26"
18 gíra Shimano skipting. V bremsur, þyngd 16,3 kg með fjöðrun 3901306

SUMARTILBOÐ

37.900 kr

AUTHOR ENERGY 20"
Reiðhjól 20" með 6 gíra Shimano skipting. 3901310/11

20% afsláttur
af ÖLLUM Fiskars hekk- og greinaklippum

SUMARTILBOÐ

3.196 kr
~~3.995~~

Greinaklippur
Fiskars. 5084428

6.459 kr

Rafmagnshekkklippur
520W, 46 cm blað, klippigeta 16 mm. 5083756

Betra verð grillum

Gasgrill á betra verði

Broil King

ÞÚ SPARAR: 6.000 kr

32.990 kr
~~38.990~~

Porto Chef 120
Ferðagrill, 4,1 kw/h brennari, postulínshúðuð grillgrind. Grillflötur: 46x31 cm. 3000612

weber

Vagn fyrir Weber Q1200

15.900 kr

39.990 kr

Gasgrill Q1200
Meðfærilegt gasgrill, frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h. Vagn seldur sér. 3000376

Broil King

ÞÚ SPARAR: 10.000 kr

49.990 kr
~~59.990~~

Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar: 8,8 kw/h, grillgrind úr pottjárni. Grillflötur: 38x67 cm. 3000604

15.995 kr

Keðjusög EKS-2200-40
2200W, 40 cm blað. 5083730

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

1.195 kr

Laufhrífa
Green-It. 5084343

TÖLUR VIKUNNAR 24.04.2016 – 30.04.2016



af vergri landsframleiðslu Íslands voru tekin til þróunarmála árið 2015.

2.200 kr.

er fermetraverð leiguhúsnæðis í Vesturbænum í Reykjavík.

327.000

manns er spáð að fari í hvalaskoðun á Íslandi á þessu ári.



19 milljarða

í útflutningsverðmæti gefur síðasta loðnuvertíð.



583 voru lagðir inn á gjörgæslu vegna höfuðáverka árin 1999 til 2013.



3,88 milljónum tonna af mat er hent árlega í Evrópu.



40%

af íbúðum í eigu íbúðalánasjóðs hafa verið seld á tveimur árum.

Þrjú í fréttum Formennska, baggi og hugrekki

Jón Sigurðsson

fyrirverandi formaður Framsóknarflokksins

sagði að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gæti ekki leitt flokkinn í næstu kosningum án þess að gera betur grein fyrir sínum málum. Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra sagði að í flokknum væru ákveðnar stofnanir og ferli. Þar væru málin rædd. Jón ætti að þekkja það sem fyrirverandi formaður flokksins. Það ætti sér ekki stað í fjölmiðlum eða með yfirlýsingum einstakra flokksmanna.



Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands


sagði marga leita til þjónustunnar vegna íþyngjandi lækniskostnaðar. Sálfræðikostnaður væri þungur baggi og einnig tannlæknakostnaður, ferðakostnaður, ýmis kostnaður vegna umbúða og líkamsræktar. Mikill kostnaður gæti jafnframt falist í því að borga fyrir alls konar lyf sem væru nauðsynleg en utan greiðsluþátttöku.



Heiðrún Mjöll Bachmann

au pair í Nikaragva

sagði frá kærue vegna nauðgunar og baráttu gegn gamaldags viðhorfum til kynferðisbeldis í Nikaragva. Heiðrún segir opna umræðu um kynferðisbeldi á Íslandi hafa veitt henni styrk síðustu daga en frásögn hennar hreif marga og hefur verið stofnuð söfnun fyrir lögfræðikostnaði.



Velferðarmál á oddinum í nýrri fjármálaáætlun til ársins 2021

Fyrsta fjármálaáætlun ríkisins til fimm ára hefur litið dagsins ljós. Leggja á fjármagn í húsnæðismál, fæðingarorlofssjóð, Vestmannaeyjaferju, leiguíbúðir og fleira. Fjármálaráðherra segir að niðurgreiðsla skulda ríkisins sé einsdæmi í Evrópu. 42 milljarða króna svigrúm skapast til athafna á milli 2017 og 2021.

EFNAHAGSMÁL Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur lagt fram tvær þingsályktunartillögur á Alþingi um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir hið opinbera til næstu fimm ára.

Þetta er í fyrsta sinn sem fjármálastefna og fjármálaáætlun eru lögð fram en þau byggja á nýjum lögum um opinber fjármál. Báðar tillögurnar eru til fimm ára en fjármálastefna verður endurskoðuð á hverju ári. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Bjarni Benediktsson og Sigurður Ingi Jóhannsson héldu á Þjóðminjasafninu.

Tillögurnar byggja á samstarfi ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og báðir aðilar leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Sveitarfélögin hafa meðal annars skuldbundið sig til að stefna að hallalausum rekstri.

Aukið svigrúm hefur þá skapast fyrir málsvið ráðuneytanna, meðal annars vegna þess að skuldafórnun ríkissjóðs hefur verið stöðvuð og vaxtagjöld hafa lækkað. Svigrúm ráðuneytanna vegna þessa er því 42 milljarðar króna og strax árið 2017 verður 14 milljörðum varið til opinberra verkefna. Á fimm ára tímabili fjármálaáætlunar er gert ráð fyrir að svigrúmið muni aukast um 75 milljarða króna.

Bjarni segir að góður árangur við lækun skulda sé stór þáttur í því að skapa svigrúm til aukinna útgjalda. „Ég vil halda því fram að það sé ekkert ríki í Evrópu sem getur dregið fram jafn mikla skuldalækkun á ríkisfjármálahliðinni eins og við Íslendingar höfum gert samkvæmt þeirri áætlun sem við erum að leggja fram hér,“ sagði Bjarni.

Í fjármálaáætlun er stefnt á að auka fjárframlög til heilbrigðismála á næstu árum og stefnt er á að fram-



Bjarni Benediktsson kynnti ríkisfjármálaáætlun á blaðamannafundi í gær. Niðurgreiðsla skulda er lykillinn að auknu fjármagni í verkefni ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég vil halda því fram að það sé ekkert ríki í Evrópu sem getur dregið fram jafn mikla skuldalækkun á ríkisfjármálahliðinni eins og við Íslendingar höfum gert.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

lög til heilbrigðismála utan launakostnaðar nemi 200 milljörðum árið 2021 sem er 30 milljörðum meira en nú.

Þá er í áætluninni gert ráð fyrir fjármagni til að reisa nýjan Landspítala, fjármagn í fæðingarorlofssjóð verður aukið um einn milljarð á árunum 2017 til 2018 og 4,7 milljarðar settir í byggingu á þremur nýjum hjúkrunarheimilum.

Þá renna 3,2 milljarðar til fram-

Úr fjármálaáætlun

Heilbrigðismál
+30 milljarðar

Fæðingarorlofssjóður
+1 milljarður

Framhaldsskólar
+3,2 milljarðar

Þrjú ný hjúkrunarheimili
+4,7 milljarðar

Félagslegar leiguíbúðir
+1,5 milljarðar

Hús íslenskra fræða
+3,7 milljarðar

Ný Vestmannaeyjaferja
+6 milljarðar

Uppbygging ferðamannastaða
+1,2 milljarðar

Dýrafjarðargöng
+12 milljarðar

Nýr Landspítali
kominn á dagskrá

haldsskóla á tímabilinu og 1,5 milljarðar eru settir í uppbyggingu á félagslegum leiguíbúðum.

Þá mun fjármagn renna til framkvæmda á nýrri Vestmannaeyjaferju og Dýrafjarðarganga, framkvæmdir við Hús íslenskra fræða hefjast á ný auk þess sem heildarframlög til uppbyggingar ferðamannastaða munu nema sex milljörðum, sem er hækkun um 1,2 milljarða.

stefanraf@frettabladid.is


Segir dagblað hagnast á þjóðarmorðum

BANDARÍKIN „Það er eitt að skítasnepill græði á upplognum skandöllum, en að virðuleg útgáfa eins og The Wall Street Journal hagnist á þjóðarmorði er skammarlegt og óásættanlegt,“ segir Kim Kardashian West, raunveruleikabáttastjarna og athafnakona, í nýjum pistli á heimasíðu sinni.

Tilfnið er auglýsing sem birtist í The Wall Street Journal þann 20. apríl síðastliðinn þar sem því er hafnað að þjóðarmorð hafi verið framið á Armeníu árið 1915. Þá var ein og hálf milljón manna drepin af Ottómanveldinu, sem í dag er Tyrkland. Auglýsingin virðist renna undan rifjum Tyrkja en stjórnvöld þar hafa aldrei opinberlega viðurkennt þjóðarmorðin.

Kim Kardashian er sjálf af armenskum ættum og ekki sátt hennar flúði Armeníu árið 1913, tveimur árum áður en vöðaverkin áttu sér stað.

„Að birta afneitun landsins sem



Kim er af armenskum ættum og ekki sátt við auglýsingarnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Hefði auglýsing sem hafnar helförinni eða tekur undir samsæriskenningar um 11. september verið prentuð?

Kim Kardashian West, raunveruleikabáttastjarna og athafnakona

ber ábyrgð á þjóðarmorðunum er ekki að flytja ógrandi skodanir heldur er verið að dreifa lygum. Það er siðferðislega óábyrgt og fyrst og fremst hættulegt. Hefði auglýsing sem hafnar helförinni eða tekur undir samsæriskenningar um 11. september verið prentuð?“ spyr Kim í færslunni.

Talsmaður dagblaðsins hefur svarað og segir meðal annars: „Við samþykkjum mjög breiðan flokk auglýsinga, meðal annars þær sem hafa ógrandi útgangspunkt.“ – snæ

PRO•STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlítil?



„Ég þarf sjaldnar að pissa á nóttunni og bunan er orðin miklu betri“
Guðmundur Einarsson

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana

OPÍÐ 1. MAÍ Í ÖLLUM VERSLUNUM

20%

afsláttur af öllum
garðhúsgögnum
og sessum*

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
*TILBOÐIN GILDA AÐEINS ÚT SUNNUDAGINN 1. MAÍ

Allir
borðstofustólar

20%


afsláttur

Netgíró

Allir speglar

20%

afsláttur



FRÁBÆRT ÚRVAL AF EFNUM

Allir 3 og
5 mtr. pakkar

25%

afsláttur

EVERYDAY IS
BEAUTIFUL
IF YOU
CHOOSE TO
SEE IT

Öll
sturtuhengi

25%

afsláttur

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BAÐID • HEIMILIÐ

GILDIR 30.04 - 01.05


2 FYRIR
 & STÖKKTU

 Frá kr.
49.900
 m/morgunmat

SÍÐUSTU
SÆTIN

Skelltu þér í BORGARFERÐ

PRAG

STÖKKTU
Frá kr. 49.900
Stökktu
 Netverð á mann m.v.
 2 í herbergi með
 morgunmat.

5. maí í 4 nætur.


Stökktu

5.-9. maí

VALENCIA

STÖKKTU
Frá kr. 59.900
Stökktu
 Netverð á mann m.v.
 2 í herbergi með
 morgunmat.

5. maí í 4 nætur.


Stökktu

5.-9. maí

BÚDAPEST

Hotel Mercure Buda
Frá kr. 62.900
2fyrir1
 Netverð á mann m.v.
 2 í herbergi með
 morgunmat.

12. maí í 4 nætur


2fyrir1

12.-16. maí

LISSABON

Dom Pedro Palace
Frá kr. 79.900
2fyrir1
 Netverð á mann m.v.
 2 í herbergi með
 morgunmat.

13. maí í 3 nætur



2fyrir1

13.-16. maí

LJUBLJANA

Hotel City
Frá kr. 65.900
2fyrir1
 Netverð á mann m.v.
 2 í herbergi með
 morgunmat.

13. maí í 3 nætur.


2fyrir1

13.-16. maí

Heimsferðir

Verða aðskildar eftir þrjá mánuði



Egyptsk móðir að nafni Fatma heldur á síamstvíburum sínum, Menna og Mai, á spítala í Gísa í Egyptalandi. Samkvæmt fréttum frá Egyptalandi munu tvíburarnir verða aðskildir eftir þrjá mánuði. Tvíburarnir, sem eru tíu mánaða gamlir, fæddust samvaxnir á höfði. Foreldrarnir hafa beðið um fjárhagsaðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Krefjast nærri sextíu prósentu hækkunar

Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur valdið raski á flugi síðan bannið hófst fyrr í mánuðinum. Flugumferðarstjórar eru örþreyttir á yfirvinnu að sögn formanns. Heimildir herma að meðallaun án yfirvinnu séu milljón á mánuði.

KJARAMÁL Krafa flugumferðarstjóra í launadeilu sinni við Isavia er um nærri sextíu prósentu hækkun launa á næstu þremur árum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þetta ástæða þess að ekkert þokast í deilunni og langt er í næsta fund. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að nú þegar séu meðallaun flugumferðarstjóra um ein milljón króna á mánuði, án yfirvinnu.

Kjaraviðræður flugumferðarstjóra hófust í október 2015. Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hófst 6. apríl síðastliðinn. Röskun á flugi hefur verið töluverð en ekkert áætlunarflug var um Keflavíkflugvöll á milli níu að kvöldi og sjö að morgni aðfaranótt föstudags.

Á fimmtudag sendi stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar harðorða ályktun gegn yfirvinnubanni flugumferðarstjóra. „Það gengur ekki upp að fámennir hópar launþega geti valdið jafn miklum vandræðum og haft ferðaþjónustuna og samgöngur til og frá landinu í hendi sér í kjaraþarættu sinni,“ segir í ályktuninni.

4,85

milljónir farþega fór um
Keflavíkflugvöll á síðasta ári.

24

flugferðir urðu fyrir áhrifum
vegna yfirvinnubannsins aðfaranótt föstudags.

Þá segir: „Ímynd og orðspor Íslands sem áfangastaður fyrir ferðamenn er í húfi og mikilvægt að stöðugleiki ríki í samgöngum. Þá verður að eyða allri óvissu fyrir ferðaþjónustuna og landsmenn alla hið fyrsta.“

Í samtali við Fréttablaðið þann 12. apríl síðastliðinn sagði Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, stéttina standa frammi fyrir miklum landflutningum. Flugumferð hafi aukist um áttatíu prósent á meðan lítið hafi fjölgað í stéttinni. „Við erum fastir í klóm yfirvinnu og sjáum varla fjölskylduna yfir sumarið,“ sagði Sigurjón. Þá kom fram að félagið hefði látið gera samanburð á launum í 24 löndum og komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir flugumferðarstjórar hefðu fimmta lakasta kaupmáttinn.

Skúli Mogensen, forstjóri flugfélagsins WOW air, sagði í samtali við Vísi á fimmtudag að það væri umhugsunarefni þegar ein stétt getur nánast lokað landinu.

Flugumferðarstjórar hafa boðað til þjálfunarbanns sem hefjast á 6. maí næstkomandi. Samtök atvinnulífsins hafa ákveðið að vísa banninu til Félagsdóms. Enginn fundur er boðaður í kjaradeilunni fyrir 6. maí. snaeros@frettabladid.is

CROSS

GÆÐAHJÓL

FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI

FRÍ
HEIMSENDING*



20% löggjafarsláttur
af öllum hjálmum
um helgina!

CROSS

20" Alissa

- Stöll: Stálstöll – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 914797, 951106
33.900



CROSS

20" Speedster

- Stöll: Stálstöll
- Girbúnaður: Shimano 6 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.00
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 935920, 935921
33.900



CROSS

24" Alissa

- Stöll: Stálstöll – Steel Hardtail
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk/gjarðir: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 912952
38.900



CROSS

24" Speedster

- Stöll: Stálstöll
- Girbúnaður: Shimano 18 gíra
- Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C
- Dekk: Kenda Sidewall 2.10
- Annað: Innbrenndur litur, glitaugu að framan og aftan, standari

vnr. 935922
38.900



CROSS

26" Julia

- Stöll: 440mm Light Alloy Frame/ Light Alloy Frame
- Girbúnaður: Shimano 21 gíra
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir
- Demparagaffall: Suntour M3010
- Annað: Standari, glitaugu að framan og aftan

vnr. 951107, 935961
49.900



CROSS

26" Romero

- Stöll: 440mm/520mm Light Alloy Frame
- Girbúnaður: Shimano 21 gíra
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir
- Demparagaffall: Suntour M3010
- Annað: Standari, glitaugu

vnr. 955095, 935960
49.999



CROSS

28" Trekking Arena

- Stöll: 460mm/ 500mm Alloy Win Trek VBR Semi
- Girbúnaður: Shimano Altus 21 gíra
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40, Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir
- Demparagaffall: Suntour M3010
- Hnakkur: Bioaktive
- Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955100, 955101
79.999



CROSS

28" Trekking Areal

- Stöll: 480mm/520mm/560mm/600mm Alloy Win Trek VBR Semi
- Girbúnaður: Shimano Altus 21 gíra
- Bremsur: Shimano Promax
- Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40, Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir
- Demparagaffall: Suntour M3010
- Hnakkur: Bioaktive
- Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955096, 955097, 955098, 955099
79.999



Allt vöruvæðið er fáanlegt í Smáralind og á hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. *Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. **Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá viðurkendum fagaðila.



Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Lögreglumenn telja botninum náð varðandi manneklu í faginu

LÖGREGLA „Ár eftir ár telja lögreglumenn að botninum sé náð en samt dýpkar holan. Lögreglumönnum hefur fækkað verulega undanfarin ár,“ segir í ályktun þings Landsambands lögreglumanna sem var haldið í vikunni.

Á þingi sambandsins sem er haldið annað hvert ár koma lögreglumenn alls staðar að af landinu til að þinga um starfsumhverfi og kjör. Yfirskrift þingsins var: Löggæsla á brauðfötum, sem endurspeglar áhyggjur lögreglumanna af manneklu. Tekin er fram sú staðreynd að



Lögreglumenn lýsa yfir áhyggjum af ráðningarmálum innan lögreglunnar. Stöður lögreglumanna séu æ sjaldnar auglýstar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

árið 2007 var fjöldi lögreglumanna á Íslandi 712, árið 2016 er fjöldi þeirra 653 en samkvæmt skýrslum ríkislögglustjóra hefði fjöldi lögreglumanna á Íslandi átt að vera að lágmarki 840.

Þingið ályktaði einnig um menntunarmál lögreglumanna og telur til góðs að færa lögreglunám á háskólastig og lengja námið en verri að áformin hægja á endurnýjun í stéttinni. „Það að leggja niður Löggluskólann í núverandi mynd er galið á meðan fyrsti árgangur lögreglumannsefna er í hinu nýja

653

Lögreglumenn starfa á Íslandi. Lágmarksfjöldi er 840.

námi. Þrjú ár án endurnýjunar í stéttinni gengur einfaldlega ekki upp,“ segir í ályktuninni og er þess krafist að þeim lögreglumönnum sem þar starfa verði tryggt starf innan lögreglu, við kennslu lögreglufræða. – kbg



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

EFNISFRÆÐI OG ORKUUMBREYTING

2. maí kl. 13:00-17:00

Áskoranir í efnisfræði

Málstofa um efnisfræði og orkuumbreytingu, mánudaginn 2. maí í HR, stofu M209

Málstofan er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi. Hún er þriðja í röð fjögurra málstofa sem fjalla um: lífstoðefni, ál, efni sem notuð eru við orkuumbreytingu og áskoranir á sviði jarðhita.

Dagskrá:

13:00-13:30

Importance of Materials Science and Engineering for Renewable Energy Systems

Guðrún Sævarsdóttir, forseti tækni- og verkfræðideildar HR

13:30-14:00

Nanoscience for Cleaner, Smarter Energy

Heiner Linke, prófessor við Háskólann í Lundi

14:00-14:30

The Potential Use of Rare Earth Elements for Improving the Efficiency of Energy Conversion Devices

Georges Kipourous, prófessor og forseti verkfræðideildar Háskólans í Saskatchewan

14:30-14:45 Kaffihlé

14:45-15:15

The Conversion from Carnot to Gibbs Free Energy Systems

Porsteinn I. Sigtússon, prófessor og forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

15:15-15:45

Alternative Fuels

Ágústa S. Loftsdóttir, sérfræðingur hjá Orkustofnun

15:45-16:15

PhotoVoltaics-Solar Energy Converted to Electricity

Halldór Guðfinnur Svavarsson, dósent við tækni- og verkfræðideild HR

16:15-16:45

Liquid Metal Batteries: Technology, Applications and Alternatives

Rauan Meirbekova, sérfræðingur við Háskólann í Reykjavík

Málstofan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Nánar á hr.is

Fundaröð um efnisverkfræði er styrkt af samfélagssjóði Alcoa.



Starfsfólk fiskvinnslu Iceland Group í Grimsby er óánægð með framgöngu fyrirtækisins og hefur leitað á náðir verkalýðssamtaka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Starfsmönnum fiskvinnslu hótað uppsögn

Starfsfólk fiskvinnslu Icelandic Group í Grimsby nýtur aðstoðar verkalýðsfélaga í Bretlandi og alþjóðasamtaka vegna framgöngu fyrirtækisins í kjaraviðræðum. Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins segir framkomuna vera ótæka.

VINNUMARKAÐUR Alþjóðasamtök launafólks í matvælaíðnaði, ferðaþjónustu og landbúnaði (IUF) hafa leitað til Starfsgreinasambandsins vegna samskipta sinna við fyrirtækið Icelandic Group.

Fiskvinnsla Icelandic Group, Icelandic Seachill í Grimsby, stendur í samningum við starfsfólk sitt sem er allt annað en ánægð með kjör sín.

Frá apríl 2016 ber atvinnurekendum í Bretlandi að greiða samkvæmt lögum um lágmarkslaun um það bil 1.300 krónur á tímann fyrir starfsfólk 25 ára og eldra. Þeirra á meðal er fyrirtækið Icelandic Seachill sem ber að hækka laun um 400 starfsmanna.

Í verksmiðjunni er gerð krafa um mikla yfirvinnu og vinnur starfsfólkið 10-20 yfirvinnutíma á viku. Fyrir yfirvinnuna hefur verið greitt 50 prósentum herra tímakaup. Samhliða hækkun grunnlaunanna ákvað Icelandic Group að endursemja við hvern starfsmann og lækka laun fyrir yfirvinnu í 25% prósentum herra tímakaup.

Starfsgreinasambandið hefur brugðist við þessu með því að koma athugasemdum á framfæri við Icelandic Group en fyrirtækið er í eigu Framtakssjóðs Íslands. Í lýsingu Starfsgreinasambandsins á heimasíðu sinni er greint frá því að þeir starfsmenn sem hafi ekki verið tilbúnir að semja um skert yfirvinnuálag hafi fengið hótunarbref

Að hóta uppsögnum er valdbeiting sem á hvergi að eiga sér stað.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins



400

starfsmenn Icelandic Seachill ættu að fá hærri laun lögum samkvæmt í Bretlandi.

þar sem þeim er gefinn sá kostur að endursemja eða missa vinnuna.

„Við lýsum yfir þungum áhyggjum af félögum okkar í Grimsby og lýsum yfir fullum stuðningi við kröfur þeirra. Það er ófært að íslenskt fyrirtæki hagi sér með þessum hætti og við krefjumst þess að íslenskt fyrirtæki komi fram við starfsfólk sitt af virðingu og sanngirni hér á landi og erlendis. Að hóta uppsögnum er valdbeiting sem á hvergi að eiga sér stað,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

kristjanabjorg@frettabladid.is

HAPDRÆTTI



VILTU VINNA ÍBÚÐ?

SEX

ÍBÚÐIR DREGNAR ÚT Á ÁRINU

Nýtt happdrættisár byrjar 10. maí

- * Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu, heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.
- * Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða.
- * Miðaverð er 1.500 kr. á mánuði og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757



Fylgstu með okkur á Facebook



„Við þökkum þér fyrir að taka þátt í Hapdrætti DAS og gera með því líf okkar hér á Hrafnistu betra.“

VINNINGUR Í HVERRI VIKU

1. MAÍ

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ FÉLAGA OKKAR Í KRÖFUGÖNGUM Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI Á DEGI VERKALÝÐSINS.

Eftir kröfugöngur er félagsmönnum Byggingarboðið í kaffi:

REYKJAVÍK
Grand hóteli Reykjavík,
Gullteig, Sigtúni 38

AKUREYRI
Hofi, Strandgötu 12

Fjölmennum!



BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Málsvari byggingamanna

Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis

Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis kemur saman til fundar í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36 frá 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til yfirkjörstjórnar í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, föstudaginn 13. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælt til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.island.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

28. apríl 2016.
Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,

Jónas Þór Guðmundsson,
Guðrún Sesselja Arnardóttir,
Elín Jóhannsdóttir,
Ástríður Sólrún Grímsdóttir,
Eysteinn Jónsson.

Segir mikinn áhuga á óskráðum ríkiseignum

Samningur um hvernig haga á sölu stöðugleikaeigna verður gerður opinber á næstunni. Áhersla verður á opið söluferli að sögn fjármálaráðherra. Mikill áhugi sé á ákveðnum óskráðum eignum. Selja á megnið af eignunum fyrir árslok.

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðuneytið mun opinbera samning við félagið Lindarhvol ehf. um með hvaða hætti eigi að standa að sölu eigna, sem féllu ríkinu í skaut með svokölluðum stöðugleikaframlögum, á næstunni. Lindarhvol, sem er í eigu ríkisins, á að sjá um að selja eignirnar, að eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka undanskildum, en sá hlutur er í umsjá Bankasýslu ríkisins.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur gefið út að stefnt sé að því að koma meginþorra eignanna í verð fyrir áramót. „Við metum það svo að þegar þetta eignasafn hefur verið greint, þá eigi að vera hægt á tiltölulega skömmum tíma að finna nýja eigendur að mjög stórum hluta eignanna en ég vek athygli á því að þetta er fjölbreytt eignasafn.“ Í áliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi um stofnun félagsins kom fram að ráðuneytið áætlaði að félagið myndi ná að fullnusta 80% verðmæta eignanna innan 18 mánaða.

Auðvelt eigi að vera að koma skráðum bréfum í verð og ákveðnum óskráðum eignum. „Það er mikill áhugi, vitum við, á sumum af óskráðu eignunum þannig að það ætti að vera tiltölulega auðsött að koma þeim í verð,“ segir Bjarni.

„Í því samhengi þá er auðvitað verið að leggja áherslu á opið ferli, að það sé gætt að því að fá hámarksvirði fyrir eignirnar og jafnræði,“ segir hann um samninginn við Lindarhvol.

Ríkinu var með stöðugleikaframlögum afhentur hlutur í sextán



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra telur að auðsött verði að koma eignum sem ríkið eignaðist með stöðugleikaframlögum í verð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Meðal fyrirtækja sem ríkið eignaðist hlut í

- Sjóvá
- Lyfja
- Dohop
- Reitir
- Auður
- Eimskip
- Lýsing
- Capital

félögum, auk skuldabréfa og fleiri eigna. Með framlögum varð ríkið stærsti hluthafinn í Sjóvá og á 13,67 prósentu hlut í Reutum og hlut í Eimskip, en félögin þrjú eru öll skráð í Kauphöll Íslands. Auk þess á ríkið allt hlutafé í Lyfju, hlut í Lýsingu, Dohop, Auði Capital og fleiri félögum.

„Mín skoðun er sú að þegar horft er til skráðra jafnt sem óskráðra

eigna í þessu eignasafni þá sé ekkert tilefni fyrir ríkið til þess að halda á eignarhlutum og standa í þeim rekstri,“ segir Bjarni.

Stofnun Lindarhvals byggir á lögum sem Alþingi samþykkti í mars. Þegar Bjarni lagði frumvarpið fram í desember átti félagið að heyra undir Seðlabanka Íslands. Við meðferð frumvarpsins hjá efnahags- og viðskiptanefnd var því breytt og ákveðið að félagið heyrði undir fjármálaráðuneytið, en yrði í hæfilegri fjarlægð frá því. Í umsögn Seðlabankans sjálfs kom fram að hann teldi ekki heppilegt að félagið heyrði undir Seðlabankann þar sem eignirnar væru hvorki á forræði né á ábyrgð Seðlabankans.

ingvar@frettabladid.is

Hjónabönd samkynhneigðra lögleidd

FÆREYJAR Færeyska lögbíngið samþykkti í gær, með 19 atkvæðum gegn 14, lög sem heimila samkynhneigðum að ganga í hjónaband.

Þetta var þriðja og síðasta umræða frumvarpsins, sem hefur verið í nefnd frá því í nóvember. Meðal flutningsmanna þess er Sonja Jógvansdóttir, en hún er fyrsti þingmaðurinn í Færeyjum sem ekki hefur farið í felur með samkynhneigð sína.

Málið hefur verið afar umdeilt í Færeyjum og stór orð hafa fallið. Aðeins fáein ár eru síðan varla



Hjónavígslur mega ekki fara fram í kirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

nokkur maður þorði að ljá opinberlega máls á réttindum samkynhneigðra í Færeyjum.

Ný þriggja flokka stjórn Jafn- aðarflokksins, Þjóðveldis og Framsóknar tók við völdum í haust. Sú stjórn lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að boda lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra, en kosningabaráttan hafði að stórum hluta snúist um það mál.

Frumvarpið felur í sér að borgaralegar hjónavígslur samkynhneigðra eru leyfðar en þær mega ekki fara fram í kirkju. – tpt

ÞAÐ ER LIST AÐ KENNA!

Opið fyrir umsóknir í meistaranám í listkennslu til og með 13. maí

Dæmi um námskeið:

Heimspeki menntunar
Skapandi skrif
Listir og menning
Mannert umhverfi
Tálgað og tengt við náttúruna
Leikgerð

Fagurfræði, skynjun og nám
Verkefnastjórnun
Kennslufræði listgreina
Listmeðferð í námi
Frá vinnustofu í kennslustofu
Aðferðir tónlistar í kennslu

Verið velkomin á kynningarfund um námið 3. maí kl. 16:30, í húsnæði listkennsludeildar, Laugarnesvegi 91.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Nánari upplýsingar má finna á www.lhi.is

Prettán taldir af eftir að þyrlla hrapaði í Bergen

NOREGUR Prettán manns eru taldir látnir eftir að þyrlla hrapaði undan vesturströnd Noregs í gær.

Ellefu um borð voru Norðmenn, einn var Breti og einn Ítali. Ellefu lík hafa fundist.

Þyrllan, sem var af gerðinni Eurocopter EC-225 Super Puma, hrapaði í grennd við eyjuna Turøy um klukkan tíu að íslenskum tíma. Talið er að þyrlluspáðarnir hafi losnað áður en þyrllan skall til jarðar. Flugmálayfirvöld í Noregi hafa nú bannað þessa tegund af þyrllum.

Þyrlluspáðarnir fundist á hölm-inum við eyjuna en skrokkurinn sjálfur liggur á 7,6 metra dýpi í sjónum.

Björgunaraðgerð var komið af stað þegar fregnir bárust af slysinu en björgunarmenn voru kallaðir til baka innan nokkurra klukkutíma.

Þetta er mannskæðasta þyrlluslys í Noregi í fjórutíu ár. – tpt

BMW EFFICIENT DYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW X5 PHEV



www.bmw.is

Hrein
akstursánægja



NÝR OG SPARNEYTINN BMW X5 PLUG-IN HYBRID.

BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.790.000 KR.


Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





MICKEY THOMPSON
PERFORMANCE
M/T
TIRES & RUBBERS

TILBOÐ

4x JEPPADEKK 265/70R17
MICKEY THOMPSON STZ

175.000
KR. 139.900
TAKMARKAÐ MAGN

Icetrack ehf. Sími 773 4334
mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á Vernd gegn klámi.

Ísraelar sjá ekki Palestínu

Miko Peled er ísraelskur friðarsinni sem gagnrýnir harðlega aðskilnaðarstefnu Ísraelsríkis gagnvart Palestínunöfnum. Faðir hans var herforingi í ísraelska hernum en vildi snemma ganga til friðarsamninga.

ÍSRAEL „Ísraelar vita ekki að Palestína er til,“ segir ísraelski friðarsinninn Miko Peled. „Þeir vita ekki að hvar sem maður er staddur í Ísrael þá er aðeins tíu mínútna akstur til Palestínu. Þeir vita ekki að einu sinni var þetta land allt Palestína. Þeir vita ekki að Palestínumenn eru til.“

Miko Peled er sonur ísraelsks herforingja, sem hét Matti Peled. Hann þakkar föður sínum fyrir að hafa kynnt menningu og tilveru Palestínumanna fyrir sér.

„Ég ólst upp á heimili þar sem þjóðrækni og sionismi voru í hávegum höfð, með öllum þeim goðsögnum um sköpun Ísraelsríkis sem því fylgja. Faðir minn var einn af herforingjunum í stríðinu 1967 og þekktur sem slíkur. En svo strax á fyrsta fundi ísraelska herráðsins eftir stríðið, þá stóð hann upp og sagði að við þyrftum að semja um frið við Palestínumenn.“

Á heimilinu talaði faðir hans hiklaust um Palestínumenn þegar fólk þorði ekki að taka sér þetta orð í munn.

„Við kölluðum þá hryðjuverkamenn, við kölluðum þá araba, við heyrðum aldrei þetta orð. En heima var faðir minn að tala um Palestínumenn og um PLO, Frelshreyfingu Palestínumanna, sem var eins og að tala um sjálfan djöfulinn.“

Peled segir föður sinn hafa trúað á tveggja ríkja lausnina, þannig að Palestínumenn fengju Vesturbakkann og Gasasvæðið með takmörkuðum réttindum. Sjálfur telur hann tveggja ríkja lausnina vera blindgötu.

„Þetta er eitt ríki og verður það. Eina spurningin er hvort þetta verður aðskilnaðarríki með sérréttindi handa mér á kostnað Palestínumanna, eða á þetta að vera ríki þar sem borin er virðing fyrir réttindum allra íbúa? Við erum nýlenduherrarnir, rétt eins og hvíta fólkíð í Suður-Afríku. Þannig er raunveruleikinn.“



Miko Peled lýsir reynslu sinni í bókinni *Sonur herforingja – ferðalag Ísraelsmanna um Palestínu*. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

●● **Við erum nýlenduherrarnir, rétt eins og hvíta fólkíð í Suður-Afríku. Þannig er raunveruleikinn.**

●● **Það er ekki við öðru en að búast en að þar sem kúgun er þar sé andspyrna. Það er ekki hægt að kenna andspyrnunni um, segja hana vandamálið, því það væri engin andspyrna ef ekki væri fyrir hernámið og kúgunina.**

Hann gerir sér litlar vonir um að þetta breytist á næstunni.

„Rasistasamfélög breytast ekki af fúsum og frjálsum vilja. Hvíta fólkíð í Suður-Afríku lét af aðskilnaðarstefnunni vegna þess að það átti ekkert val, ekki vegna þess að það ákvað allt í einu að koma vel fram. Og það er held ég það sem þarf að gerast í Ísrael. Það þarf að sniðganga vörur, það þarf að samþykkja refsiaðgerðir og einangra Ísrael rétt eins og gert var við Suður-Afríku alveg þangað til ísraelskt samfélag áttar sig á því að það á engan annan kost en að leyfa raunverulegu lýðræði að verða að veruleika og virða réttindi Palestínumanna.“

Hvað með þann ótta við hryðjuverk sem Ísraelar segjast búa við alla daga? „Í fyrsta lagi er sá ótti ekki réttmætur. Og í öðru lagi þá er ekki

við öðru en að búast en að þar sem kúgun er þar sé andspyrna. Það er ekki hægt að kenna andspyrnunni um, segja hana vandamálið, því það væri engin andspyrna ef ekki væri fyrir hernámið og kúgunina.“

Hann er spurður hvað þurfi til að opna augu Ísraela. „Það þarf að berja þá í hausinn. Þeir líta á alla andstöðu sem framlengingu á gyðingahatri. Þeir sjá ekki að þeir sjálfir geri nokkru sinni neitt rangt. Það eina sem hægt er að gera er að berja þá í hausinn svo þeir vakni og sjái að heimurinn hefur breyst, rétt eins og hvíta fólkíð í Suður-Afríku. Dag nokkurn vöknudu hinir hvítu íbúar Suður-Afríku og sáu að Nelson Mandela var orðinn forseti þeirra. Það var allt og sumt. Þetta þarf að gerast í Palestínu líka.“

gudsteinn@frettabladid.is

Sumargötur

Mannlífinu verður gefið aukið pláss í miðborginni frá 1. maí – 1. október.

Eftirfarandi götum hefur verið breytt í sumargötur: Pósthússtræti við Kirkjustræti, Laugavegi frá Vatnsstíg að gatnamótum Bankastrætis og Þingholtsstrætis og Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti.



„Ég mæti vegna þess að samstaðan er okkar styrkur.“
DADI RÚNAR PÉTURSSON,
SÉRFRÆÐINGUR HJÁ VR



„Ég mæti vegna þess að jöfnuður býr til betra samfélag.“
KRISTÍN HAUKSDÓTTIR,
VERKEFNISSTJÓRI
HJÁ LJÓSMYNDASAFNI
REYKJAVÍKUR



„Ég mæti vegna þess að ég vil að menntun sé metin til launa.“
REGÍNA LAUFDAL AÐALSTEINSDÓTTIR,
LEIKSKÓLALIÐI



„Ég mæti vegna þess að ég vil geta búið og starfað á Íslandi.“
SVANBORG HILMARSDÓTTIR,
RAFVIRKI

„ÉG MÆTI - EN ÞÚ?“

VIÐ LAUNAFÓLK EIGUM SAMEIGINLEGRA HAGSMUNA AÐ GÆTA ÓHÁÐ ÞVÍ VIÐ HVAD VIÐ STÖRFUM FRÁ DEGI TIL DAGS.



„Ég mæti vegna þess að laun eru of lág miðað við lágmarksframfærslu.“
JÓN SVAVAR ÚLFLJÓTSSON,
BRÉFBERI



„Ég ætla að mæta – en þú?“
PETRÍNA RAGNA PÉTURSDÓTTIR,
TRÚNAÐARMADUR HJÁ VR



„Ég mæti vegna þess að það þarf að verja sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.“
HÖRÐUR AÐALSTEINSSON,
UMSJÓNARMADUR
VÖRUBÍLAVERKSTÆÐIS



„Ég mæti vegna þess að það þarf að standa vörð um réttindi okkar launafólksins.“
EINAR KRISTJÁN HILMARSSON,
SMÍÐAKENNARI

1. maí DAGSKRÁ

SÝNUM STYRK OKKAR OG STÖNDUM SAMAN ÖLL SEM EITT!

- Kl. 13.00 Safnast saman á Hlemmi**
- Kl. 13.30 Gangan leggur af stað**
Lúðrasveitir leika í göngunni
Örræður á leið göngunnar niður Laugaveg
Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar taka á móti göngunni á Ingólfstorgi
- Kl. 14.10 Fundarstjóri Þórarinn Eyfjörð setur fundinn**
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, heldur ræðu
Samúel Jón Samúelsson Big Band
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, heldur ræðu
Samúel Jón Samúelsson Big Band, Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar
Lúðrasveitir, Samúel Jón Samúelsson Big Band og Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar syngja og spila Maístjórnum og „Internationalinn“
Hulda Halldórsdóttir syngur á táknmáli
- Kl. 15.00 Hvatningarorð fundarstjóra frá aðstandendum fundarins**

MUNIÐ BARÁTTUKAFFI STÉTTARFÉLAGA AÐ FUNDI LOKNUM



SAMSTAÐA
-SOKN TIL
NÝRRRA SIGRA

MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN
– SAMSTAÐAN ER OKKAR STYRKUR!



OPIÐ

ALLA HELGINA

Laugardagur
30. APRÍL
opið 10⁰⁰-18⁰⁰

Sunnudagur
1. MAÍ
opið 13⁰⁰-17⁰⁰



Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



25%

**BARA UM
HELGINA**

AFSLÁTTUR

af öllum vörum*

* Gildir ekki af vörum frá Skovby



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

Sporin hræða



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fjármálaráðherra tilkynnti á dögunum að stofnsett hefði verið einkahlutafélagið Lindarhvoll, sem á að annast umsýslu þeirra eigna sem lagðar eru til ríkissjóðs sem hluti af svokölluðu stöðugleikaframlagi fjármálaframtækja.

Þetta er mikilvægur hluti af risavöxnu eignafarsali sem fram undan er. Feitustu bitarnir eru stóru viðskiptabankarnir þrír: Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn. Þeir tveir síðastnefndu eru í eigu ríkisins – reyndar á hendi Bankasýslunnar ekki Lindarhvols – en Arion banki er enn sem komið er í eigu kröfuhafanna sjálfra. Þeir munu vafalaust reyna að selja hann um leið og tækifæri gefst.

Fjármálaráðherra hefur gefið út að hann vilji sjálfur selja bæði Landsbankann og Íslandsbanka. Skoðanir eru skiptar innan samstarfsflokksins. Flestir stjórnarliðar virðast þó sammála um að það teljist óheilbrigð ástand að ríkið eigi tvo af þremur risum á fjármálamarkaði. Ekki sist ef sá þriðji verður seldur í hendur innlendum kaupendum, þar sem lífeyrissjóðirnir verða nánast örugglega fyrirferðarmiklir. Það er varla heilbrigð ástand að heill markaður sé í höndum hluthafa sem sýsla með annarra manna fé, og eiga ekkert undir því sjálfir að vel sé staðið að málum.

Umfjöllun fjölmiðla um stofnun Lindarhvols einkenndist fyrst af ódagoti vegna misskilnings um að Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra yrði sjálfur stjórnarformaður félagsins. Nú er erfitt að réttlæta fréttatvöng sem var beinlinis rangur, en kannski má sjá aumur á fréttastofu RÚV eftir það sem á undan er gengið. Ekki er nema eðlilegt og mannlegt að Íslendingum renni kalt vatn milli skinns og hörunds þegar heyrt er minnst á einkavæðingu ríkisbanka. Sporin hræða, svo einfalt er það.

Þess vegna verður að vanda til verka í þetta skiptið. Verkferlar verða að vera hafnir yfir allan vafa og áherslur ríkisins við sölu á þessum eignarhlutum ætti að gefa út opinberlega þannig að hægt sé að halda stjórnvöldum við efnið. Ekki myndi spilla ef hægt væri að vinna málin í pólitískri sátt. Það er því miður ljóður á ráði íslenskra stjórnvalda að hér eru gjarnan höfð endaskipti á hlutunum þegar nýir valdhafar setjast í stjórnarráðið. Það yrði ekki góð niðurstaða í þessu risavaxna máli.

Gæti til dæmis náðst pólitískt samstaða um að rétt sé að halda Landsbankanum í ríkiseigu, en Íslandsbanki og Arion banki verði seldir?

Íslensk viðskiptasaga alla tuttugustu öldina einkenndist af samkrulli stjórnvalda og viðskipta. Fáar útvaldar fjölskyldur og kunningjahópar deildu og drottnuðu, áttu fyrirtækin, gegndu lykilhlutverkum á sviði stjórnvalda og útdeildu gæðunum eftir því.

Slik vinnubrögð biðu skipbrot í bankahruninu. Það er mikill munur á því að byggja upp arðbær fyrirtæki og auðgast af eigin rammleik, eða í skjóli ríkisvaldsins.

Nú þarf að forðast forarpyttinn. Höfum allt uppi á borðum og gerum hlutina með þeim hætti að þeir standist skoðun afkomenda okkar – og færi þeim heilbrigðara atvinnulíf.



Það er varla heilbrigð ástand að heill markaður sé í höndum hluthafa sem sýsla með annarra manna fé.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Ein þjóð, öll við sama borð

Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur með kröfugöngu í fyrsta sinn hér á landi 1. maí 1923. Bládamanni Morgunblaðsins fannst lítið til göngunnar koma og fór hann um hana háðuglegum orðum. Hann sagði þátttökuna hafa verið dræma, börn og kvenfólk hafa verið þar í meirihluta og „svo fátt af fullorðnum, verkfærum mönnum að það vakti almenna eftirtekt.“ Gönguna kallaði hann „meinlausan og gagnslausan skopleik“.

Við upphaf 20. aldarinnar beið verkalýðshreyfingarnar mikió verk. Misskipting auðs í íslensku samfélagi var sláandi eins og sjá má á eftirfarandi árslaunum fólks á heimastjórnartímabilinu:

- Hannes Hafstein, ráðherra: 8.000 krónur
- Klemens Jónsson, landritari: 6.000 krónur
- Skrifstofustjórnarnir í Stjórnarráðinu: 3.500 krónur
- Emil Schou, bankastjóri Íslandsbanka: 8.000 krónur
- Bókarar í Íslandsbanka: 1.800 krónur
- Skipstjórnar: 3.000 krónur
- Trésmiðir: 1.500 krónur
- Verkamenn: 500 krónur
- Verkakonur: 250 krónur
- Stórkaupmenn: Um 10 þúsund króna hagnaður á ári

Misskiptingin birtist jafnframt skýrt í ólíkum húsa-kosti landsmanna. Tryggvi Emilsson rithöfundur fæddist við upphaf 20. aldar. Hann lýsti þannig íbúð sem fjölskylda hans bjó í á Akureyri þegar hann var barn:

„Ekki var þetta stórt í sniðum, eitt herbergi undir súð og aðgangur að eldhúsi þar sem önnur hjón barnmörg áttu sitt matborð, þar sem vanfær kona stóð við eldaveilina, gerði mat og þvodi þvotta. Engin upphitun var í húsinu nema frá eldaveilinni... Engin hurð var á dyrum á loftskörinni en strigapoki hengdur fyrir opið. Stíginn upp á loft var opin með mjóum þrepum bröttum, um þann stiga varð að bera allt vatn sem sótt var í brunn sem margir jusu úr. Allt skólþ og annar úrgangur var borinn út í fjöru og þar var losað úr náttgöngum og eins úr útikamri sem of margir gengu um.“

Um sama leyti reisti athafnamaðurinn Thor Jensen

sér hús við Frikirkjuveg 11 í Reykjavík. Var húsið byggt í ítölskum villustil, skreytt klassísku skrauti og súlum. Í því voru 15 herbergi auk eldhúss. Þar var billjarðstofa og vinkjallari og þegar veislur voru haldnar gátu 24 setið til borðs í borðstofunni. Þó að hvorki væri komin rafveita né vatnsveita í Reykjavík þegar húsið var byggt var bæði rennandi vatn og rafmótor til lýsingar í húsinu.

Lög og leikreglur

Svo djúp gjá var milli ríkra og fátækra við upphaf 20. aldar að segja má að í efnahagslegum skilningi hafi búið hér tvær þjóðir.

En við tóku betri tímar. Ólíklegt er að nokkur landsmanna þurfi í dag að notast við strigapoka í stað hurða eins og Tryggvi Emilsson. Eitt hefur þó ekki breyst.

Panama-skjöldin sem hafa verið efst á baugi síðustu vikur hafa varpað ljósi á alvarlegt samfélagsmein: Þótt við Íslendingar búum kannski öll við sömu lög og reglur búum við svo sannarlega ekki öll við sömu leikreglur. Hér búa enn tvær þjóðir.

Hliðarveruleiki til sölu

Hópur fólks kaupir sér nú aðgang að hliðarveruleika íslensks samfélags, einhvers konar stétt æðri amlóða sem rugluðu Panama saman við Dolce og Gabbana og héldu að þeir væru að kaupa sér sólgleraugu en ekki skattaskjól þegar þeir skrifuðu undir pappíra frá Mossack Fonseca. Þegar kemur að fyrverandi ríkiseignum býr þjóðfélags-höpurinn yfir aðdráttarafi á við heila plánetu með hafnarmargar þonar lánalínur og fjöldi tungla sem hverfast kringum Júpiter. Massi holdgus hópsins sem gæðir sér á spældum gullgæsaeggjum með beikoninu sínu á morgnana er svo mikill að hann skilur eftir sig svarthol í tíma, rúmi og sameiginlegum koffortum samfélagsins.

Árið 1923 þótti bládamanni Morgunblaðsins kröfuganga verkalýðsins eiga lítið erindi við Íslendinga. Á morgun, 1. maí, höfum við þó enn á ný ástæðu til að koma saman og krefjast réttlátara samfélags. Óskinn er einföld: Ein þjóð, öll við sama borð.



Embassy – Housing

The American Embassy, is seeking to lease a house in the Reykjavik area (101,103,104,105,107,108 and 170) as of August 1st, 2016.

Required size is 180 – 300 square meters, 2 bathrooms, garage and permission to keep pets.


Lease period is for 3 years. Please send an e-mail to: sveinsson@state.gov before May 13th with information about the location (street and house number) and phone number of the contact person showing the property.

Sendiráð – Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu Hús miðsvæðis á Reykjavíkursvæðinu (101,103,104,105,107,108 og 170) frá 1. Ágúst 2016.

Æskileg stærð 180 – 300 fermetrar, 2 badherbergi, Bílskur og leyfi til að hafa gæludýr.




Leigutími 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinsson@state.gov fyrir 13. maí með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.



FÆÐI, KLÆÐI, HÚSNÆÐI FYRIR ALLA!

Þúsundir barna á Íslandi líða skort, eiga foreldra sem hafa ekki tekjur sem duga og geta ekki tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra. Í einu ríkasta samfélagi heims fá 6.100 börn ekki nóg að borða, búa í ófullnægjandi húsnæði eða eiga ekki nema eitt par af skóm sem passar.

Hittumst við Hlemm 1. maí kl. 13 og göngum eða rúllum saman gegn fátækt.



Morgunblaðið DV Fréttablaðið

ÓSKABÖRN OG ÆFUNNAR

ILLSKA
í samstarfi við Borgarleikhúsið

LOKASÝNING
Laugardaginn 30. apríl

www.borgarleikhus.is 568 8000

Byggjum samfélag jöfnuðar, réttlætis og virðingar!



Sema Erla Serdar formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar og frambjóðandi til varaformanns Samfylkingarinnar

Allir þjóðfélagsþegnar skulu, fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín," segir í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948 og gott er að rifja upp í tengslum við alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins.

Að óttast um einkalíf og afkomu sína er engum auðvelt. Að þurfa að berjast fyrir því að geta náð endum saman er stada sem enginn vill upplifa. Óvissa er tilfinning sem allir vilja forðast. Mikilvægasta hlutverk þeirra sem fara með völd hverju sinni hlýtur að vera að sjá til þess að grundvallarlífsgæði allra séu tryggð og að allir geti lifað mannsæmandi lífi. Slikt er undirstaða þess að búa í réttlátu og jöfnu samfélagi.

Í dag einkennist íslenskt samfélag hins vegar af stefnuleysi, óstöðugleika og átökum. Síðustu ár hafa einkennst af mikilli ólgu og krafan um aukinn jöfnuð, réttlæti og velferð

verður háværari með hverjum deginum sem líður. Það er löngu tímabært að bæta lífsgæði fólks á Íslandi og það er löngu tímabært að bæta kjör þeirra sem höllum fæti standa í samfélaginu.

Mannaúður er uppistaða allra samfélaga, hvort sem það er í atvinnulífinu eða á öðrum sviðum samfélagsins. Til þess að íslenskur vinnumarkaður geti verið samkeppnishæfur um vinnuafli þarf að bregðast við þeirri kröfu að almennin geti lifað sómasamlegu lífi á launum sínum.

Gripa þarf til aðgerða

Til þess að koma í veg fyrir frekari landflotta ungs fólks þarf að gripa til aðgerða. Það þarf m.a. að greiða úr þeim vanda sem er kominn upp á húsnæðismarkaðinum. Fjölga þarf stuðningsúrræðunum og auka þarf framboðið á góðu og hagnýtu húsnæði.

Gripa þarf til aðgerða til þess að greiða fyrir möguleikum fólks á menntun frekar en að draga úr þeim eins og verið er að gera. Allir eiga að geta stundað nám, óháð efnahag eða aldri. Bæta þarf kjör ungra og barnafjölskyldna svo þeim hugnist að búa og starfa á Íslandi, t.d. með hækkingu hámarksgræðslu og lengra fæðingarorlofi.

Heilbrigðisþjónusta á að vera gjaldfrjálst fyrir alla. Bæta þarf kjör eldri borgara, t.d. með því að bæta úr húsnæðisvalkostum og möguleikum þeirra til þess að vinna



Við þurfum að endurmóta íslenskt samfélag í anda jafnaðarstefnunnar þar sem félagslegt og efnahagslegt réttlæti allra er tryggt. Að enn þurfi að berjast fyrir mannsæmandi lífi og virðingu allra árið 2016 er óásættanlegt.

lengur án þess að skerða kjörin. Tryggja þarf að allir einstaklingar, óháð líkamlegu og andlegu atgervi, njóti mannsæmandi lífskjara og jafna möguleika til sjálfstæðs lífs og virkrar samfélagslegrar þátttöku og útrýma þarf fátækt á Íslandi.

Verkefni framundan eru mörg og hér eru einungis nefnd nokkur þeirra en samfélag stefnuleysis og óstöðugleika er samfélag sem við hljótum að hafna. Við þurfum að endurmóta íslenskt samfélag í anda jafnaðarstefnunnar þar sem félagslegt og efnahagslegt réttlæti allra er tryggt. Að enn þurfi að berjast fyrir mannsæmandi lífi og virðingu allra árið 2016 er óásættanlegt.

Allir undir grun eða allt upp á borðið



Rósa Guðmundsdóttir framleiðslustjóri G.Run í Grundarfirði



Nú skulum við hafa það á hreinu að ég vil að saknæmt athæfi komist upp.

Við hjá Reykjavík Media leitum eftir aðstoð fólks sem býr yfir upplýsingum um aflandsfélög fyrirtækja og einstaklinga sem tengjast íslenskum sjávarútvegi. Svona hljómar ósk hins þrýðilega fjölmiðlamanns Jóhannesar Kr. Kristjánssonar þessa dagana og boðuð er umfjöllun um aflandsfélög og sjávarútveg.

Nú skulum við hafa það á hreinu að ég vil að saknæmt athæfi komist upp. Hagsmunir almennings felast í því að mál fái eðlilegan framgang innan réttarkerfisins og séu til lykta leidd fyrir dómstólum. Hins vegar finnst mér erfitt að setta mig við að allir þeir sem starfa við, nú eða tengjast, heilli atvinnugrein þurfi að setta sig við að hafa stöðu grunaðra hjá fjölmiðlum og almenningi um óákveðinn tíma. Hvað þá að alhæft sé um stóran atvinnuveg vegna einhverra sem kunna að hafa starfað við hann eða tengst honum og gert eitt-hvað misjafnt.

Ég er stolt af því að starfa í sjávarútvegi. Í starfi mínu sem framleiðslustjóri sjávarútvegsfyrirtækis geri ég mitt allra besta alla daga. Ég vil framleiða góða vöru, að starfsfólkinu líði vel og fyrirtækið standi vel. Satt best að segja held ég að mér hafi tekist ágætlega upp. G.Run í Grundarfirði fær góð verð fyrir vörur sínar, íslenskur sjávarútvegur þykir hvarvetna erlendis til fyrirmyndar þegar kemur að sjálfbærni og tekjustreymi til samfélagsins.

Sjávarútvegur er mjög stór atvinnuvegur á Íslandi. Það fólk sem ég þekki í greininni á það sammerkt að

vera stolt af því sem það gerir, tekur ábyrgð sína alvarlega og vill vinna af heilindum að hverju sem það tekur sér fyrir hendur. Vitanlega get ég ekki talað fyrir alla; ekki frekar en framkvæmdastjóri tæknifyrirtækja getur talað fyrir öll fyrirtæki. Þess vegna finnst mér líka ósanngjarnt að ég og annað fólk sem ekkert hefur til saka unnið þurfi sifjellt að sæta dylgjum um svik, pretti, aflandsfélög, arðran og þaðan afverra. Oft á grundvelli gamalla kjaftasagna um útgerðir og útgerðarmenn sem eru ekki einu sinni lengur til.

Hafi fólk selt sig úr greininni og grætt á því peninga ætla ég að af hagnaðnum hafi verið greiddur tekjuskattur og veiðiheilmildirnar séu nú í eigu fyrirtækja í rekstri hjá fólki sem hefur keypt heimildirnar í von um að reka fyrirtæki sín með sóma í alþjóðlegri samkeppni.

Ég er á móti skattaskjólum, tek hlutverk mitt sem stjórnandi alvarlega og vil að sjávarútvegurinn skili áfram miklum tekjum til samfélags okkar. Ég er reyndar afskaplega stolt af því að hvergi í heiminum virðist hann skila samfélaginu jafn miklum tekjum samkvæmt greiningum OECD. Erindi mitt með þessu bréfi er að biðla til fólks um að vera heiðarlegt en um leið að dylgja ekki um annað fólk eða alhæfa um heilar atvinnugreinar út frá einstaka fólki eða kjaftasögum. Ég hvet því fjölmiðlamenn og aðra sem kunna að hafa gögn um saknæmt athæfi, eins og skattsvik í forum sínum, að gera lögreglu viðvart um málið.

1. MAÍ

Félagsmenn fjölmönnum og tókum þátt í kröfugöngu og útifundi 1. maí.

Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13:00 og hefst gangan hálf tíma síðar.

Kl. 14:10 hefst útifundur á Ingólfstorgi.

Boðið verður upp á kaffi að útifundi loknum í Gullhömrum Grafarholti, frá kl. 15:00 - 17:00.



VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTEKNIMANNA

Stöndum saman!

Á þessu ári fagnar Alþýðusamband Íslands 100 ára afmæli sínu. Í gegnum tíðina hefur verkalýðshreyfingin haft mótandi áhrif á velferðarsamfélagið og mun halda áfram að berjast fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks um ókomna tíð.

Um leið og við minnumst þeirra sem á undan okkur hafa gengið skulum við hafa í huga að baráttunni er hvergi nærri lokið. Staða erlends verkafólks og ungs fólks á vinnumarkaði er áminning um að réttindi launafólks eru ekki sjálfgefin.

Upphitun hefst með skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna í **Fjölskylduhlaupi VR** á Klambratúni kl. 11. Jónsi í Svörtum fötum, Íþróttarálfurinn, Trúðurinn Wally, Sirkus Íslands, pylsur og gos, kröfuskiltagerð og margt fleira.

Mætum í 1. maí kröfugönguna kl. 13 á Hlemmi og sækjum fram til nýrra sigra.

Minum líka á árlegt verkalýðskaffi VR í Laugardalshöll að loknum útifundi.

Til hamingju með daginn!



Mannréttindi, börn og betra samfélag



Það er að mínum dómi gríðarlega mikilvægt að við leggjum enn frekari áherslu á samfélagsábyrgð og skilning á lýðræði og virðingu fyrir því í starfi grunnskólanna.



Páll Valur Björnsson
varábyrgðsformaður og þingmaður Bjartrar framtíðar

Þann 15. mars síðastliðinn var samþykkt þingsályktunartillaga mín og annarra talsmanna barna á Alþingi um að fela innanríkisráðherra í samráði við mennta- og menningarmála-

ráðherra að beita sér fyrir því að 20. nóvember, dagurinn sem barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur, verði ár hvert helgaður fræðslu um mannréttindi barna í skólum landsins.

Þetta markar vonandi tímamót í fræðslu barna um réttindi þeirra og skyldur. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Sáttmálinn hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi og tryggir

öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun.

Réttindaskólar

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, á Íslandi er að hrinda í framkvæmd afar áhugaverðu verkefni sem þau kalla Réttindaskóla. Þetta tilraunaverkefni fer af stað hér á landi í haust með þremur skólum, tveimur frístundaheimilum og einni félagsmiðstöð. Þetta er vinnulíkan sem hefur verið framkvæmt með frábærum árangri í Bretlandi, Kanada og fleiri löndum en það

leiðbeinir skólum og frístundaheimilum við að innleiða Barnasáttmálann á einfaldan hátt. Öll börn og starfsfólk fá ítarlega fræðslu um réttindi barna – og réttindin eru síðan samofin öllu starfi. Skólar sem vinna eftir þessu fá síðan viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi fyrir að vera réttindaskólar.

Þetta er vonandi aðeins byrjunin á enn frekari innleiðingu á innihaldi barnasáttmálans í íslenskt samfélag og þess að innan fárra ára verði allt skólastarf samofið þessum gríðarlega mikilvæga mannréttindasamningi. Eins og öllum er kunnugt er eitt af meginhlutverkum grunnskólans í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Hvað ungur nemur, gamall temur Mannréttindi og lýðræði eru samofin og órjúfanleg. Samfélag sem ekki tryggir fólki full réttindi og raunveruleg tækifæri til að fá áreiðanlegar upplýsingar, mynda sér skoðanir og tjá þær, stofna félög og koma saman, án ótta við óeðlileg afskipti stjórnvalda, hnýsni þeirra og jafnvel aðfinnslur, þrýsting og ógnanir í orði eða verki er ekki lýðræðissamfélag. Í slíku samfélagi verður lýðræðið orðin tóm. Formlegur réttur í orði en hólur að innan og án nokkurs raunverulegs innihalds. Það er því gríðarlega mikilvægt að börnin okkar sem landið erfa og munu móta framtíð samfélagsins skilji þetta og mikilvægi þess að þau virði og standi saman vörð um þessi mannréttindi allra annarra og sjálfs sín. Og hér á það svo sannarlega við að hvað ungur nemur, gamall temur.

Til að tryggja þetta enn betur hef ég einnig lagt fram frumvarp um að lögum um grunnskóla verði breytt þannig að þar verði kveðið á um að þeir skuli stuðla að skilningi nemenda á mannréttindum auk þess að „stuðla að vísýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn“, eins og þar segir nú og allt er það einnig mjög mikilvægt. Frumvarpið er nú til meðferðar hjá allsherjar- og menntamálanefnd og er það von mín og trú að það muni fá framgang þar og á þingi.

Samfélag góðra gilda

Það er að mínum dómi gríðarlega mikilvægt að við leggjum enn frekari áherslu á samfélagsábyrgð og skilning á lýðræði og virðingu fyrir því í starfi grunnskólanna. Skólakerfið allt frá leikskólastiginu og upp til háskólastigsins eru lykilstofnanir í því að búa börn og ungmenntu undir framtíðina og það hvernig við byggjum upp samfélag sem setur almannahag í forgrunn. Enda viljum við að menntun hvers manns sé metin eftir því hversu hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu samfélagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra.

Það samfélag sem ræktar heiðarleika, kærleika, réttlæti og ábyrgð ásamt hófsemd og auðmýkt og virðir mannréttindi og setur málefni barna sinna í forgang lendir ekki í hruni eða öðrum slíkum ógöngum. Það samfélag setur bönd á græðgina, hafnar hrokanum og metur heiðarleika og ábyrgð miklu meira en munað og auð.



FRÆIÐ



Liffrænar matvörur • Fæðubótarefni • Vistvænar vörur

Fræið er sérdeild Fjarðarkaupa með heilsuvörur. Þar er gott úrval af liffrænum matvörum, vistvænum vörum og fæðubótarefnum.

Við tryggjum þér ferskleika, gæði og úrval.

Fræið
FJARÐARKAUP

Verið velkomin í Fjarðarkaupa

OPÍÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

FK

FJARÐARKAUP

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á
nægum sveti

Íslendingar, það skal takast



David A. Carrillo



Stephen M. Duvernay



Brandon V. Stracener

Það er grundvallaratriði í fulltrúalýðveldi að þjóðin feli stjórninni völd og að þeim sé beitt í þágu þjóðarinnar. Í þessu viðhorfi felst að þjóðin eigi rétt á að breyta eða bæta stjórnina þegar stjórnin hættir að þjóna tilgangi sínum.

sérfræðingar við California Constitution Center, lagadeild Berkeley-háskóla í Bandaríkjunum

Nú veitist Íslandi einstakt tækifæri til að endurskapa eigin stjórnarhætti. Þjóðin tók höndum saman við Alþingi og samdi endurskodaða stjórnarskrá með tilstuðlan Stjórnlagaráðs. Þjóðin samþykkti að leggja skyldi þau stjórnarskrárdrög til grundvallar og beindi til kjörinna fulltrúa einfaldri beiðni um að greiða atkvæði um þau, samþykka umbæturnar eða hafna þeim. Síðan eru liðin yfir þrjú ár og Alþingi hefur ekkert gert. Hvað er framundan?

Í Bandaríkjunum trúum við því að stjórnin sé stjórn þjóðarinnar, á vegum þjóðarinnar, fyrir þjóðina.

Það er kjarninn í fullveldi þjóðar. Þjóðin sköp stjórnina, stjórnin starfar í þágu þjóðar, og þjóðin hefur vald til að endurskapa hana. Reyndar er skýrt ákvæði í stjórnarskrá Kaliforníu, þar sem þessi réttur þjóðarinnar er áskilinn, og þar er skilgreint verkferli til endurbóta á sitjandi stjórn.

Endurskoðun stjórnarskrár eins og mælt er fyrir um hana er fyrsta úrræðið sem má beita við óheilbrigðri stjórn. Þetta hefur íslenska þjóðin reynt án árangurs. Þar með er ekki öllu lokið. Næsta úrræði er að reyna áfram að knýja fram endurbætur og beita þá öllum hefð-

bundnum ráðum og ferlum sem felast í lýðræði. Tjáið ykkur, birtióð skrifað af hálfu þingmanna. Þeir eru í þjónustu ykkar, gefið þeim fyrir-mæli. Takið eftir því hverjir leggja gegn endurbótum og útilokið þá við næstu kosningar. Þjóðin ykkur fram gegn þeim. Missið ekki möðinn, sagan hefur sýnt fram á varanleika lýðræðislegra stofnana undir stjórn þjóðarinnar. Vilji þjóðin frelsi getur hún öðlast það.

Þingmenn hlusti á kjósendur

Sagan birtir okkur annan veruleika varðandi stjórnir sem vilja koma í veg fyrir að þjóðin nái markmiði sínu. Íslenskum þingmönnum væri best að hlusta vel eftir því sem kjósendur segja. Þegar framkvæmd lýðræðisins hrynur og ríkisstjórn brýtur trúnað við borgarana og vinnur að því að sitja sem lengst, en hunsar hagsmuni þjóðarinnar er aðeins eitt úrræði eftir: uppreisn þjóðarinnar.

Þessi lærdómur hefur Bandaríkjamönnum verið dýrkeyptur, þar fer þjóð sem hefur tvívegis endurfæðst eftir byltingu. Sjálfstæðisyfirlýsingin er stefnuyfirlýsing byltingarsinna: þegar stjórnvöld reynast skaðleg



Á Íslandi er aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort þarf að bæta stjórnarhætti eftir löglegum leiðum, eða eftir öðrum leiðum. Við viljum taka skýrt fram að við erum ekki fylgjandi því að valdi sé beitt.

stjórn sinni og endurreisa fallnar stofnanir lýðræðisins.

Á Íslandi er aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort þarf að bæta stjórnarhætti eftir löglegum leiðum, eða eftir öðrum leiðum. Við viljum taka skýrt fram að við erum ekki fylgjandi því að valdi sé beitt. Saga Bandaríkjana einkennist af því að vopnin hafa verið látin tala, og það hefur ekki alltaf gefið góða raun. Hér eru dæmin frá Bandaríkjunum fremur víti til varnaðar en æskileg fyrirmynd. Það liggur ljóst fyrir að íslenska þjóðin á aðeins þriggja kosta völd. (Við lítum ekki á uppgjöf sem valkost.) Nú er komið á daginn að fyrsta ráðið (stjórnarskrárbætur af hálfu þjóðarinnar) hefur reynst gagnslaust. Síðasta úrræðið, bylting, er örþrífarð. Þess vegna væri best að beita öðru ráðinu með ágengum hætti. Kjósið ekki aftur þá stjórnarliða sem hafna samvinnu. Þjóðin ykkur fram gegn þeim. Skiptið þeim út fyrir fulltrúa sem skilja að stjórnin þiggur vald sitt frá þjóðinni. Sagt er að hver þjóð kjósi sér þá stjórn sem hún á skilið. Vilji menn góða stjórn á Íslandi verða þeir að vinna fyrir henni.

Ólaf Pétursdóttir Þýddi

Sjálfstæður réttur barna til beggja foreldra



Þóra Jónsdóttir
verkefnastjóri hjá
Barnaheillum –
Save the Children
á Íslandi



Barnaheill telja að gefa þurfi stöðu og liðan barna sem verða á milli í átökum foreldra eftir skilnað meiri gaum.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er gengið út frá því að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt vera foreldrum eftir huga. Jafnframt er meginreglan sú að börn skuli ekki aðskilin frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema nauðsyn beri til, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt.

Í formála Barnasáttmálans er því lýst að hvert barn eigi að alast upp í fjölskyldumhverfi þar sem ríkir hamingja, ást og skilningur. Sem betur fer býr meirihluti barna á Íslandi við slíkt nærandi og hvetjandi umhverfi.

Þegar foreldrar slíta samvistum, getur veröld barna og foreldra þeirra farið á hvolf og djúp sár geta myndast sem tekur tíma og vinnu að græða. Í flestum tilfellum ganga skilnaðir til-tölulega vel. Samkvæmt rannsóknum ná foreldrar í um 80% tilvika að semja um skilnaðarskilmála án sérstakrar aðstoðar. Í öðrum tilfellum ganga skilnaðir hins vegar ekki jafn vel. Þar ríkir jafnan mikil reiði á milli foreldra, særindi, ásakanir og spennu, og börnin liða þjáningar vegna þess. Þeim er jafnvel gert að taka afstöðu með öðru hvoru foreldrinu gegn hinu og þannig verða þau á milli sem eins konar vopn í valdabaráttu foreldra sinna.

Barnaheill telja að gefa þurfi stöðu og liðan barna sem verða á milli í átökum foreldra eftir skilnað meiri

gaum. Sérstaklega af börnum sem missa tengsl við annað foreldri sitt vegna þessara aðstæðna. Börn bera ekki ábyrgð á vellíðan foreldra sinna og þeim má ekki beita sem vopni í baráttu þeirra um völd. Foreldrum ber skylda til að greiða úr samskiptarfiðleikum án þess að leggja ábyrgð á börn sín í því verkefni. Börn eiga sjálfstæðan rétt á að umgangast og þekkja báða foreldra sína og báðum foreldrum ber að stuðla að því að umgengni gangi vel fyrir barnið, í undantekningartilfellum þarf þó stuðning eða eftirlit yfirvalda.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi skora á foreldra, stjórnvöld og samfélagið allt að gæta þess að börn séu ekki látin bera ábyrgð í deilum foreldra og að börn séu ekki útilokuð frá samvistum við annað foreldri sitt nema að öryggi þeirra sé í raun ógnað. Samtökin biðla til foreldra að hafa hagsmuni barna sinna í forgrunni við allar ákvarðanir sem þau varða.

Öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, vanrækslu og óæskilegum áhrifum, svo sem hatursorðræðu og ógnandi aðstæðum. Þau eiga rétt á að njóta sömu tækifæra til að lifa hamingjuríku lífi og okkur ber öllum skylda til að gæta sameiginlega að því að svo megi verða.

Barnaheill vilja ítreka að börn eru viðkvæmur hópur sem eiga rétt á sérstakri vernd og þau eiga rétt á því að vera virt sem einstaklingar með sjálfstæð réttindi.

Málþing ASÍ og BSRB




Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu almannahagur?

Þriðjudaginn 3.maí 2016 kl. 13.00-16.00 á Hotel Natura

Dagskrá

- 13.00-13.10** Ávörp – Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.
- 13.10-13.50** Rúnar Vilhjálmsson, prófessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild HÍ. Félagslegt heilbrigðiskerfi, einkavæðingin og hagsmunir sjúklinga.
- 13.50-14.30** Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Aukinn einkarekstur á heilbrigðisþjónustu í opinberum kerfum: Helstu einkenni hans og áhrif til lengri tíma.
- 14.30-14.45** Kaffi
- 14.45-15.10** Þórarinn Ingólfsson, formaður Félags íslenskra heimilislækna. Heilsugæsla: Aðgengi, jöfnuður, ábyrgð.
- 15.10-16.00** Pallborðsumræður. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Rúnar Vilhjálmsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, Þórarinn Ingólfsson.



Rúnar

Sigurbjörg

Þórarinn

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs verður Eyrún Magnúsdóttir blaðamaður.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Alþýðusamband Íslands







PEPSI SPÁIN 2016



FH – 1. sæti

SPÁ ÍÞRÓTTAÐEILDAR 365

1. FH	5. Valur	9. ÍBV
2. KR	6. Víkingur	10. IA
3. Stjarnan	7. Fyllkir	11. Víkingur Ólafsvík
4. Breiðablik	8. Fjölnir	12. Þróttur

GENGI FYLKISMANNA UNÐANFARIN SEX SUMUR

2↓	2-	1↑	2↓	2-	1↑
2010 A-deild	2011 A-deild	2012 A-deild	2013 A-deild	2014 A-deild	2015 A-deild

STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM **STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**

Gunnar Nielsen **Pétur Viðarsson**

Færeyski landsliðsmarkvörðurinn er kominn í FH. Trausti miðvörðurinn er hættur eftir góð ár með FH.

ÞJÁLFARI Heimir Guðjónsson

Varð Íslandsmeistari í fjórða sinn sem þjálfari FH í fyrra og hefur tekið þátt í öllum sjö Íslandsmeistaratitlum félagsins frá 2004.

Í BESTA/VERSTA FALLI

12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
----	----	----	---	---	---	---	---	---	---	---	---

FH er best mannaða lið deildarinnar, með besta þjálfarann, bestu umgjörðina og nú mikla sigurhefð eftir góðan áratug.

➔ Bergsveinn Ólafsson er búinn að vera einn besti leikmaður Fjölnis undanfarin ár en fær nú tækifæri til að sýna sig á stóra sviðinu; vinna titla og spila í Meistaradeildinni með FH.

Nánar á Vísi >>

Olís deild karla í handbolta

Haukar - ÍBV 33-35

Markahæstir (Skot): Hákon Daði Styrmisson 11/8 (15/9), Adam Haukur Baumruk 7 (11), Janus Daði Smáráson 7 (13), Elías Már Halldórsson 3 (5) - Theodor Sigurbjörnsson 12/3 (14/3), Einar Sverrisson 9 (18), Grétar Þór Eypórsson 6 (6), Agnar Smári Jónsson 5 (11). *Staðan er 2-1 fyrir Hauka.*

Eyjarnir voru ekki á því að fara í sumarfrí og tryggðu sér fjórða leikinn. Þetta var annar leikurinn í röð í einvíginu sem fer í framlengingu og það er útlit fyrir æsispennandi leik í Eyjum á morgun.

Olísdeild kvenna í handbolta

Stjarnan - Haukar 24-23

Markahæstar (Skot): Helena Rut Örvarsdóttir 7 (18), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6/3 (8/4), Þórhildur Gunnarsdóttir 4 (5), Sólveig Lára Kjærnested 2 (4), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2 (4) - Maria Ines De Silve Pereira 10/1 (15/1), Karen Helga Diónudóttir 4/3 (6/3), Ramune Pekarškyte 4 (15), Ragnheiður Ragnarsdóttir 2 (2), Vilborg Pétursdóttir 2 (3). *Staðan er 2-2.*

Stjörnumarkur tryggðu sér oddaleik á mánudaginn en Haukarnir unnu upp sex marka mun í seinni hálfleik og fengu síðan tækifæri til að tryggja sér framlengingu í lokin. Stjarnan vann án markvarðarins frábæra Florentinu Stanciu. Heiða Ingólfssdóttir, sem hefur lítið spilað síðustu ár, kom sterk inn í Stjörnumarkid.

ÓLAFÍA ÞÓRUNN AÐ SPILA VEL Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er í góðri stöðu fyrir lokahringinn á LET Access

mótaröðinni í Sviss. GR-ingurinn lék á 69 höggum í gær eða þremur höggum undir pari og er hún samtals á -3 (72-69). Ólafía fór upp um 17 sæti í gær og er í 10. sæti. Þetta er annað mótið hjá Ólafíu á LET Access mótaröðinni á þessu tímabil en mótaröðin er sú næst sterkasta í Evrópu.

Í dag

11.50 F1 í Rússl. Tímataka	Sport
13.30 Dortmund - Wolfsburg	Bravó
14.00 Newcastle - C. Palace	Sport 5
14.00 Watford - Aston Villa	Sport 6
14.00 Everton - Burnem.	Stöð 3
14.00 Stoke - Sunderland	Sport 3
14.00 WBA - West Ham	Sport 2
14.00 Sociedad - R. Madrid	Sport 4
15.30 Veszprém - Vardar	Sport
16.30 Arsenal - Norwich	Sport 2
16.30 Barcelona - Kiel	Sport 3
18.30 Real Betis - Barcelona	Sport
00.30 Spurs - Thunder	Sport

17.00 Afturelding - Valur Varmá

Á morgun

10.30 Juventus - Carpi	Sport 3
11.00 Swansea - Liverpool	Sport 2
11.30 Formúla 1 í Rússlandi	Sport
13.00 Man. Utd - Leicester	Sport 2
13.00 Milan - Frosinone	Sport 3
15.30 Southam. - Man City	Sport 2
15.30 Þróttur R. - FH	Sport
18.45 Lazio - Inter Milan	Sport 2
19.30 Valur - Fjölnir	Sport

15.00 ÍBV - Haukar	Eyjar
16.00 Þróttur R. - FH	Þróttarav.
17.00 ÍBV - IA	Vestmannaeyjar
19.15 Breiðabl. - Vík. Ó.	Kópavogsv.
20.00 Valur - Fjölnir	Valsvöllur.





SUN. KL. 15:30 





VEISLAN HEFST Á SUNNUDAG

ÞRÓTTUR-FH



Fimm mánaða eltingarleikur?

Pepsi-deild karla í fótbolta hefst á sunnudaginn. FH talið langlíklegast til að verða meistari 2. árið í röð. Getur komist á toppinn í fyrstu umferð og verið þar.

FÓTBOLTI Pepsi-deild karla í fótbolta fer af stað á sunnudaginn. Upphafslíkur mótsins er viðureign nýliða Þróttar og Íslandsmeistarara FH en hann fer fram klukkan 16.00 á gervi-grasi Þróttara í Laugardalnum.

FH er talið af allflestum langlíklegasta liði til að vinna Íslandsmótið annað árið í röð og í áttunda sinn í sögu félagsins. Samfelld fótboltaveisla hefur verið í Hafnarfirðinum síðan liðið vann sinn fyrsta titil árið 20014, en síðan þá hefur liðið aldrei lent neðar en í öðru sæti.

FH-ingar eru það góðir

Með sigri á Þrótti kemst FH á topp deildarinnar. Engar fréttir þar. En með öruggum sigri, sem er ekki hægt að útiloka vegna munarins á gæðum liðanna, getur FH verið á toppnum eftir fyrstu umferðina. Hafnafjarðarliðið er það gott að það hefur burði til að vera á toppnum frá fyrstu umferð til þeirrar síðustu. Því gæti Íslandsmótið orðið fimm mánaða eltingarleikur annarra liða á borð við KR, Stjörnuna, Val og Breiðablik við ríkjandi meistarara.

Stjarnan er eina liðið sem getur státað af öðrum eins leikmannahópi og FH. Þar eru nánast tveir menn í öllum stöðum, en þegar Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari liðsins, hefur alla menn heila þarf hann að halda 3-4 leikmönnum, sem gætu labbað inn í önnur lið deildarinnar, á bekknum.

Stjörnumenn geta orðið sinn versti óvinur í sumar séu ekki allir að keppa að sama markmiði en með liðsheild og gleði í Gardabænum eru gæðin næg til að endurheimta titilinn sem liðið vann 2014.

KR-ingarnir eru með mun minni hóp en firnasterkt byrjunarlið og nokkra til taks. Í Vesturbænum virðist sem svo að ungr leikmenn liðsins, þá sérstaklega fæddir 1998 og 1999, fái tækifæri og líklega verða þjálfararnir að gefa nokkrum tækifæri í fyrstu umferðunum vegna meiðsla lykilmanna. KR getur einnig blandað sér í titilbaráttuna haldist liðið þokkalega heilt. Varnarleikurinn verður líklega aðalsmerki Vesturbæinga í sumar.

Hörð barátta um Evrópusæti

Evrópubarátta verður hörð enda gæðin í deildinni sjaldan verið meiri og líklega þau mestu síðan rétt fyrir hrun. Liðin hafa hrugað inn erlendum leikmönnum en þeir hafa aldrei verið fleiri; 61 talsins þegar þú, lesandi góður, lest þessa grein. Þeim mun fjölga áður en félagskaptaglugginn lokast.

Peningarnir eru augljóslega miklu meiri enda hágæða leikmenn í öllum liðum og útlendingar flestir búnir að vera hér í allan vetur. En íslensku leikmennirnir eru líka góðir og liðin sterk. Auðveldlega má búast við einu mest „sexí“ fótbolta-sumri í langan tíma. tomas@365.is

1. MAÍ 2016

SAMSTAÐA Í 100 ÁR SÓKN TIL NÝRRRA SIGRA!

Samstaða launafólks í 100 ár gerði verkalyðshreyfinguna að mikilvægasta gerandanum í baráttunni fyrir bættum kjörum og réttindum á öllum sviðum samfélagsins. Þess vegna er nauðsynlegt að við minnumst sögunnar og þess mikilvæga árangurs af starfi verkalyðshreyfingarinnar sem við njótum í dag.

Verkefni verkalyðshreyfingarinnar er nú sem fyrr að sækja frekari kjarabætur og réttindi á vinnumarkaði og tryggja velferð og góð lífskjör allrar alþýðu. Um leið verðum við að verja árangurinn sem áunnist hefur svo hann verði ekki frá okkur tekinn. Sókn til nýrra sigra er hér eftir sem hingað til drifkraftur íslenskrar verkalyðshreyfingar.

ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.



Alþýðusamband Íslands

1. maí kröfugöngur

Félag iðn- og tæknigreina hvetur félagsmenn til þátttöku í kröfugöngum og baráttufundum 1. maí.

Verið velkomin í 1. maí kaffi:

Reykjavík - Grand hótél, Sigtúni
Akranesi - Kirkjubraut 40
Reykjanesbæ - Stapanum
Selfossi - Hótel Selfossi
Vestmannaeyjum - Alþýðuhúsinu



Nýkrýndir Íslandsmeistarar í körfubolta



Snæfellskonur fagna þriðja Íslandsmeistaratitli sínum í röð fyrir framan frábæra stuðningsmenn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þrjú gulltímabil í röð

Karlalið KR og kvennalið Snæfells tryggðu sér bæði þriðja Íslandsmeistaratitlinn í röð á Ásvöllum í vikunni en bæði afrekuðu meira í vetur en árin á undan.

KÖRFUBOLTI KR-karlar og Snæfellskonur enduðu enn eitt körfubolta-tímabilið með gull um hálsinn og bikar í hendi en þau tryggðu sér bæði Íslandsmeistaratitlinn með sigri á Haukum á Ásvöllum í vikunni.

KR-ingar voru bestir í allan vetur í karladeildinni þrátt fyrir að vera án meiddra landsliðsmanna í upphafi tímabil og að hafa misst annan landsliðsmann rétt fyrir úrslitakeppni. Sami kjarninn var enn til staðar og KR-liðið hefur nú unnið níu seríur í röð í úrslitakeppni, eða alls 27 af 35 leikjum sínum í úrslitakeppninni undanfarin þrjú ár.

Tíu titlum á eftir en nú jafnir
Karlalið KR var ekki bara að vinna þrjú ár í röð í röð í fyrsta sinn í fimm áratugi heldur voru Vesturbæingar einnig að jafna met ÍR-inga yfir flesta Íslandsmeistaratitla í karlaflokk. KR og ÍR hafa nú unnið fimmtán Íslandsmeistaratitla hvort félag en þegar ÍR vann sinn fimmtánda titil vorið 1977 voru KR-ingar tíu titlum á eftir. Helgi Már Magnússon kvaddi sem tvöfaldur meistari en hann er einn af fjórum leikmönnum KR-liðsins í dag sem hafa unnið alla þrjú titlana en hinir eru fyrirliðinn Brynjar Þór Björnsson, Darri Hilmarsson og Pavel Ermolinskij. Finnur Freyr Stefánsson hefur jafn-

18-5

Sigrar og töp hjá KR og Snæfelli í úrslitunum síðustu 3 ár.

framt unnið Íslandsmeistaratitlinn á fyrstu þremur árum sínum sem þjálfari sem enginn hefur náð síðan Gunnar Þorvarðarson afrekaði það með Njarðvíkurliðið á fyrstu þremur árum úrslitakeppninnar frá 1984 til 1986.

Misstu enn einn lykilmanninn
Enn á ný þurftu Snæfellskonur að yfirvinna brotthvarf lykilmanns því fyrirliðinn Hildur Sigurðardóttir lagði skóna á hilluna síðasta vor en árið áður hafði Snæfellsliðið misst tvo íslenska byrjunarliðsmenn. Ingi Þór gerði vel í að plata Bryndís Guðmundsdóttur í Hólminn og við komu hennar fengu Hólmarar aftur meistaraglampann í augun.
Gunnhildur Gunnarsdóttir tók við leiðtogahlutverkinu af Hildi og enn á ný vann Snæfellsliðið í Kanahappadrættinu því Haiden Palmer var stórkostleg í allan vetur. Snæfellskonur voru ólíkt síðustu tveimur tímabilum ekki með heimavallarréttinn í lokaúrslit-

unum en þær unnu alla heima-leiki sína í úrslitakeppninni eins og síðustu þrjú ár og tryggðu sér síðan Íslandsmeistaratitlinn með sigri í oddaleik á útivelli.

Sögulegt hjá þjálfaranum
Snæfellsstelpurnar hafa því enn ekki tapað í úrslitaeinvigi og þjálfarinn Ingi Þór Steinþórsson varð sá fyrsti til að vinna úrslitakeppni kvenna þrjú ár í röð. Fyrir bæði liðin var þetta þó glæsilegra tímabil en árin á undan því að þessu sinni tryggðu þau sér einnig sigri í bikarkeppninni.

KR vann einnig deildina og var í fyrsta sinn að vinna deild, úrslitakeppni á sama tímabilinu. Snæfellskonur höfðu aldrei unnið bikarinn áður en nú eru Hólmarar handhafar tveggja stærstu bikaranna í kvennaflokk í fyrsta sinn.

Sérstakt körfuboltatímabil
Þetta var annars mjög sérstakt körfuboltatímabil sem hófst með miklu ævintýri karlalandsliðsins á Evrópumótinu í Berlínu, innihélt glæstan sigur kvennalandsliðsins á Ungverjum í undankeppni Evrópumótsins og hefur þökk sé Körfuboltakvöldinu og Sportrásum 365 aldrei áður fengið aðra eins umfjöllun á ljósvakamiðlunum.
ooj@frettabladid.is



Finnur Freyr hefur gert KR að meisturum þrjú ár í röð og Brynjar Þór Björnsson varð meistari í sjötta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


**Domino's
helgin**

ÞRÍR ENSKIR

Í opinni dagskrá á dominoshelgin.is

≡ SWANSEA–LIVERPOOL ≡
Sun. 1. maí kl. 10:50

≡ MAN. UNITED–LEICESTER ≡
Sun. 1. maí kl. 12:55

≡ CHELSEA–TOTTENHAM ≡
Mán. 2. maí kl. 18:50

BOLTATILBOÐ

Stór pizza af matseðli, 2 ltr. gos
OG GOTT að eigin vali.

2.999 KR. Ef þú sækir,
29. apríl–2. maí





Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

Garð- og tómsundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá
149.000,-
m/vsk



Frá
579.000,-
m/vsk

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhlíða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
 - Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
 - Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá
1.335.000,-
m/vsk



Söluaðilar

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

VORÚT

ALLT AÐ 60%

YFIR 100 GERÐIR

**LG OLED SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ
38% AFSLÆTTI**

**YAMAHA RESTIO HLJÓMTÆKI
MEÐ ALLT AÐ 58% AFSLÆTTI**

.....

**BLUETOOTH HÁTALARAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**

.....

LOKAÐ SUNNUDAGINN 1. MAÍ – OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16

 YAMAHA PHILIPS EPSON Panasonic THOMSON tasco UNITED JVC
 JBL harman/kardon OLYMPUS Dantax  TDK
TDK SYSTEMS INTENSO  LG FINLUX

TSALLA

AFSLÁTTUR

AF SJÓNVÖRPU

65" SJÓNVÖRPU
MEÐ ALLT AÐ
200.000 KR AFSL.

YAMAHA MULTIROOM HÁTALARAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

.....

40" ULTRA HD 4K SMART SJÓNVÖRPU
FRÁ 89.990 KR

.....

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



David Robertson, sem hér sést, segir hjólamenningu hafa aukist á Íslandi. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

STÖÐ 2 MARAÐON
FYLGR ÁSKRIFT
AÐ SKEMMTI-
PAKKANUM!

2 MARAÐON

NÝTT Á STÖÐ 2 MARAÐON

HORFÐU Á HEILU ÞÁTTARADIRNAR ÞEGAR ÞÉR HENTAR

365.is | Sími 1817 365

Hjóltreiddar æ vinsælli á Íslandi

Fyrsta götumót sumarsins í hjóltreiddum verður haldið í dag. **David Robertson**, einn skipuleggjandi mótsins, segir Grandann vera góðan stað fyrir hjóltreiddamót.

Stefanía Björg
Vikingsdóttir
stefania@frettabladid.is

Hjólamenningu á Íslandi hefur stækkað mikið síðustu þrjú til fjögur ár. Hjóltreiddar hafa orðið vinsælli, sérstaklega á sumrin, en líka yfir allt árið. Fólk er farið að nota hjóltreidd meira sem fararskjóta til og frá vinnu, en líka til æfingar eða til skemmtunar. Mér hefur fundist, sérstaklega síðasta ár og í ár, fólk vera farið að hjóla meira aftur og fólk nýtur þess mikið. Þetta segir David Robertson en hann er einn af skipuleggjendum hjóltreiddamótsins Kriaterium sem fer fram á úti á Granda í dag.

David segir Grandann vera góðan stað fyrir mót af þessu tagi en mótið er stutt og mjög hratt. „Það er mjög hentugt að setja upp braut af þessu tagi úti á Granda, brautin fer eftir götunum en líka meðfram sjónum við höfnina. Þessar keppnir eru bestar ef það er mikið af kröppum beygjum og það er mjög auðvelt að setja slíkt upp hérna.“

Mótið er fyrsta götumót sumarsins og keppt verður í fjórum flokkum, opnum flokki karla og kvenna og elite flokki karla og kvenna. David segir um sextíu manns vera búna að skrá sig en að fleiri gætu átt eftir að bætast við.

David segir aukningu hafa orðið í þáttöku í hjóltreiddakeppnum á Íslandi. Hann flutti til Íslands fyrir níu árum og segir þáttöku þá hafa verið talsvert minni en hún er í dag. „Það er mun meira af fólki finnst mér sem, eftir að hafa notað hjóltreidd til að fara í vinnuna og sem æfingu, ákveður að taka þátt í keppnum. Þetta sést vel í þáttöku í þeim keppnum sem eru fyrir, eins og Blue Lagoon Challenge.“

David segir keppnina í dag vera spennandi að horfa á og taka þátt í en hann vonast til þess að geta fært keppnina út og jafnvel gert úr henni seríu. „Þetta er fyrsta skiptið sem þessi keppni er haldin en ég vonast til þess að hún verði að árlegum viðburði og að fleiri taki þátt í framtíðinni. Ég vil að þetta verði bæði skemmtileg keppni til að taka þátt, hvort sem þú ert á toppnum eða vilt bara taka þátt í skemmtilegri keppni.“

SÚ KEMUR TÍÐ



Hefur þú áhuga á Big Data, Digital Banking, Fintech, BPM, Internet of Me, Hackathon og hakkarakeppnum?

Ráðstefna um upplýsingatækni og fjármálaþjónustu framtíðarinnar

MIDVIKUDAGINN 4. MAÍ KL. 11:50 - 17:00 Í HÖRPU

Ráðstefnustjóri: Heiðrún Jónsdóttir stjórnarmaður í Íslandsbanka.

Straumstjóri: Ragnhildur Geirsdóttir framkvæmdastjóri Rekstrar og upplýsingatækni hjá Landsbankanum.

TÍMI FYRIRLESTRAR OG FYRIRLESARAR

- 11:50-12:20 **Skráning og afhending ráðstefnugagna** – Dixieland Jazz
- 12:20-12:40 **Sú kemur tíð - Aukin gæði og hagkvæmni í fjármálaþjónustu**
Friðrik Þór Snorrason forstjóri RB.
- 12:45-13:45 **Big Data and Financial Services**
Harper Reed Head of Commerce at Braintree, CTO of Obama for America 2012, Tech Pioneer and Entrepreneur.
- 13:45-14:05 **Kaffi og með því**

SKRÁÐU
ÞIG NÚNA!
SÍÐAST VAR
UPPSELT.

Skráning á
www.rb.is

STRAUMUR 1

- 14:05-14:25 **Framtíðin í stafrænni bankastarfsemi (Digital Banking)**
Aðalgeir Þorgrímsson forstöðumaður Vörustýringar hjá RB.
- 14:30-14:50 **Ferilstjórnun með aðferðafræði málastjórnunar, áskoranir og dæmi um útfærslur**
Bjarni Sv. Guðmundsson verkefnastjóri hjá Hugviti.
- 14:55-15:15 **Hvernig keppnir geta virkjað hugvit og skapað fjármálaafurðir?**
Ýmir Vigfússon Ph.D. lektor í tölvunarfræði við Emory University og Háskólann í Reykjavík.

STRAUMUR 2

- Big Data: Tækifæri og ógnanir**
Þórhildur Jetzek. Ph.D. Researcher & data storyteller – big data value creation.
- Internet of me – Power to the Person**
Julian Ranger Chairman/Founder digi.me.
- Hvernig geta viðskiptavinir bætt eigin þjónustum og samkeppnisvirkni inn á þjónustutorg RB?**
Svava Garðarsdóttir hugbúnaðarsérfræðingur RB.

- 15:15-15:35 **Kaffi og með því**
- 15:35-16:05 **Til móts við framtíðina – útvistun, stöðlun, skilvirkni**
Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS.
- 16:10-16:35 **Saman látum við góða hluti gerast**
Höskuldur H. Ólafsson bankastjóri Arion banka.
- 16:40-17:00 **Samantekt**
- 17:00 **Kokteill og Jazztrío Björns Thoroddsen**



Ekki missa af
hinum óvenjulega
HARPER REED





Manuela gegnir bæði hlutverki mömmu og pabba á sínu heimili og segist vel mega vera montin af krökkunum sínum. MYND/SISSI

Manuela Ósk Allt í einu með heila þjóð ofan í nærfataskúffunni

Manuela Ósk Harðardóttir er ókrýnd samfélagsmiðladrottning landsins og hefur lagt mikið á sig til að ná þeim stað. Hún hefur að eigin sögn farið til helvítis og alla leið til baka en stendur eftir bæði keik og full þakklætis. Hún telur að reynslan sem hún öðlaðist í gegnum erfiða tíma hafi gert hana að manneskju sem hún hefði annars ekki orðið.

Guðrún
Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Sundum brosi ég út í annað þegar ég hugsa um Manuelu sem bjó í Bretlandi og var alltaf að kaupa sér ógeðslega mikið af fötum og einhverju sem engu máli skiptir. Þetta er týpa sem er mjög ólík mér í dag. Ég var bara ung. Við Grétar Rafn vorum það bæði og fannst þetta skemmtilegt. Ég gifti mig tuttugu og fimm ára, þarna var nýr heimur að opnast. Var ástfangin og fannst þetta geggjáð. Var hvorki að vinna né í skóla, heldur að sjá um börnin mín og styðja við bakið á manningnum mínum sem vildi láta sína drauma rætast.

Þegar ég horfi til baka sé ég að auðvitað hefur þetta stúðað einhverja. Ég var mjög barnaleg og hélt einhvern veginn að allir væru ánægðir bara með þetta, vóða gláðir og almennt góðir,“ segir Manuela Ósk Harðardóttir sem ætti að vera flestum landsmönnum kunn. Hún vakti fyrst athygli er hún hlaut nafnbótina ungrú Ísland árið 2002 og

hefur síðan tekist að fanga athygli samlanda sinna, hvort sem henni líkar betur eða verr.

Gróa á Leiti er yfirleitt ekki langt undan og hefur líklega sjaldan verið jafn blómleg í tilfelli Manuelu og á meðan hatramur skilnaður hennar og Grétars Rafns Steinssonar, atvinnumanns í fótbolta, gekk í gegn árið 2011. Þau eiga saman dótturina Elmu Rós og fyrir átti Manuela soninn Jóhann Gretar sem var aðeins tveggja ára gamall þegar hún fluttist yfir hafið til að bakka drauma Grétars Rafns upp.

Hafði ekki styrk í að verja sig

„Ég var allt í einu með heila þjóð ofan í nærfataskúffunni minni. Ég tók tvær ákvarðanir í þessum skilnaði, þær voru ekki fleiri. Annars vegar leyfði ég mér að fara allan tilfinningarússíbanann og setti ekki kröfu á mig með neitt. Svo hins vegar ákvað ég að tala ekki um þetta við fjölmiðla né tjá mig opinberlega um málið. Aðalástæða þess var að mig langaði ekki að dóttir okkar færi sjálf á netið seinna meir og læsi um hvað gekk á. Ég ætlaði ekki að taka þátt í því og þar af leiðandi ekki tjá mig. Sem gerði það að verkum

að ansi margt af því sem var skrifað á þessum tíma, til dæmis hjá DV, var einfaldlega ekki rétt. Það hafði beinlínis slæm áhrif á mig og mitt mannorð.

Ég var svo brotin á þessum tímapunkti að ég hafði hvorki styrkinn né löngunina til að verja mig. Fólk spurði mig mikið hvort ég ætlaði virkilega að láta þetta yfir mig ganga. Mér fannst ég ekki vera að því. Fyrir mér kom fólki þetta ekki við auk þess sem virkilega margir vilja ekkert með sannleikann hafa, þeir vilja bara trúá lyginni.“

Gold-diggerinn

„Fólk leyfir sér ennþá að halda ákveðna hluti um mig. Það er margt steikt í þessu. Allt niður í sextán ára stelpur finna sig knúnar til að tjá sig um að „fyrirverandi haldi mér uppi“ á netinu og vísa í eldgamla frétt á DV. Þar segir að hann þurfi að borga mér einhverjar þrjár milljónir á mánuði. Þetta er einfaldlega rangt.

Ég hef sjálf verið sextán ára, maður er bara barn og maður segir ýmislegt. En þegar fullorðnar konur eru að láta suma hluti út úr sér þá finnst mér það bara mjög skrítið.

Fáir vita hver mín fjárhagsstaða



ALLT NIÐUR Í SEXTÁN ÁRA

STELPUR FINNA SIG

KNÚNAR TIL AÐ TJÁ SIG

UM AÐ „FYRRVERANDI

HALDI MÉR UPPI“ Á

NETINU OG VÍSA Í

ELDGAMLA FRÉTT Á DV.

ÞAR SEGIR AÐ HANN ÞURFI

AÐ BORGNA MÉR

EINHERJAR ÞRJÁR

MILLJÓNIR Á MÁNUÐI.

ÞETTA ER EINFALDLEGA

RANGT.

var og hver hans fjárhagsstaða var þegar við kynntumst. Ég hef alltaf kosið að bera það ekkert á borð fyrir fólk. Í staðinn ákveður fólk að þarna sé fótboltamaður sem á fullt af peningum og lendir í skilnaði og ég þar með „gold-diggerinn“. Það meikar ekkert sens í raunveruleikanum og þegar sú saga klikkar þá hef ég séð fólk skrifa að pabbi minn haldi mér uppi. Hann sé forrikur lýtalæknir í New York. Það særði mig,“ segir hún og sést vel að þetta tekur á hana. Hún segir þar fulllangt seilst eftir útskýringum.

„Pabbi minn dó þegar ég var tveggja ára. Hann er vissulega ekki að halda mér uppi. Ég þurfti engan karlmann inn í líf mitt. Ég giftist Grétari svo sannarlega ekki fyrir peningana hans.“

Skortur á föðurmynd erfiður

„Skortur á föðurmynd erfiður. Þabbi var búinn að koma sér ágætlega fyrir en hann lést ungur í bilslysi. Einhverjar eignir sem hann átti fóru þannig til mín. Þetta hefur alltaf verið svolítið erfitt og ég veit ekki mikið. Það hefur aldrei verið mikið samband við föðurfólkið. Ég hugsa að ég vilji í rauninni ekki vita hvað gekk á. En mér finnst leiðinlegt ➔

10% ÚTBORGUN



259.000

CHEVROLET TRAXBensín / Beinskiptur / Skráningarár: 7/2014
Ekinn: 52.000 km.**Verð: 2.590.000 kr.**

159.000

CHEVROLET AVEOBensín / Beinskiptur / Skráningarár: 6/2013
Ekinn: 82.000 km.**Verð: 1.590.000 kr.**

219.000

CHEVROLET CRUZEBensín / Beinskiptur / Skráningarár: 4/2013
Ekinn: 60.000 km.**Verð: 2.190.000 kr.**

375.000

CHEVROLET MALIBU LTZDísel / Sjálfskiptur / Skráningarár: 1/2014
Ekinn: 96.000 km.**Verð: 3.750.000 kr.**

155.000

CHEVROLET SPARKBensín / Beinskiptur / Skráningarár: 5/2013
Ekinn: 26.000 km.**Verð: 1.550.000 kr.**

NÝ KJÖR Á NOTUÐUM BÍLUM



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast notaðan bíl á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af kaupverði bílsins en þó aldrei lægri en kr. 150.000,- Lykill lánar þér svo afganginn. Lánshlutfall og lánstími ræðst af aldri bíls, lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90% af kaupverði. Nánar um lánaskilmála á benni.is og lykill.is



Manuela ásamt Evu Lind Rútsdóttur sem saumaði fyrir hana útskriftarlínuna er rak smíðshöggjó á fatahönnunarnámið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

➔ að hvað svo sem það var, hafi þurft að koma niður á barni, sem í þessu tilfelli var ég. Þetta hefur ekkert verið rætt. Ég er eina barn foreldra minna og mamma eignaðist ekki aftur mann. Svo við höfum alltaf verið bara tvær, mjög nánar. Ég er alltaf litla barnið," segir hún og hlær. „En það að hann sé dáinn er ekki viðkvæmt, ég var svo litil að ég þekki ekki annað.“

Það vantar samt ákveðinn hlut í lífið mitt, þessa föðurmynd. Mér finnst erfitt að horfa á dóttur mína alast upp í svipuðum pakka. Jú, hún á pabba á lífi en hann vantar í þetta daglega amstur. Hún er aðeins að kveikja á því núna að það eru pabbar á heimilum vinkvenna hennar en hefur ekki verið að þæla í því.“

Bæði mamma og pabbi

„Eftir að við skildum fluttum við í Hafnarfjörð. Sjálf er ég alin upp í Vesturbænum og tók þennan hefðbundna rúnt. Fór í Hagaskóla og Melaskóla svo þaðan í Menntaskólann í Reykjavík. Hins vegar gat ég ekki hugsað mér að flytja aftur í Vesturbæinn þegar við fluttum heim. Mig langaði ekki að hitta fólk sem ég þekkti í búðinni. Okkur liður mjög vel í Hafnarfirði og krakkarnir eru orðnir harðkjarna Hafnirfíringar,“ útskýrir hún brosandí.

„Ég er bæði mamma og pabbi á mínu heimili. Elma fer ekki á pabba-helgar en það gerir Jóhann. Ég er heppin með hjálp frá fjölskyldunni minni, sérstaklega mömmu og ömmu. Og hef haft mikið fyrir að láta drauma mína rætast. Það er ekkert sem heftir mig, börnin mín koma bara með mér.“

Mér finnst þælingin um að konur

geti ekki eignast börn því þá geti þær ekki gert hitt og þetta leiðinleg og úrelt. Það er allt hægt. Ég er sterk og ég veit það. Ég er í hundrad prósent vinnu, hundrad prósent námi og er á fullu að elta draumana mína,“ segir hún en nýverið tók Manuela að sér umboð Miss Universe á Íslandi ofan á lokasprett fatahönnunarnámsins við Listaháskóla Íslands.

„Ég er dugleg og góð mamma. Þú þarft ekki annað en að hitta börnin mín til að sjá að þau hafa fengið frábært uppeldi og þeim líður vel. Þau eru glöð og skortir ekki neitt, allra sist öryggi og ást. Ég má monta mig af þeim. Ég fæ mikið af spurningum þegar ég ferðast, um hvar börnin mín séu á meðan. Það fer í mig, því ekki er fólk að senda slíkar spurningar á pabba þeirra. Ég þarf ekki að afsaka mig og þetta hugarfar gagnvart konum sem láta eftir sér að elta draumana sína er leiðinlegt. Væri ekki eðlilegra að hugsa þetta þannig að ég væri að standa mig sem fyrirmynd fyrir dóttur mína með því að sýna henni að konur geti gert það sem þær ætla sér?“

Finnst þér þú þannig undir einhvers konar pressu að þurfa að sanna þig stöðugt í móðurhlutverkinu fyrir fólki sem þú þekkir ekki neitt? „Ég finn fyrir pressunni en það góða í þessu er að mér finnst ég ekki verða að gera það. Ef fólk vill halda að börnin mín séu vanrækt, þá verður þetta fólk bara að fá að halda það. Mér er sama, meðan mitt fólk og börnin eru hamingjusöm skiptir hitt ekki máli. Ég er löngu búin að sjá að fólk langar ekkert í sannleikann, það hentar betur að allt sé frekar ömurlegt.“



MÉR FINNST ÞÆLINGIN

UM AÐ KONUR GETI

EKKI EIGNAST BÖRN,

ÞVÍ ÞÁ GETI ÞÆR EKKI

GERT HITTOG ÞETTA,

LEIÐINLEG OG ÚRELT.

ÞAÐ ER ALLT HÆGT.

ÉG ER STERK OG ÉG

VEIT ÞAÐ.



HANN ER VISSULEGA EKKI

AÐ HALDA MÉR UPPI.

ÉG ÞURFTI ENGAN

KARLMANN INN Í LÍF

MITT. ÉG GIFTIST GRÉTARI

SVO SANNARLEGA EKKI

FYRIR PENINGANA HANS.

Samfélagsmiðlarnir heilla

Manuela segir hugmyndir fólks um að hún sé sífellt á galeiðunni ekki á rökum reistar.

„Ég er frekar „boring“ ef ég á að segja eins og er. Þegar ég er ekki að skjótast í stutt ferðlög utan til að byggja upp tengslanet mitt og skapa tækifæri, þá er ég bara heima hjá mér í flisgallanum með börnunum eða að læra. Ég hef aldrei smakkað áfengi, né tekið smök. Hvað þá eitthvert döp. Ég fer aldrei neitt.“

EKKI skal þó nokkurn undra að fólk telji Manuelu lífa æsispennandi lífi, en hún heldur úti einhverjum vinsælasta Snapchat-reikningi hérlandis. Þar hefur hún átján þúsund fylgjendur. Auk þess að vera með Instagram-síðu alsetta draumkennendum myndum úr daglegu lífi sínu.

„Fólk veit kannski ekki að það sem ég er að gera á Snapchat til dæmis er mitt „social media test“. Ég er mikið í persónusköpun á þessum miðlum. Ég er ekki persónuleg. Þetta er brjálað markaðstól og orðið að miðli þegar maður er kominn með svona mikið af fylgjendum,“ útskýrir hún. „Þetta er eitthvað sem ég hef skapað sjálf og mér er alls engin vorkunn. Maður getur ekki opnað lífið sitt svona án þess að dila við að fólk hafi áhuga á manni.“

Ég passa mig samt. Aður setti ég mikið af myndum af börnunum mínum en ég geri það ekki lengur. Það er ekki vinsælt, þar sem fólk hefur takmarkaðan áhuga á að skoða börn sem það tengir ekki við. Mín þæling á þessum miðlum er allt önnur. Persónulegu snöppin fara bara á vinina og fjölskyldu.

Ég þæli mikið í og stúdera hvornig hæpin verða til og hvað gerir æðin að æði. Ég skrifaði BA-ritgerðina í náminu um einmitt þetta, samfélagsmiðlana, og fór þá alveg á kaf í þetta. Þar með varð ekki aftur snúið.“

Leið á anorexiuorðrómnum

Manuela hefur vissulega ekki farið varhluta af gagnrýni vegna framgöngu sinnar á samfélagsmiðlunum frekar en nokkru öðru sem hún tekur sér fyrir hendur. Í byrjun árs tók Kastljós hana fyrir og var þar engum vettlingatökum beitt að hennar mati. Umfjöllunarefni þáttarins var bloggheimar en Manuela var sett fram í því samhengi sem hlutgervingur skaðlegra áhrifa á samfélagsmiðlunum.

„Þetta var ömurlegt og illa gert. Vanalega læt ég svona sem vind um eyru þjóta en þetta var Kastljós, á RÚV, ríkismiðli sem fólk ætti að geta tekið mark á. Þarna var beinlínis verið að láta mig líta illa út og undirtóninn virkilega neikvæður. Ég var sögð með átröskunarsjúkdóminn anorexiu. Ég var boðuð í viðtali sem ég afþakkaði, haldandi að þetta væri umfjöllun um bloggheima enda ekki annað útskýrt fyrir mér. Vegna tímaskorts áleit ég að ég kæmi þá ekki fyrir í umræddum þætti. Ég varð mjög sár þegar annað kom í ljós og mínar myndir notaðar án míns leyfis.“

Manuela blæs í framhaldinu á lífseigar sjúkdómsgreiningar samfélagsins er varða haldafar hennar en því er stöðugt haldið fram að hún þjáist af átröskun.

„Ég veit vel að ég er stundum of grónn. Það er ekki vegna anorexiu. Stundum liður mér illa, eins og öllum. Ég er stundum undir miklu álagi. Það tekur allt sinn toll. Þarna voru valdar út myndir til að sannfæra fólk um að eitthvað væri að hjá mér. Auk þess er þarna talað um átröskun eins og einhvern lífsstíl. Ég skil þetta ekki alveg. Eina stundina er fólk sannfært um að ég sé með anorexiu því ég sé svo rosalega mjó og þá næstu með búlimíu, því einhverjum fannst ég með feitt andlit í viðtali í Íslandi í dag. Hættið þessu bara.“

60-90-60 er búið

Manuela segist gáttuð á þeirri sáru þörf fullorðins fólks að setjast niður fyrir framan tölvu og skrá sig inn á Barnalandsreikninginn til að tjá

sig um útlit einhvers. „Af hverju má ég þá ekki bara vera dálítið feit í framan? Eða aðeins of mjó í tvær vikur vegna álags? Heldur fólk að það sem það skrifar hafi ekki áhrif? Ef ég rekst ekki á þetta sjálf, fæ ég þetta sent.“

Ég er komin með nóg af þessari neikvæðni og niðurrífi í samfélaginu. Það þurfa ekki allir að vera sammála, fólk á að fá að gera sitt, svo fremi það skaði ekki aðra. Við þurfum alls ekki öll að fíla sömu hlutina,“ bendir hún á og talið færast í beinu framhaldi yfir að Miss Universe keppninni sem Manuela stendur fyrir hér á landi í haust.

„Fegurðarsamkeppnin er gott dæmi um þetta. Ég held að það sé fáfræði fölginn í að slá þessa keppni strax út af borðinu. Áherslurnar í keppninni eru aðrar en þær sem áður hafa verið hafðar í heiðri hérna hingað til. Tækifærin sem bjóðast í framhaldinu á erlendri grundu eru tækifæri sem hvaða íslensk kona sem er myndi stökkva á. Svo sem skólastyrkir í flottustu háskólana. Þetta þekkest ekki hér. Ég hefði ekki sett nafnið mitt við neitt annað en akkúrat þessa keppni.“

Áherslan á valdeffingu kvenna heillaði mig og þessir staðlar varðandi þyngd, hæð og annað eru ekki til staðar. Það er ekki hægt að keppa í fegurð einni og sér. Þetta snýst allt um hvornig manneskjan er. Ég vil til að mynda ekki of ungar stelpur inn í keppnina en verð að lúta ákveðnum reglum og taka við stelpum á bilinu 18 til 26 ára.“

Að fenginni reynslu segir hún átján ára stúlku of ungar. „Ég var bara stelpa sem vissi ekkert hver hún var, fyrir hvað hún stóð og hafði varla myndað mér skoðanir á lífinu. Ég hafði ekkert að gera sem fulltrúi heillar þjóðar á alþjóðavísu. Ég var bara rosalega litil þegar ég var krýnd.“

Situr ekki á sófanum og vælir

Í dag er Manuela ofboðslega sátt í eigin skinni og líður vel. „Ég er þakklát fyrir að hafa farið í gegnum þetta. Ég hef aldrei verið eins sátt við mig og þá manneskju sem ég er. Það held ég að hefði ekki gerst nema hafa gengið í gegnum þetta allt. Mér finnst fólk áhugaverðara eftir því sem það hefur farið í gegnum fleiri hluti. Hreinlega farið til helvitis og til baka. Þeir sem ekki hafa gengið í gegnum erfða hluti hafa eðlilega ekki sama skilninginn og skortir ákveðna dýpt,“ skýrir hún.

„Ég er spennit og jákvæð fyrir framtíðinni. Það eru eiginleikar sem ég hafði ekki. Ég var týpan sem var að baktala rétt eins og ansi margir Íslendingar gera. Ég hef alveg komið illa fram við fólk og gert fullt af hlutum sem ég myndi aldrei gera í dag. Það er sigur fyrir mig. Ég hefði líklega aldrei farið út úr þessu, ef ég hefði ekki gengið í gegnum þennan skilnað. Að ganga í gegnum þetta var ógeðslegt en það sem kom út úr því er dásamlegt. Nú er ég þessi sem situr ekki á sófanum heima og væli yfir að geta ekki gert hitt eða þetta. Maður finnur sér leiðir til að gera það sem mann langar til.“

Hugurinn leitir út

„Ég er loksins að útskrifast úr skólanum. Þessi þrjú ár hafa samt liðið bæði hratt og hægt. Ég átti alls ekki von á að komast inn í námið þegar ég sótti um. Hafði einfaldlega ekki nógu mikla trú á sjálfri mér en vissi að mig langaði ekki að læra eitthvað praktískt bara vegna þess að það væri praktískt, heldur vegna þess að ég ætlaði að gera það sem mig langaði til,“ segir hún og heldur áfram:

„Ég sé mig ekki fyrir mér í frönsku tiskuhúsi eins og ég gerði í upphafi námsins. Ég hef miklu meiri áhuga á því sem gerist bak við tjöldin og í markaðsmálunum,“ segir hún og það lifnar yfir henni. „Mig langar að flytja til útlanda, persónulega liður mér ekki vel á Íslandi og tækifærin mín eru ekki hér. En ég hugsa fyrst og fremst um börnin mín, hvar þeim líður best. Mig langar að þau hafi öll heimsins tækifæri til að láta sína drauma rætast.“

LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

Opið fyrir umsóknir vegna sýningarhalds í Listasal Mosfellsbæjar á árinu 2017

Óskað er eftir umsóknum um einka- og samsýningar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Nánari upplýsingar og eyðublöð má finna á vefsíðu Bókasafns Mosfellsbæjar:

www.bokmos.is/listasalur

eða í síma 566 68 22

Umsóknir skulu vera vandaðar og berast fyrir 1. júní 2016.

Umsóknir sendist til:

Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

eða á póstfang: listasalur@mos.is
einnig er hægt að sækja um rafrænt.



„Frábærir aksturseiginleikar,
gott verð og ríkulega búinn“

- niðurstaða bíladóms Auto Express
um Ford Focus



NÝR FORD FOCUS

Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.



Ferðafjör Ford

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

FORD FOCUS

BEINSKIPTUR

FRÁ **3.190.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **3.390.000** KR.

FORD FOCUS ER EINNIG FÁANLEGUR
STATION FRÁ 3.350.000 KR.

Upplifðu frábæra
aksturseiginleika Ford Focus
- komdu og prófaðu



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. ♦ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO₂ losun 108/125 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Gengið úr myrkri í ljós

Samhygð, fordómaleysi og opin umræða eru mikilvægir þættir þegar kemur að því að draga úr sjálfsvígum og gefa fólki von. Fjölmargir taka þátt í göngu úr myrkri í dagsljós til fjáröflunar hjálparmiðstöðvar sjálfsvíga og sjálfsskaða.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Aðfaranótt 7. maí næstkomandi verður gengin 5 kílómetra leið úr næturmyrkri inn í dagrenningu. Gangan hefst kl. 04.00 við húsnæði KFUM og KFUK

við Holtaveg í Laugardal. Það eru ný samtök, Pieta Ísland, sem standa fyrir göngunni. Samtökin hyggjast stofna hjálparmiðstöð fyrir sjálfsvíg og sjálfsskaða. Gangan er að irskri fyrirmynd en samtökin Pieta House voru stofnuð á Írlandi fyrir áratug,

tilgangur þeirra er að gefa von, hvetja til vitundarvakningar um sjálfsvíg og sjálfsskaða, standa fyrir fræðslu og rannsóknnum og útvega sálfræðiaðstoð.

Jóhanna María Eyjólfadóttir er formaður stjórnar Pieta Ísland sem

stendur í fyrsta skipti fyrir göngu á Íslandi. „Þetta er gert með táknaðum hætti, við göngum á móti sólarupprásinni. Stefnan er að opna hjálparmiðstöð, við tókum eitt skref í einu,“ segir hún og segist finna fyrir miklum velvilja.



Aðalbjörg Stefania er engum reið eftir fráfall föður síns en minnir á mikilvægi þess að sýna samhygð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjálfsvíg eftir opinberun

Aðalbjörg Stefania Helgadóttir missti föður sinn fyrir um áratug. Hann hafði áður komið út úr skápnum eftir þrjátíu ára hjónaband.

Ég tek þátt í göngunni til að styðja þetta forvarnarstarf og til að vekja athygli á því að þetta er brýnt samfélagsmál. Gangan minnir okkur á það að ljósið er innra með okkur öllum, við erum öll ljósberar en eigum það til að vera oft fóst í okkur sjálfum. Þetta er bara spurning um að færa athyglina út á við, horfa í augun á fólki. Sýna því umhyggju,“ segir Aðalbjörg.

„Pabbi minn fyrirfór sér árið 2005, rétt fyrir jól. Hann var fimmtíu og átta ára gamall. Hann opinberaði samkynhneigð sína eftir rúmlega þrjátíu ára hjónaband hans og mömmu og sókk ofan í þunglyndi og vanlíðan rúmu hálfu ári síðar,“ segir Aðalbjörg um aðdraganda sjálfsvígsins. „Þetta var

gríðarlega stórt skref fyrir hann að taka. Fólk er svo fljótt að dæma. Að gefa sér eitthvað fyrirfram í stað þess að reyna að setja sig í spor annarra. Hann leitaði svolítið eftir samþykki hjá fólki sem hann vissi vel að myndi ekki standa með honum og hann dæmdi sjálfan sig líka mjög hart,“ segir Aðalbjörg og tekur það fram að hún sé engum reið vegna fráfalls föður síns.

„Við þurfum öll á því að halda að finna að við erum hluti af stærri heild. Ég held að allir á Íslandi þekki einhvern eða til einhvers sem hefur fyrirfarið sér. Vanlíðanin hjá viðkomandi er óskiljanleg, við getum ekki skilið hana en við skulum láta það vera að dæma, og í stað þess hlusta á fólk og gefa af okkur,“ segir Aðalbjörg.

Guðmundur Hermann Gunnarsson gerði tilraun til sjálfsvígs fyrir ári. Hann segir mikla þörf á hjálparmiðstöð fyrir fólk í bráðum vanda.

Það hefur alltaf farið lítið fyrir mér,“ segir Guðmundur, sem er kallaður Mummi, um það hvernig vandi hans ágerðist. „Ég átti eldri systkini sem kröfðust mikillar athygli frá móður minni. Við erum öll með athyglisbrest. Bróðir minn er ofvirkur og systir mín lesblind. Móðir okkar er einstæð og ég var afskiptur og mikið út af fyrir mig,“ segir Mummi sem segir þannig fáa hafa tekið eftir vanlíðan sinni.

„Ég hef alltaf verið góður í því að setja upp grímu, hún festist við mig,“ útskýrir hann frekar.

„Ég sá eiginlega enga leið út nema að sofna og vakna ekki aftur.“

Hann gerði tilraun til þess en sendi neyðarkall áður til vina sinna á Snapchat. „Ég vaknaði á sjúkrahúsi og daginn eftir að ég vaknaði á spítalanum þá fórum við fjölskyldan saman upp á geðdeild og óskuðum eftir hjálp. Ég fór í viðtal en í stuttu máli þá var mér vísað út.“

Hann var ósáttur við móttökurnar á geðdeild en ákvað samt að vinna í sínum málum. „Ég varð virkilega reiður. Mamma sendi bréf til Landspítala um meðferð mína þar. Við fórum svo á fund með yfirlækni sviðsins og ræddum opin-skátt um hvað hafði gerst og mér fannst það gott. Við vorum sammála um að það væri verr tekið á móti strákum en stelpum þegar kemur að sjálfsvígshugsunum,“ segir Mummi sem segist hafa rætt við fleiri stráka um þetta efni. „Þetta er frekar reynsla stráka en stelpna, að þeim sé vísað í burtu þegar þeir leita eftir aðstoð.“

Fékk tækifæri

Mummi fór í meðferð á Vog sem styrkti hann enn frekar og fyrir tilviljun heyrðu hann og mamma hans minnst á samtökin Hugarafli í útvarpsviðtali. „Ég hafði aldrei heyrt um samtökin áður, samt hef ég hitt tíu sálfræðinga og þrjá geðlækna á minni ævi. Þessi samtök hafa gagnast mér mikið í bata. Í Hugarafli mætist fólk á jafningja-grundvelli, þar fékk ég tækifæri og þar er fólk sem hefur verið í svip-uðum aðstæðum.“

Með því að taka þátt í göngunni vill hann stuðla að því að opnuð verði miðstöð þangað sem fólk eins og hann getur leitað. „Ég vil að fólk fái þá hjálp sem ég fékk ekki. Það bráðvantar í samfélagið, það er ekki haldið utan um fólk í þessum vanda í heilbrigðiskerfinu,“ segir hann.

Vísað út af geð



ÞETTA ER FREKAR REYNISLA STRÁKA EN STELPNA, AÐ ÞEIM SÉ VÍSAÐ Í BURTU ÞEGAR ÞEIR LEITA EFTIR AÐSTOD.

Um Pieta House

Pieta House var stofnað á Írlandi fyrir áratug af Joan Freeman, í kjölfar þess að systir hennar féll fyrir eigin hendi. Úrræðaleysi heilbrigðiskerfisins var hvatning til stofnunar samtakanna og er tilgangur þeirra að gefa von, hvetja til vitundarvakningar um sjálfsvíg og sjálfsskaða, standa fyrir fræðslu og rannsóknum og útvega sálfræðiaðstoð svo eitthvað sé nefnt. Pieta Ísland hefur nú verið stofnað og stendur fyrir göngunni, sem gengin er á sama tíma í nokkrum löndum og er reiknað með að yfir 120.000 manns gangi úr myrkri inn í birtu á sama tíma.



120.000 MANNS

GANGA ÚR

MYRKRI Í BIRTU

**Á SAMA TÍMA AÐ-
FARANÓTT 7.MAÍ**



deild

Bjóðum nú Bosch þvottavél og þurrkara á einstöku tilboðsverði.

Frábært par, sem hugsar vel um þig.



Bosch, þvottavél

Serie 4, WAN 282B7SN

Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. og í orkuflokk A+++.
Mjög hljóðlátur, kolalaus mótör með 10 ára ábyrgð.

Tilboðsverð: 89.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.



Bosch, þurrkari

Serie 4, WTH 8520SSN

Nýr 8 kg þurrkari með íslensku stjórnborði og rafrænum rakaskynjara. Orkuflokkur A++. 40 mínútna hraðkerfi. Krumpuvörn við lok þurrkunar.

Tilboðsverð: 89.900 kr.

Fullt verð: 129.900 kr.

Guðmundur Hermann Gunnarsson, kallaður Mummi, vill stuðla að því að fólk í bráðum vanda fái þá aðstoð sem hann fékk ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vélarnar fást eingöngu í Bosch-búðinni.
Tilboð gildir til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is



Dilla kveðst benda börnum á að þegar þau hafi verið að læra að ganga hafi þau dottið oft en nú geti þau hlaupið. Sama gildi um sundið. Manni mistakist aftur og aftur þangað til einn daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Börn geta meira en við höldum

Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir leikskólakennari hefur sinnt sundþjálfun barna á Akureyri af kostgæfni í nær tuttugu ár. Börnin kalla tímana Dillusund og sum hafa yfirfært það nafn á sundlaugina sjálfa. Dýrleif hlaut samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á dögumum í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar, vegna fjölda tilnefninga frá aðdáendum.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Akureyringurinn Dýrleif Skjöldal er stödd í Reykjavík að sinna nýfæddri sonardóttur, hverrar foreldrar eru að ljúka prófum. Unga daman sefur vært þegar við Dýrleif tyllum okkur við sporóskjulað eldhúsbord til að spjalla saman. Áður en við snúum okkur að aðalumræðuefninu, Dillusundinu, sem Dýrleif hlaut samfélagsverðlaun Fréttablaðsins fyrir, kemst ég að því að hún vill láta kalla sig Dillu og að Skjöldalsnafnið er komið frá afa hennar, Kristjáni Pálsyni. Hann fór til náms í Danmörku um 1900 og fannst eftirnafnið sitt hljóma eins og Pölse í munni Dana svo hann ákvað að kenna sig við dal á æskustöðvunum í Eyjafirði.

Ofan í þrjá tíma á dag

„Sundþjálfun barna varð eiginlega óvart mín sérgrein og það er fyrst og fremst áhugi á henni sem fleytir mér áfram,“ segir Dilla brosandí. „Ég er ofan í lauginni með krökkum hátt í þrjá tíma á dag, samfleytt, eftir vinnu á leikskólanum á Svalbarðseyri en starfið mitt þar er líka mikið áhugamál.“

Eitt af því sem Dilla segir einkenna afstöðu sína til barna er trú á getu þeirra. „Eðlislega held ég alltaf að krakkar geti meira en við höldum og það er svolítið ríkt í mér að leyfa þeim að komast að því sjálfum. Hvernig? Oft sést það á krökkum ef þá langar að prófa eitthvað og þá þarf bara að hvetja þá aðeins. Ég vel að vera við hliðina á þeim, í stað þess að snúa

þeim strax við, og rétti þeim höndina ef á þarf að halda.“

Dilla segir flestum börnum líða vel í vatni, sum þeirra skorti þó kjark til að fara í kaf og þá þurfi hún að vera svolítið frek. „Stundum spyrja foreldrar mig hvort krakkin þeirra megi ekki sleppa því að fara kollhnís, hann fái svo mikið vatn upp í nefið og ég spyr á móti: „Nú, kann hann ekki að snýta sér?“ Það er eina ráðið, að blása gegnum nefið, því loftið ýtir vatninu burtu. Okkur hættir til að vera dálítið meðvirk. Ég bendi börnum oft á að þegar þau hafi verið að læra að ganga hafi þau dottið marg oft en alltaf staðið upp aftur og nú geti þau hlaupið. Eins sé þetta í sundinu, manni mistakist aftur og aftur þangað til einn daginn að allt gengur vel.“ Spurð hvort hún hafi þurft að beita hjálp í viðlögum á börn í lauginni svarar Dilla: „Ég hef alveg lent í að krökkum hefur svelgst á og þau hafa orðið undir í leik þannig að þau hafa orðið hrædd. Það er erfitt. En aðalatriðið er, eins og þegar fólk dettur af hestbaki, að hvetja þau til að reyna aftur.“

Búa að sundi alla ævi

En hvaðan kemur Dillu áhuginn á sundinu? „Sem krakki bjó ég nálægt sundlaug Akureyrar og var þar mjög mikið. Ég æfði hjá Sundfélaginu Óðni þegar ég var tíu til tólf ára, þá voru þar bara tveir hópar og ég var sett í þann eldri, vegna getu. Tveimur árum seinna voru bara átján og níttján ára strákar eftir í þeim hópi og því hætti ég. Það var enginn að spá í það, enda ekki nærri eins mikil áhersla lögð á íþróttir þá eins og núna.“

Eftir að ég varð fullorðin þvældist ég svo í að þjálfá litlu krakkana, fyrst af því að þjálfarinn þeirra fékk botnlangakast

og svo vegna mannekle. Strákarnir mínir æfðu sund og ég var í stjórn sundfélagsins, eins og margir foreldrar. Ég vissi að það voru engir peningar til og þetta var verk sem þurfti að vinna svo ég var kauplaus fyrstu árin. En þegar ég útskrifaðist sem leikskólakennari 2008 fór ég að fá bætt upp það sem ég missti úr vinnu í leikskólanum sundsins vegna. Svo ég vinn sem 70 prósent leikskólakennari og það sem vantar upp á 100 prósent laun fæ ég fyrir sundið. Það þættu ekki alls staðar mikil þjálfaralaun, að minnsta kosti ekki í knattspyrnunni. Ég er með börn, frá fjögurra til níu ára, hef verið með upp undir átta hópa og í einum þeirra er fólk með skilgreinda fötlun.“

Ekki er Dilla í vafa um góð áhrif sunds á heilsu og hæfni. „Sund er sérstakt að því leyti að það getur fólk stundað sér til heilsuþótar svo lengi sem það lifir, jafnvel þó það lendi í slysi, lamist eða fatlist. Börn sem æfa sund snemma á lífsleiðinni búa að því alla ævi og ef þau fara í aðrar íþróttir eru þau undantekningarlítið með þeim bestu þar, því samhæfing hugar og líkama er svo mikil.“

Hún Dilla er ekki bara áhugasöm um sund barna heldur líka útiveru. Auk þess að vera daglega í venjubundinni útivist eru leikskólakennarinn á Svalbarðseyri í útskóla hjá henni einu sinni í viku í tvo til þrjá tíma, alveg sama hvernig veðrið er. „Við förum um eyrina alla og mjög oft niður í fjöru. Ég reyni að fá börnin til að átta sig á hvað þau eru heppin að geta leikið sér í fjöru því megnið af börnum heimsins fær aldrei að sjá sjó á ævi sinni. Ef mjög mikill vindur er förum við í skógarreit fyrir ofan eyrina en börn í dag eiga svo finan fatnað að þau gætu sofið uppi á Grænlandsjökli í 40 stiga frosti án



BÖRN Í DAG

EIGA SVO

FÍAN

FATNAÐ AÐ

ÞAU GÆTU

SOFIÐ UPPI

Á GRÆN-

LANDSJÖKLI

Í 40 STIGA

FROSTI

ÁN ÞESS

AÐ VERÐA

MEINT AF.



Frá kynslóð til kynslóðar
Samfélagsverðlaun
Fréttablaðsins
2016

þess að verða meint af. Þegar ég var lítil gengu stelpur í stuttum sokkum og pilsí á sumrin og strákar í stuttbuxum. Nú má ekki sjást í bera leggi, börn eru alltaf kappklædd. Það er bara eins og Ísland hafi rekið í átt að norðurpólnum! ... Auðvitað er ég að alhæfa, það er alveg minn stilli!“

Synirnir eins og geirfuglar

Dilla er gift kona og á þrjá syni. Hún eignaðist drengina á þremur og hálfu ári og fannst það gott fyrirkomulag. „Það er það langgáfulegasta sem ég hef gert,“ segir hún hlæjandi. „Þetta var þannig þá að af því að ég var gift höfðu mín börn ekki forgang í leikskóla, strákarnir byrjuðu því ekki þar fyrr en fjögurra til fimm ára og fengu bara að vera í fjóra tíma eftir hádegi. Því var alveg eins gott að taka tímabil í að eiga þá og sinna þeim og snúa sér svo að öðru. Ég var hvort sem er að koma þeim í gegnum veikindatímabil fyrstu árunna og gefa þeim að borða og þá skipti engu máli hvort þeir voru einn eða þrír – já eða tíu – því synir mínir fengu að koma inn með alla sína vini. Svo eiga þessir bræður hver annan að allt lifið, því þeir tengdust svo sterkt saman. En þeir eru náttúrlega eins og geirfuglar, greyin, eiga engin hálfstykki og bara eitt par af foreldrum sem eru enn húsínu – svona fólk er varla til lengur! Nú á Dilla orðið þrjú barnabörn og reynir að forgangsraða tíma sínum til þeirra eftir því sem hún getur. „Það er þessi nýfædda stúlka hér fyrir sunnan og svo tveir drengir fyrir norðan,“ segir hún brosandí. „Strákarnir eru auðvitað byrjaðir að læra sund hjá ömmu sinni þegar lausar stundir eru um helgar.“

MERKJAVÖRU MARKAÐUR



NORTH

4.000 kr



Duo Shou

4.000 kr



VANS

6.000 kr



4.000 kr



ECCO

9.000 kr



10.000 kr



Duo Shou

4.000 kr



Rushour

4.000 kr

NÝTT



8.000 kr



8.000 kr



13.000 kr



VANS

6.000 kr



6.000 kr



4.000 kr



ECCO

10.000 kr



10.000 kr



SIXMIX

5.000 kr



13.000 kr



4.000 kr



Bio Comfort

6.000 kr

NÝTT



VIOX

3.000 kr



3.000 kr



VIOX

3.000 kr



ECCO

5.000 kr

20. APRÍL – 8. MAÍ

HÚSIÐ
OPNAR
kl. 11⁰⁰

— opið til kl. 18 —

Toppskórin

SMÁRATORGI

(við hliðina á Toys 'R' Us)

Eyðileggja sig á stressi og pilluáti

Birgitta Jónsdóttir Klasen er náttúrulæknir sem fann köllun sína fimm ára gömul. Hún elskar Ísland, land og þjóð, en finnst dónarnir hér ekkert spes. Hana langar mikið til að bjarga íslensku þjóðinni.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Birgitta Jónsdóttir Klasen hefur verið í náttúrulækn-ingabransanum í heil fjórúti og þrjú ár. Auk þess er hún með menntun í sálfræðilegri ráðgjöf og félagsráðgjöf. Hún reiknar með að skrifa doktorsritgerð í nánustu framtíð, tíminn vinnur með henni. Birgitta er fædd í Þýskalandi og fann köllun sína aðeins fimm ára gömul. „Ég er fædd með þetta. Ég byrjaði að nudda fólk þegar ég var fimm ára gömul. Þá áttaði ég mig á að fólk var allt annað eftir að ég nuddaði fæturna. Eins klár og ég var fattaði ég að þetta gæti ég nýtt mér,“ segir hún sitjandi við skrifborðið sitt umvafin fræðibókum á nuddstofunni í Keflavík. Hundurinn Jérôme er á vappi í kringum hana og Birgitta lýsir yfir þungum áhyggjum sínum af húðsjúkdómi sem hrjár greið. Hann nálgist tólf ára aldur og það sé nokkuð gott í hundaárum talið.

Allir með pillur í vasanum

„Hér liður mér vel. Þegar ég fór frá Þýskalandi árið 2001 var ég að yfirgefa landið. Mig langaði mikið að hjálpa Íslendingum að komast á fætur. Ég elska Ísland, land og þjóð, ef maður dregur frá dónana hérna, ég elska þá ekki. Mig langar að fólk hlusti aðeins á þessa gömu kerlingu. Hún hefur ýmislegt að segja og það er allt í lagi að hlusta á hana,“ segir Birgitta. Hún stendur á því fastar en fótunum að Íslendingum megi bjarga á svo margan hátt og ef til vill er það hárrétt hjá henni. Hún getur a.m.k. stært sig af því að vera einhver eftirsóttasti nuddari landsins. Hún notar þrýstipunktanudd í sínum aðgerðum við að laga kroppana og hefur þegar sent frá sér tvær bækur. Sú þriðja er í smíðum. Sjálf brennur hún mikið fyrir að leysa þjóðina úr viðjum verkjapilluátsins sem henni ofbýður. „Fólk er að taka allt of mikið af verkjalyfjum. Allir eru með þetta í vasanum og ef eitthvað er að hikar fólk ekki við að stinga uppí sig. Ef fólk fer í stærri aðgerðir og slíkt þá er engin spurning að fólk þarf að taka pillur, en það er orðið svo mikið normal að velta ekki öðrum valmöguleikum fyrir sér. Við erum að eyðileggja líkamsstarfsemina með pilluáti. Verst þykir mér þó þegar verið er að gefa börnunum pillur. Það er til háborinnar skammar. Auðvitað fá börnin pillu ef þau eru búin að vera veik og tapa miklu úr líkamsstarfseminni þess vegna. Að vera að dæla í þau vítamín og tölum á hverjum morgni er óþarfi, ef barnið borðar mat,“ segir hún og er býsna afdráttarlaus.

Til andskotans með hana

Í sömu andrá færast talið að svokölluðum heilsuvörum, sem ekki eru hátt skrifafarar í bókum Birgittu, „Í dag er allt flokkað undir heilsuhattinn. Heilsu-drykkur, heilsu-koddi, heilsurúm. Heilsu-allt. Niútiú og níu prósent þess sem verið er að auglýsa er ekkert

heilsu-neitt. Þetta er allt markaðshyggja og þessi markaður er sko stór,“ segir hún og hleypir brúnum áður en hún dregur þær aftur upp og segir glaðlega: „Ég er mjög hreinskilin, meðan sumir taka undir með mér segja aðrir „til andskotans með hana“. Það skiptir mig engu, ég hef þekkinguna. Ég er hér til að bjarga. Ég hef ástríðu fyrir að hjálpa. Sjálf átti ég erfitt sem barn svo þegar ég fór að eldast vildi ég reyna allt mitt til að koma í veg fyrir að öðrum liði illa og vera þá tilbúin til að hjálpa ef einhver kæmi til mín sem liði illa.“

Birgitta kom ein til landsins, en hún hafði misst stóru ástina í lífi sínu í bílslysi þegar hún var aðeins tuttugu og sjö ára. Hún lét þar við sitja og leitaði ekki lengra. Einu og hálfu ári síðar tók hún að sér átta ára dreng sem dvaldi hjá henni næstu tólf árin. Fyrir henni kom ekkert annað til greina en að helga líf sitt góðverkum. Hún hjálpar þar sem hún getur og segir frá að bara árið 2013 hafi hún eytt fimm hundruð klukkustundum í sjálfboda-liðavinnu þar sem polendur heimilisföls leituðu til hennar.

Hamingjusamasta þjóð í heimi? Birgitta segir Íslendinga misjafnlega opna fyrir náttúrulækningum. „Ég finn samt mun. Upp úr 2007 fór fólk að hafa meiri áhuga á þessu. Ég fæ heilmikið af spurningum í gegnum netið og fólk er forvitið,“ segir hún, og fagnar vissulega þeim sem sýna þessu áhuga. „Ég hef nefnilega aldrei skilið hvers vegna fólk þarf að vera dónalegt við mig, og segja „ert þú læknir? Nei þú ert sko ekki alvörulæknir“. Birgitta tók saman nokkra punkta fyrir lesendur sem geta raunverulega hjálpað til í leitinni að hamingjunni. Sjálf klórar hún sér í höfðinu yfir hvernig standi á að Ísland tolli sífellt efst á listum yfir hamingjusömustu þjóðir heims. „Við hvern var eiginlega talað?“ spyr hún og glottir út í annað.

10 heilræði

Þetta er ekki flókið

- 1 Sofa sjö til átta klukkustundir á hverri nóttu.
- 2 Borða léttan kvöldmat, súpu eða salat.
- 3 Fara á fætur á morgnana með rétt viðhorf: Hvað ætla ég að gera í dag? – en ekki andskotinn sjálfur, enn einn dagurinn.
- 4 Vera jákvæður.
- 5 Hugsa fallega til sín.
- 6 Drekkja einn lítra af vatni fyrir hádegi og svo annan eftir hádegi til sex, dreypa á, ekki hella í sig.
- 7 Fara í hádegismat. Ekki skutla í sig samloku. Fara og setjast niður og njóta.

8 Best væri ef fyrirtæki gætu boðið starfsfólki upp á tuttugu mínútna lúr eftir hádegismatinn. Flestar vitleysur gerast eftir hádegi á vinnustöðum og það getur verið dýrkeypt.

9 Fara í smá göngutúr eftir matinn með fólkinu sínu.

10 Ekki fara of seint að sofa.



MEÐAN SUMIR TAKA UNDIR MEÐ MÉR SEGJA AÐRIR „TIL ANDSKOTANS MEÐ HANA“. ÞAÐ SKIPTIR MIG ENGU

Helstu mistök Íslendinga

- Stressið.
- Snjallsímarnir. Þeir eru það versta sem komið hefur á markað
- Við tölum ekki við fólki okkar og þegar við gerum það endar það í öskrum
- Gleymum að vera fyrirmyndir barnanna okkar
- Erum of dónaleg, vegna þess að okkur liður illa
- Þjóðin í heild sinni er of íhaldssöm. Fólk þarf að fá að þroskast



Hjalte Freyr Óskarsson, deildarstjóri skódeildar, Ottó Ingi Ingimarsson, aðstoðarverslunarstjóri, Ásta Sigrún Friðriksdóttir, verslunarstjóri, Guttormur Þorláksson, aðstoðardeildarstjóri skódeildar, Matarr Jobe, vörumóttökustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Sports Direct kynnr Sports Direct er alhliða, alþjóðleg íþróttavöruverslun með fjölbreytt úrval fyrir flestar íþróttagreinir ásamt fleiru.

Verslun Sports Direct var opnuð hér á landi 26. maí árið 2012 en eins og flestir vita er Sports Direct alhliða íþróttavöruverslun. „Við höfum mun breiðara vöruúrval en hefðbundnar íþróttavöruverslanir og leggjum mikið upp úr því að bjóða eins lágt verð og hægt er,“ segir Ásta Sigrún Friðriksdóttir, verslunarstjóri í Sports Direct.

Hugmyndin er að sögn Ástu að Sports Direct sé að einhverju leyti sjálfsafgreiðsluverslun, þar eru til dæmis stangir á öllum veggjum svo viðskiptavinir geti sjálfir sótt vörur sem eru hátt uppi, allar vörur eru hafðar frammi í versluninni og eru vel verðmerktar og passað er upp á að kubbar sem sýna fatastærð séu á öllum herðatrjám þannig að viðskiptavinir geti gengið að öllum stærðum vísu. „Af þessum sökum er verslunin kannski ekki jafn þétt mönnum og einhverjir myndu vilja. Eftir fjögur ár hér á landi höfum við þó aðlagð okkur annars konar menningu en er til dæmis í Bretlandi þar sem minni áhersla er lögð á að veita góða þjónustu. Við höfum því aukið hefðbundnar kröfur fyrirtækisins um þjónustu en fylgjum þó í meginráttum kröfum keðjunnar sem hefur sannað sig víða um heim sem leiðandi lágverðsfataverslun.“

Allir nýir starfsmenn Sports Direct ganga í gegnum grunnþjálfun með mannaútsjórn þar sem farið er yfir öll grunnatriði sem snúa að þjónustu og því hvernig verslunin virkar. „Allir starfsmenn okkar eru því þjálfaðir til að takast á við þær kröfur sem við og íslenskir neytendur gera,“ útskýrir Ásta.

FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL

Allar vörur í versluninni eru keyptar beint frá vöruhúsi Sports

Direct í Bretlandi sem leiðir til þess að hægt er að halda verðinu lágu. „Við fáum sendingar í hverri viku og því er vöruúrvalið mjög breytilegt,“ segir Ásta og nefnir að hjá Sports Direct geti ólíkir aðilar fundið það sem þá vantar. „Við erum með allt frá vörum fyrir hinn almenna einstakling sem stundar einhverja hreyfingu eða útivist upp í sérhæfðan fatnað fyrir hjólréiðafólk, hlaupara og þá sem stunda líkamsræktina af kappi auk þess að vera með bæði sund- og golfvörur. Einnig erum við með gallabuxur og annan hefðbundinn fatnað. Vöruúrvalið hjá okkur er ekki bundið við einhvern ákveðinn hóp. Við fáum inn fjölbreytta einstaklinga, allt frá ungum íþróttaiðkendum til eldri manna sem eru að leita sér að gallabuxum,“ segir Ásta og brosir.

AÐEINS ERLEND VEFSÍÐA

Vefsíða Sports Direct.com er rekin af Sports Direct í Bretlandi og eru allar vörur afgreiddar úr miðlægu vöruhúsi þeirra í Bretlandi. „Sports Direct sér um að reka vefsíðuna sem þjónustar allan heiminn. Vöruúrvalið þar er mörgum sinnum stærra en í versluninni og er hægt að finna alls kyns gullmola eins og til dæmis gamlar fótþolatrejgur og fleira,“ nefnir Ásta.

Þar sem vöruúrvalið í versluninni reynist síbreytilegt hefur ekki reynst mögulegt að afgreiða vörur í gegnum net eða síma úr versluninni í Kópavogi en öll þjónusta við vefsíðuna er í Bretlandi.

„Til að halda verðinu lágu öllum til hagsbóta þá leyfum við Sports Direct-keðjunni að sinna netinu en við sinnum lágu verði fyrir gesti okkar í Kópavogi.“



„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.“

Jóhannes S. Ólafsson
útgerðarmaður
og skipstjóri

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum



NÝTT
LÍFRÆNT OFURFÆÐI

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



WHOLE EARTH™
DOWN-TO-EARTH GOODNESS

**FRÍSKANDI
LÍFRÆNT GOS
FULLKOMNAR
DAGINN**



Yfirfullt af náttúrulegum gæðum

Frískandi bragð - No nonsense

**Fæst í heilsuvörubúðum og
öllum helstu matvöruverslunum**

www.wholeearthfoods.com

Segðu halló



Kristín ræðir um lýðræðið og pólitíkina í ræðu sinni á Ingólfstorgi á sunnudag. MYND/STEFÁN

ÞURFUM AÐ LÁTA Í OKKUR HEYRA

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, ætlar að standa í ræðustól á Ingólfstorgi á morgun, 1. maí. Hún segist alltaf hlakka til þessa dags enda sé hann hátíðardagur verkafólks í landinu.

Kristín er búin að setja saman ræðuna. „Já, mér gekk mjög vel að setja hana saman. Lýðræðið í landinu verður í hávegum haft og pólitíkin eins og hún hefur blasað við okkur undanfarna daga og vikur. Fyrsti maí vekur fólk til umhugsunar um réttindi sín og um hvað betur má fara í þjóðfélaginu. Sem betur fer er þátttaka fólks í stéttarfélagum á Íslandi mikil og meiri en víðast hvar í heiminum. Það er gott að rödd verkafólksins heyrist,“ segir Kristín.

LÖNG REYNSLA

Kristín hefur langa reynslu af kjarabaráttu og félagsmálum. Upphaflega voru sjúkraliðar ekki í einu stéttarfélagi heldur dreifðir í 32 starfsmannafélög. „Það var strax markmið mitt árið 1988 að sameina alla sjúkraliða í stéttarfélag. Það tókst og fyrsti kjarasamningurinn var gerður árið 1992,“ segir hún og bætir við að starfið sé alltaf jafn skemmtilegt. „Annars væri ég ekki búin að vera í þessu svona lengi. Maður þarf að hafa brennandi áhuga á starfinu fyrir hönd stéttarinnar og sjá hana blómstra.“

Áður en Kristín fór í sjúkraliðanám starfaði hún sem ófaglærð í Svíþjóð og hér heima. Hún útskrifaðist úr námi 1982. Eftir það starfaði hún í fimmtán ár á skurðstofum Landspítala. „Stundum sakna ég þess að vera ekki í sjúkraliðastarfinu en maður þarf að veita og meta. Mér fannst ég geta gert stéttinni gagn í þessu starfi og legg metnað minn í það. Ég hef alltaf verið pólitísk í mér og hef sterka réttlætiskennnd,“ segir Kristín sem starfaði með Alþýðubandalaginu og flutti sig síðan yfir í Samfylkinguna. „Ég hef aðallega starfað innan flokksins og það er ekki langt síðan ég hætti sem formaður 60+ í flokknum. Það var mjög gefandi og skemmtilegt starf.“

Á HLIÐARLÍNUNNI

„Mikið hefur verið að gera í kjaramálum hjá Sjúkraliðafélaginu svo ég ákvað að leggja pólitíkina til hliðar og einbeita mér alfarið að stéttinni. Ég á ekki von á því að taka þráðinn upp að nýju. Ég vil

Sumir halda áfram í námi en mjög margir sjúkraliðar hafa farið til Noregs, eiginlega heilu hóparnir.

Kristín Á. Guðmundsdóttir

heldur fylgjast með á hliðarlínunni,“ segir hún. „Ég aðhyllist jafnadarstefnuna og vonandi á flokkurinn eftir að rétta úr kútnum. Ég er hins vegar ekki blind í forystuhollustu. Ég hef ákveðna sýn á réttlætismál í þjóðfélaginu og ánægð ef einhver gerir góða hluti, hvaða flokki sem hann tilheyrir, þá fylgi ég því. Það er ekki hægt að verja þessa foringjadyrkun sem maður sér svo víða.“

Þegar Kristín er spurð hvernig henni lítist á pólitíkina er hún fljót til svars. „Ég hef eins og margir staðið á öndinni yfir öllum þessum fréttum. Þetta er eiginlega alveg með ólíkindum og maður verður sorgmæddur fyrir Íslands hönd. Ég held því miður að það sé langt í land með að þjóðin komist í ró.“

Kristín segist þó ekki láta pólitíkina trufla sig í starfi sínu. „Félagsmenn í Sjúkraliðafélaginu aðhyllast ýmsar stefnur og strauma í pólitík og ég virði það. Hins vegar er mikil félagspólitík í heilbrigðiskerfinu. Þar sér maður einnig flokkapólitíkina speglast. Til dæmis einkavæðinguna sem virðist eiga að taka yfir alls staðar. Það er ég er ekki sátt við.“

FARA TIL NOREGS

Það hefur margt breyst í heilbrigðiskerfinu frá því Kristín hóf formannsferil sinn. „Sjúkraliðar standa á margan hátt betur að vígi nú en áður, fyrir utan það að álagið er miklu meira og mönnun mun lélegri. Kjaralega hefur okkur orðið ágengt og viðurkenning á starfinu hefur aukist og menntunin er viðurkenndari. Sjúkraliðar hafa verið með löggildingu á starfinu frá árinu 1986.“

Sjúkraliðar eru 95% kvenna-

stétt. Skólarnir hafa skilað nýjum sjúkraliðum, bæði ungu fólki og eldra. „Því miður hverfa margir í önnur störf, sérstaklega þegar þeir horfa til launa. Sumir halda áfram í námi en mjög margir sjúkraliðar hafa farið til Noregs, eiginlega heilu hóparnir. Það er gríðarlegur skortur á sjúkraliðum og stéttin er að eldast mikið. Ég hef sagt við stjórnendur að þeir þurfi að gera starfið meira aðlaðandi til að halda fólki. Mér sýnist að Landspítalinn hafi hug á að nýta sjúkraliða betur með breytingum sem fram undan eru. Sjúkraliðar hafa lengi verið vannýtt stétt. Margir stjórnendur átta sig ekki á hversu yfirgripsmikið nám sjúkraliða er. Það hefur verið litið niður á þessi störf mjög lengi. Starfið er erfitt og ef fólk finnur ekki fyrir viðurkenningu yfirmanna sinna þá er auðvelt að kulna í starfi,“ segir Kristín.

ÁSTAND HJÚKRUNARHEIMILA

„Inni á hjúkrunarheimilum hefur tilhneiging verið til að ráða ófaglærða í störf sjúkraliða. Heilbrigðisyrfirvöld virðast ekki hafa afl til að stöðva þessa þróun. Það hefur komið berlega í ljós að gamla fólkið fær ekki nauðsynlega hjúkrun og aðhlyningu sem dagleg umhirða snýst um. Má þar nefna frétt um lélega tannhirðu. Svona hlutir eru á ábyrgð sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga en þeir eru varla sjáanlegir lengur á hjúkrunarheimilunum. Fólk er ráðið í þessi störf án allrar þekkingar og margir tala ekki íslensku. Það er íslensku heilbrigðiskerfi til skammar að þróunin sé þessi á hjúkrunarheimilum,“ segir Kristín

Fyrir þremur árum fluttu Kristín og maður hennar, Diðrik Ísleifsson, frá Kópavogi í hús sem stendur í búgarðabyggð á milli Selfoss og Eyrarbakka. „Það var ósk eiginmannsins að flytja í sveitasælu. Þar erum við með hænur og hund og njótum þess að vera í kyrrðinni. Við höfum ekki séð eftir þeirri ákvörðun. Ég nýt mín vel þar um helgar með fallett útsýni í kringum mig, meðal annars til Eyjafjalla en þar er ég uppalin.“

elin@365.is

SVEFNSÓFAR

góðir að nóttu sem degi...

-15%



RECAST kr. 129.900 / TILBOÐSVERÐ kr. 110.415

INNOVATION™

- SVEFNSÓFADAGAR -

UNFURL kr. 109.900 / TILBOÐSVERÐ kr. 93.415



ZEAL kr. 79.900 / TILBOÐSVERÐ kr. 67.915



UNFURL kr. 109.900 / TILBOÐSVERÐ kr. 93.415



LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



Auðvelt er að búa til sitt eigið rakakrem.



Eyeliner úr kakói, kókosolíu og shea-smjöri virkar vel.



Augnskugga má búa til úr kakói og örvarrótardufti.

HEIMAGERÐAR, ÓDÝRAR OG EINFALDAR

Fleiri og fleiri vilja eiga kost á því að nota snyrtivörur og hárvörur úr náttúrulegum efnum. Í mörgum tilfellum er það vegna þess að náttúrulegar vörur eru betri kostur fyrir húð og hár viðkomandi en í öðrum spurning um umhverfissjónarmið eða kostnað.

508
REGULAR TAPER
frá kr. 14.990

Víðar yfir lærin
Prengjast niður
Létt teygja
Þægilegar

Verð í Danmörku frá kr. 16.796*
Verð í Bretlandi frá kr. 14.435*

LIVE IN **Levi's**®

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

Skv. verðskrá levi.com og gengistöflu Íslandsbanka 28.04.16

Hægt er að kaupa sér fínar, náttúrulegar snyrtivörur og hárvörur í næstu búð en fyrir þá sem vilja fara sem ódýrasta og líklega um leið náttúrulegustu leiðina er að gera sínar eigin snyrtivörur. Að auki er það líka þægilegasta leiðin því allt hráefnið sem til þarf gæti verið til í eldhúsinu nú þegar.

NÁTTÚRULEGUR AUGNBLÝANTUR OG -SKUGGI

Þegar snyrtivörur, líka þessar náttúrulegu, eru notaðar í kringum augu þarf alltaf að fara gætilega. Með því að nota kakó, spirulina-duft og örvarrótarduft (fæst í flestum heilsubúðum) má fá mismunandi litaða augnskugga. Gott er að geyma augnskuggann í tómu boxi undan gömlum augnskugga.

Til að búa til eyeliner er hægt að blanda smávegis kakói út í kókosolíu eða út í shea-smjör og bera það á með lítillega rökum fínnum bursta. Til þess að fá mýkri lit er jöfnum hlutum af kókosolíu og shea-smjöri blandað saman (um fimmtán millilítrum af hvoru) við kakó. Til þess að fá svartan lit er hægt að nota um hálfa teskeið af lyfjakolum í stað kakós.

HEIMAGERÐUR MASKARI

Blandið saman í lítilli skál nokkrum dropum af Aloe vera geli, örfáum dropum af E-vítamínolíu og smávegis klípu af lyfjakolum. Hægt er að geyma blönduna í tómu umbúðum utan um maskara. Þá er gott að þrifa maskaraburstann á milli þeirra skipta sem maskarinn er notaður.

ANDLITSMASKAR

Þennan andlitsmaska er einfalt að gera. Í hann þarf ½ mjög þroskað avókadó, 2 matskeiðar hunang og hálfa teskeið kókosolíu. Stappið avókadóið þar til það er mjúkt og rjómakent og blandið þá hunangi og kókosolíu saman við. Berið svo á andlitið, en setjið ekki nálægt augum, og látið vera í tíu til fimmtán mínútur. Þurrkið

svo af andlitinu með rökum klút eða hreinsið andlitið með volgu vatni í sturtu.

Þessi andlitsmaski hentar vel fyrir venjulega eða feita húð á meðan þessi á undan er frekar fyrir þá sem hafa þurra húð. Í þennan þarf fjórar matskeiðar af kaffi, fjórar matskeiðar af kakódufti og átta matskeiðar af nýmjólk eða rjóma. Blandið saman kaffi og kakói og bætið mjólkinni við þar til blandan líkist helst búðingi. Berið á andlit og háls en setjið ekki nálægt augum eða munn. Bíðið í fimmtán mínútur og skolið svo af með heitu vatni.

AFSKAPLEGA EINFALT RAKAKREM

Í þetta rakakrem þarf aðeins þrjú hráefni; hálfa bolla af kókosolíu, eina teskeið af E-vítamínolíu og tólf dropa af lavenderolíu. Bræðið kókosolíuna og blandið E-vítamín- og lavenderolíunum við. Hrærið vel saman og leyfið blöndunni að storkna aftur og berið á andlit og háls.

HEIMAGERT FYRIR HÁRIÐ

Þegar kemur að hárinu er líka auðvelt að gera sínar eigin vörur. Hér er sjampó og næring sem innihalda aðeins tvö efni hvort um sig. Þó einfaldleikinn sé hér í fyrirrúmi er árangurinn samt mikill.

Það sem þarf í sjampó er ein teskeið af matarsóða á móti einum bolla af vatni. Gott er að blanda þessu saman í hreinum sjampóbrúsa. Hrista þarf brúsan fyrir hverja notkun. Sprautið svo sjampóinu vel í hársvörðinn og hárið og nuddið vel, látið vera í eina eða tvær mínútur og skolið svo vel.

Hárnæringuna er ekki flóknara að gera, í henni er ein teskeið af eplaedikni á móti einum bolla af vatni. Því er svo blandað saman í tómu brúsa. Næringin er sett í hárið og nuddað í hársvörðinn og skoluð vel úr. Ef hárið verður þurr er gott að setja örlítið af kókosolíu í endana á því á viku fresti.

Bókaðu seinast
mánudaginn
2/5 2016!

2 FYRIR 1

Á ÚTVÖLDUM FERÐUM

*Allt að 50% afsláttur á völdum brottförum.
Takmarkaður fjöldi sæta - fyrstir koma fyrstir fá!*



allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

nazar

FÁIR STANDA KYRRIR

Amaba Dama sendi nýlega frá sér nýtt lag og vinnur að nýrri plötu sem kemur út síðar á árinu. Á morgun verða stórtónleikar á Kexi hosteli fyrir yngri kynslóðina.

Reggísveitin Amaba Dama stökk fram á sjónarsviðið með miklum látum haustið 2014 og hefur síðan verið með vinsælli hljómsveitum landsins. Um helgina heldur sveitin ókeypis stórtónleika fyrir unga fólkið á Kexi hosteli í Reykjavík í tilefni fimm ára afmælis Kexins. Tónleikarnir hefjast kl. 13 og þar mun Amaba Dama m.a. leika ný lög af væntanlegri breiðskífu sem kemur út síðar á árinu.

Áð sögn Magnúsar Jónssonar, öðru nafni Gnúsa Yones, söngvara og aðallagahöfundar sveitarinnar, hafa meðlimir hist undanfarið og unnið að nokkrum lögum en of snemmt sé að segja til um hvenær nýja platan komi út. „Það verður a.m.k. fyrir áramótaskaup. Nýja efnið verður áfram reggi en mun kannski vera minna „roots“ og meira dans. Textalega reynum við alltaf að halda okkur við einfaldleikann en þó með boðskap.“

Yfirleitt er það Gnúsi sem semur lög og oft smá textabút til að byrja með. „Textabúturinn fer svo yfir til Steinunnar sem tekur við textagerðinni og svo hittumst við öll saman þar sem hver fær

að koma með sitt innlegg. Annars erum við þrjú sem syngjum öll í textagerðinni og blásturinn hefur verið að semja sína parta.“

SÁNDIÐ FÍNPÚSSAÐ

Nýjasta lagið er komið í spilun og ber nafnið AiAiAi. „Hugmyndin að laginu fæddist fyrir þó nokkru síðan. Ég held að flestir kannist við boðskapinn í laginu, þ.e. að gleyma sér þegar maður sér fegurð, sama í hvaða mynd sú fegurð birtist. Lagið er svolítið klúbbaflings-reggaíag sem fær fáa til að standa kyrra eins og gott reggi yfirleitt gerir. Ég mundi ekki segja að það gefi endilega fyrirheit um innihald nýju plötunnar enda kláruðum við lagið síðasta haust. Nú erum við t.d. með ska-lag í bígerð og reynum að halda þessu fersku og skemmtilegu.“

Veturinn hefur verið annasamur hjá Amaba Dama og einstökum meðlimum sveitarinnar sem flestir eru ýmsum öðrum verkefnum. Ég er á fullu að vinna músík með Lefty Hooks, Steinunn er með Reykjavíkurdætrum og eru þær á leið í útrás í sumar og Salka hefur verið í Þjóðleikhúsinu með Hróa hetti. Þjörg-



„Við höfum haldið þó nokkra tónleika fyrir yngri liðið og það er alltaf ótrúlega gaman og gefandi,“ segir Gnúsi Yones, söngvari og aðallagahöfundur Amaba Dama. MYND/VILHELM

vin sax-leikari er einn sá allra færasti í bransanum og hefur verið að spila með fjölda listamanna og hljómborðs- og gítarleikarar okkar voru að glamra með Vagina boys og Hössi trymbill er í Godchilla og Blakkát.“

SPILA ERLENDIS

Og annirnar halda áfram í sumar þar sem Amaba Dama mun m.a. leika á nokkrum tónlistarháttum heima og erlendis. „Við munum spila á fyrstu erlendu tónlistarháttinum okkar í ágúst þegar við komum fram á Boomtown í Eng-

landi. Það verður ótrúlega spennandi fyrir okkur að deila sviði með mörgum af helstu reggi-artistunum í dag, eins og t.d. Damian Marley og Kabaka Pyramid.“

Hann lofar skemmtilegum tónleikum á morgun. „Við höfum haldið þó nokkra tónleika fyrir yngri liðið og það er alltaf ótrúlega gaman og gefandi. Á morgun tökum við helstu slagara okkar en að sjálf-sögðu líka einhver ný lög í bland, þ.á.m. nýtt lag með texta eftir föður Steinunnar, Jón Stefánsson garðyrkjumeistara. Þetta verður góður sunnudagur fyrir alla lífsnjótara.“

Það verður meira um músík þessa helgi en tónleikarnir á morgun. „Ég er að taka upp nýjasta hóp-lagið með Reykjavíkurdætrum um helgina og svo ætla ég að kynna fyrir syni mínum djasstónlist en í dag er Alþjóðlegi djasdagurinn og fjölbreytt dagskrá um alla borg. Svo verður eflaust farið á róluvöll eða eitthvað skemmtilegt gert með syninum.“

Tónleikarnir á morgun hefjast kl. 13 á Kexi hosteli á Skúlagötu 28 í Reykjavík, og kostar ekkert inn.

Hlusta má á nýja lagið, AiAiAi, á Spotify.

JÖKLAR

- Forsniðin einingahús úr timbri
- Íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður

GÓLF

Gólfbitar eru úr 45x140mm grindarefni. Gólfklæðning er úr nótuðum furuborðum.

VEGGIR

Timburgrind útveggja er 45x140 mm, klædd að utan með 12mm vatnspolnum krossvið. Útveggir eru klæddir að utan með 21mm standandi grenipanel (eða lerk) á 21+25 mm legtum.

ÞAK

Sperrur eru 45x140 mm, kraftsperrur. Endanlegt þakefni er tvöfalduð Icopal þakpappi (ábræddur) – Fylgir með í pakkanum.

GLUGGAR OG HURÐIR

Gluggar og hurðir eru úr tré með CE vottun. Hert öryggisgler, 3ja punkta Assa læsing og húnar.

ANNAÐ

Rennur og niðurföll fylgja með.

Allar teikningar til byggingarfulltrúa fylgja með húsunum.

Allur burðarviður hússins er að styrkleika-flokki T1 – CE vottað sbr. kafla VIII í mannvirkjalögum.

Húsin koma ósamsett miðað við lýsingu; „Tilbúin að utan, fokheld að innan“.

Húsin uppfylla að öllu leyti skilyrði íslenskrar byggingarreglugerðar.

Hönnun er í senn einföld og stílhrein...



...og útfærð þannig að kostnaðurinn fari ekki fram úr hófi



Húsin geta staðið ein og sér eða verið sett saman í lengju.

GRUNNHÚS 23 FM - Verð 2.100.000 kr.

Einstakt kynningarverð 1.690.000 kr.
Venjulegt verð 2.100.000 kr.

Afhending 30. júní 2016

Gildir til 5. maí 2016



LANDSHÚS

Landshús - Skipholti 50D - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

controlant

Controlant er íslenskt hátæknifyrirtæki sem býður uppá heildarlausnir í rauntímaþróun verðmæta.

Lausnir fyrirtækisins hafa náð útbreiðslu á innlendum og erlendum lyfja- og matvælamörkuðum.

Þær hafa samkeppnisforskot og byggja á þráðlausri tækni, hugbúnaðarlausnum og miðlægu gagnagrunnskerfi sem fyrirtækið hefur þróað á undanförunum árum.

Sjá nánar um fyrirtækið www.controlant.com

Þjónustufulltrúi - Customer service

Controlant leitar að kraftmiklum og vandvirkum einstaklingi með brennandi áhuga á þjónustu í starf þjónustufulltrúa. Um fullt starf er að ræða á dagvinnutíma í lifandi og krefjandi umhverfi

Helstu verkefni

- Móttaka, úrlausn og skráning þjónustubeiðna
- Kerfisbundin skráning og uppfærsla upplýsinga
- Aðstoð við uppsetningu búnaðar í gegnum síma og tölvupóst
- Upplýsingagjöf og kennsla á vefviðmót
- Skráning sölupantana
- Önnur tengd verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Mjög góð almenn tölvukunnátta er skilyrði
- Mjög gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti
- Þjónustulund og mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, jákvætt lífsviðhorf og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Velkominn

Við stækkuðum – stækkaðu með okkur

DEILDARSTJÓRI UT ÞRÓUNAR

Bláa Lónið leitar að drifandi leiðtoga til að stýra hugbúnaðarteymi á Upplýsingatæknisviði Bláa Lónsins. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni og hafa næmt auga fyrir nýjungum í upplýsingatækni.

Upplýsingatæknisviðið er ört stækkandi svið innan Bláa Lónsins og er borið uppi af öflugu teymi starfsmanna með breiða þekkingu og reynslu. Meginhlutverk UT sviðs er að tryggja að upplýsingatækni styðji við stefnu og starfsemi Bláa Lónsins og sviðið ber ábyrgð á UT stefnu fyrirtækisins í heild. Framundan eru m.a. spennandi verkefni í vefþróun og í stafrænni tækni (digital business).

Helstu verkefni og ábyrgð

- Framfylgja stefnu fyrirtækisins í upplýsingatæknimálum
- Markviss þarfagreining og þróun í notkun upplýsingatækni
- Hagræðing og samþætting upplýsingakerfa
- Verkefnastjórn í upplýsingatækniverkefnum
- Þátttaka í áætlana- og samningagerð
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla af hugbúnaðar- og vefþróun
- Þekking á aðferðarfræði Agile og Scrum er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Skipulagni og nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum agla@radum.is. Sækja þarf um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí.

Reykjavíkurborg

Sérfræðingur í uppgjörum



Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir starf sérfræðings í uppgjörum laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í uppgjörsteymi fjármálaskrifstofu. Viðkomandi verður einn af lykilmönnum í uppgjörum A-hluta (sveitarsjóðs) og samstæðu Reykjavíkurborgar. Næsti yfirmaður er deildarstjóri uppgjörseildar (borgarbókari). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

17. maí

Helstu verkefni

- Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.
- Ársreikningagerð fyrir A-hluta og A + B samstæðu.
- Frávikagreiningar og gerð greinargerða með uppgjörum.
- Ýmsar greiningar, útreikningar og svörun fyrirspurna.
- Þróun og umbætur uppgjörferla.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2772

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði.
- Sérmenntun og/eða reynsla á sviði reikningsskila og endurskoðunar æskileg.
- Greiningarhæfni.
- Reynsla af vinnu við samstæðureikningsskil er æskileg.
- Frumkvæði og metnaður.
- Samskiptahæfni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag. Vakinn er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Bolungarvíkurkaupstaður

Bæjarstjóri



Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að taka við starfi bæjarstjóra Bolungarvíkur. Leitað er að hæfileikaríkum, jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi og eiga gott með að starfa með fólki. Viðkomandi þarf líka að eiga auðvelt með samskipti fyrir hönd bæjarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, almenning eða fjölmiðla.

Umsóknarfrestur

20. maí

Starfssvið

- Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og sér um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af bæjarstjórn og bæjarráði.
- Bæjarstjóri undirbýr og situr fundi bæjarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annarra starfsmanna sveitarfélagsins, en nánari útlitun á hlutverki bæjarstjóra er að finna í 48. gr. samþykktu um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar á vef sveitarfélagsins, bolungarvik.is.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2774

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.

Bolungarvík er rúmlega 900 manna bæjarfélag. Þar er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug. Frábær aðstaða fyrir menningarviðburði, nýtt hjúkrunarheimili, ný félagsmiðstöð fyrir unglínga, íbúðir fyrir aldraða og stutt í alla þjónustu. Á næstu árum standa svo fyrir dyrum ýmsar framkvæmdir í bænum. Talsverður vöxtur hefur verið í atvinnulífnum á undanförunum árum. Miklir möguleikar til atvinnuuppbyggingar í Bolungarvík eru í sjónmáli og stöðugt skapast ný tækifæri til sóknar.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Stapi

Framkvæmdastjóri



Stapi lífeyrissjóður auglýsir eftir öflugum leiðtoga í starf framkvæmdastjóra hjá sjóðnum. Framkvæmdastjóri þarf að uppfylla kröfur laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og reglna Fjármálaeftirlitsins frá 6. febrúar 2013 um hæfi framkvæmdastjóra.

Umsóknarfrestur

15. maí

Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins.
- Stefnumótun í samráði við stjórn.
- Framkvæmd fjárfestingastefnu sjóðsins og ábyrgð á ávöxtun eigna hans.
- Áætlunargerð og eftirfylgni.
- Samskipti við opinberar stofnanir, aðra lífeyrissjóði og samstarfsaðila.
- Upplýsingagjöf til stjórnar.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2779

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Rekstrar og stjórnunarreynsla skilyrði.
- Þekking á starfsemi lífeyrissjóða.
- Þekking á fjármálamarkaði.
- Gott orðspor og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi, verslun, þjónustu, iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 13 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupsstað.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Akureyrarbær

Framkvæmdastjóri búsetudeildar



Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra búsetudeildar hjá Akureyrarbæ. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra daglegum rekstri deildarinnar. Starfsemi og þjónusta Akureyrarbæjar er í sífelldri þróun og víðtækt samstarf milli starfssviða. Mikilvægt er að sú þróun haldi áfram. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur

16. maí

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri búsetudeildar.
- Fagleg forysta, gæðamál og þróun þjónustunnar.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Þátttaka við undirbúning og eftirfylgd funda velferðarráðs Akureyrar, upplýsingagjöf og náð samstarf við ráðið.
- Samskipti við notendur, ráðuneyti og hagsmunaaðila.

Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu. Umsókn skulu fylgja yfirlit og greinargóðar upplýsingar um störf umsækjanda og menntun, starfsreynslu og þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til starfsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2775

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af málefnum fatlaðs og aldraðs fólks.
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu sveitarfélaga er kostur.
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar æskileg.
- Þekking á lögum og reglugerðum er varða starfsemina.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu og starfsmannastjórnun æskileg.
- Góð þekking og færni í tölvunotkun, s.s. excel og word.
- Góð íslenskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli æskileg.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Teymishugsun, samstarfsvilji ásamt lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.

Búsetudeild Akureyrarbæjar sem er hluti af félagsþjónustu Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkanði aldri, fötlun eða veikindum. Búsetudeild veitir heimabjónustu inn á rúmlega 600 heimili auk þess sem um 100 manns í íbúðakjörnum fá allt að sólarhingsþjónustu, um 30 einstaklingar fá þjónustu í skammtíma- og skólavistun og yfir 100 manns félagslega liðveislur. Á deildinni starfa um 300 manns í um 210 ársverkum og er ársveltan um 2 milljarða króna. Ennfremur sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Sérfræðingur á fjárhagssviði

Við óskum eftir að ráða sérfræðing á fjárhagssvið í 100% starf. Við leitum að öflugum einstaklingi sem getur leitt verkefni í góðu samstarfi við samstarfsmenn og stjórnendur fyrirtækisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggja og fylgja eftir verkefnum í samræmi við stefnu og aðgerðaáætlun
- Umsjón og eftirfylgni með samningum og þjónustukönnunum
- Gagnagreining
- Umsjón og eftirfylgni samninga og þjónustukannana

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og jákvæðni í samskiptum

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, vinbudin.is

SUMARSTÖRF

Við óskum einnig eftir fólki í sumarafleysingar við afgreiðslu í Vínbúðum um allt land. Nánari upplýsingar á vinbudin.is

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2013



STARFSKRAFTUR ÓSKST

Á fastar vaktir, kvöld og helgar.
Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar á staðnum.

Blómabúðin Dögg – Bæjarhrauni 26 – Hafnarfirði

Leikskólakennarar Proskapjálfa



Á Leikskólann Laugalandi vantar okkur **leikskólakennara** og/eða **proskapjálfa** - karla sem konur.

Leitað er eftir *áhugasömum, metnaðarfullum starfsmönnum* sem hafa góða *hæfni í mannlegum samskiptum* og eru tilbúnir til að vinna eftir *sérstökum áherslum skólans*.

Helstu áherslur í starfi eru m.a. traust og góð umönnun og vellíðan barnanna. ART þjálfun (þjálfun í félagsfærni, reiðstjórnun og siðferði), upplýsingatækni, útikennsla og fjölbreyttar vinnustundir sem stjórnast ekki af "klukkunni" heldur af áhuga barnanna, leik og hæfni hverju sinni. Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn. **Í leikskólanum er leikskólakennurum boðið uppá aukinn undirbúnings-tíma. Fá samtals 9 tíma m.v. 100% starf.**

Leikskólinn Laugalandi er um 30 barna einnar deildar leikskóli staðsettur að Laugalandi í Rangárþingi ytra. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskri náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám.

Möguleiki er á að aðstoða við leit að húsnaði ef þarf.

Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir 20. maí eða á leikskolinn@laugaland.is.

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediktsdóttir, leikskólastjóri.

Veffang: www.leikskolinn.is/laugaland
Netfang: leikskolinn@laugaland.is
Sími: 487 6633

Sjóvá

440 2000

sjova.is

Útibússtjóri á Akranesi

Okkur vantar kraftmikinn stjórnanda til að leiða útibú okkar á Akranesi. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogaþæfileikum og ríkri þjónustulund.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI

- › með reynslu og hæfileika á sviði stjórnunar
- › sem þekkir og hefur reynslu af þjónustu á svæðinu
- › með háskólamenntun og/eða iðnmenntun sem nýtist í starfi
- › sem sýnir frumkvæði, framsýni og skipulögð vinnubrögð

STARFIÐ FELUR Í SÉR

- › umsjón og ábyrgð á rekstri og þjónustu útibúsins
- › ráðgjöf og þjónustu vegna sölu trygginga og umsýslu tjóna
- › viðhald og uppbyggingu viðskiptatengsla á svæðinu

Sjóva starfrækir öflugt þjónustunet, sem samanstendur af 11 útibúum ásamt 22 umboðs- og þjónustuaðilum um allt land. Höfuðstöðvar Sjóvá eru í Kringlunni 5 í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til og með **10. maí**.
Sótt er um á www.sjova.is/starfsumsoknir

Nánari upplýsingar gefur Jón Birgir Guðmundsson, forstöðumaður útibúa og umboða,
jon.gudmundsson@sjova.is.

SJÓVÁ



Mímír – símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímís er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta fornlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytt námskeið í íslensku sem öðru máli, tungumálanámskeið og námskeið fyrir fatlað fólk. Áhersla er lögð á samstarf við atvinnulíf og þróun fjölbreyttra námstilboða.

Mímír – símenntun starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu. Mímír – símenntun er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Framkvæmdastjóri Mímís – símenntunar

Við leitum að kröftugum leiðtoga með ástríðu fyrir starfsmenntun og fullorðinsfræðslu til að leiða fjölþætta starfsemi Mímís – símenntunar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og skipulag á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu
- Leiðir þróunar- og markaðsstarf
- Leiðir alla samningagerð f.h. Mímís
- Pátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu
- Viðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af verkefnastjórn og stefnumótunavinnu
- Góð tungumálakunnátta og tölvufærni



Upplýsingar veitir:

Leifur Geir Hafsteinnsson
leifurgeir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí nk.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Reykjavik Excursions-Kynniserðir er eitt stærsta ferðapjónustufyrirtæki landsins með um 320 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri ferða innanlands, rekstri bílaleigu og annarri ferðapjónustutengdri starfsemi. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Sérfræðingur á fjármálasviði

Kynniserðir leita að metnaðarfullum einstaklingi til að gegna starfi sérfræðings á fjármálasviði. Starfið er fjölbreytt í spennandi rekstrar- umhverfi og felur í sér umsjón með fjárhagsupplýsingum og greiningum á rekstri samstæðunnar.

Starfssvið

- Umsjón með fjárhagsuppgjörum rekstrareininga samstæðunnar
- Áætlanagerð
- Skýrslugerð, greiningar og miðlun á upplýsingum til stjórnenda
- Kostnaðareftirlit
- Samskipti við endurskoðendur
- Ýmis sérverkefni fyrir stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála eða reikningsskila er kostur
- Reynsla af greiningum og uppgjörsvinnu
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð Excel-kunnátta

Launasérfræðingur

Kynniserðir leita að öflugum liðsmanni í spennandi og krefjandi starf launasérfræðings.

Starfssvið

- Þróun og viðhald H3 launakerfis og greiningartóla
- Launavinnsla og útborgun launa
- Kjarasamningar, réttindi og skyldur
- Samskipti við starfsmenn, stjórnendur, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila
- Greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Viðskiptafræðimenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á H-launum, Navision fjárhagsbókhalda og öðrum mannauðskerfum er kostur
- Góð greiningarhæfni, tölfræðikunnátta og færni í Excel
- Yfirgripsmikil þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna



Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Starfsmaður í viðhaldsdeild

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikinn og samviskusaman starfsmann í viðhaldsdeild fyrirtækisins.

Vinnan felst í viðhaldi og viðgerðum á bílum og tækjum og í verksmiðjum fyrirtækisins.

Við leitum að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er skipulagður, stundvís og handlaginn.

Umsóknarfrestur er til 10. maí 2016. Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á Gylfa Þór Helgason, gylfi@bmvalla.is



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7



MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

Vantar starfsmenn í afleysingar við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkflugvelli

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Upplýsingar veitir Helgi í síma 425-0752 og helgi@eak.is
Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkflugvelli



EAK ehf.
Aviation Fuel Service- Keflavík Airport Iceland

SUMARSTÖRF Í BOÐI

GR VEITINGAR, REKSTRARADILI GOLFSKÁLANS Í GRAFARHOLTI, LEITAR EFTIR DUGLEGU OG BROSMILDU FÓLKI TIL STARFA Í SUMAR.

UM ER AÐ RÆÐA FJÖLÞÆTT ÞJÓNUSTUSTRÖF SEM SNÚA AÐ ALMENNRI AFGREIÐSLU OG ÞJÓNUSTU Á VEITINGAHÓSI STAÐARINS.

ÓSKUM EINNIG EFTIR MATREIÐSLUMÖNNUM OG AÐSTOÐARFÓLKI TIL HÓLHUS.

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR SKULU SENDAR ÁSAMT FERILSKRÁ Á NETFANGIÐ FRIDJON@GRVEITINGAR.IS MERKT „SUMARSTARF 2016“



GR
veitingar & þjónusta

Spennandi störf á umhverfis- og skipulagssviði

Byggingarfulltrúi

Byggingarfulltrúi hefur umsjón og eftirlit með mannvirkjagerð í Kópavogi. Einnig annast hann útgáfu byggingarleyfa. Hann sér eining um úttektir og útgáfu viðeigandi vottorða vegna byggingarframkvæmda á bæjarlandi Kópavogs.

Helstu verkefni

- Umsjón og eftirlit með mannvirkjum í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
- Yfirferð teikninga og útgáfa byggingarleyfa
- Lokaúttektir mannvirkja
- Skráning fasteigna skv. lögum og reglugerðum
- Útreikningur gjalda skv. gjaldskrá um gatnargerðar- og byggingarleyfisgjöld

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í arkitektúr, byggingarfræði, byggingarverk- eða tæknifræði
- Faggilding til þess að fara yfir hönnunargögn og annast úttekir
- Viðtæk og góð reynsla af byggingarmálum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

Skráningarfulltrúi

Skráningarfulltrúi hefur umsjón með samskiptum og skráningu fasteigna í Þjóðskrá Íslands. Einnig er hann tengiliður Kópavogs við fasteignaskrá og sér um úttekt og yfirferð verkeikninga.

Helstu verkefni

- Samskipti og skráning fasteigna í Kópavogi hjá Þjóðskrá
- Skráning fasteigna samkvæmt lögum og reglugerðum
- Yfirferð og skráning eignaskiptayfirlýsinga og skráningataflna
- Skönnun teikninga, gagna og skráa
- Úttektir bygginga og skráninga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. byggingarfræði, byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla í skráningu fasteigna og yfirferð viðeigandi gagna æskileg
- Viðtæk og góð reynsla af byggingarmálum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góð þekking á helstu tölvukerfum sem viðkoma starfinu
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

Verkefnastjóri landupplýsinga

Verkefnastjóri landupplýsinga annast viðhald og vörslu allra landfræðilegra gagna Kópavogsbæjar. Hann sér um að uppfæra landfræðileg gögn í upplýsingakerfi og gerð mæli- og hæðarblaða. Auk þessa sér hann um rekstur teiknistofu í samráði við deildarstjóra.

Helstu verkefni

- Umsjón með landupplýsingakerfi og skráningu gagna
- Skrá og varðveita hönnunargögn vegna gatna, veitna og mannvirkja
- Gerð mæli- og hæðarblaða
- Útgáfa korta
- Vinna að almennri hönnun á deildinni
- Eftirlit með framkvæmdum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk og góð reynsla af hönnun
- Mjög góð þekking á Autocad og öðrum teikniforritum
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góð þekking á helstu tölvukerfum sem viðkoma starfinu
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni

Frekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2016.

Upplýsingar veitir Steingrímur Hauksson, sviðsstjóri umhverfissviðs í síma 570-1500 eða í tölvupósti steingr@kopavogur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir:

- Sérkennslustjóra
- Deildarstjóra
- Leikskólakennurum

Leikskólinn Jötunheimar á Selfossi auglýsir eftir:

- Sérkennslustjóra
- Leikskólakennurum

Leikskólinn Hulduheimar á Selfossi auglýsir eftir:

- Sérkennslustjóra
- Leikskólakennurum

Umsóknarfrestur er til 16. maí. 2016.

Nánari upplýsingar um störfin eru á vef Árborgar <http://arborg.is/>

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Fjölskyldusvið

- Sumarstarf: Verkefnastjóri við atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni

Álftanesskóli

- Heimilisfræðikennari
- Kennari í tónmennt og/eða dansi

Hofsstaðaskóli

- Stuðningsfulltrúi

Sjálundsskóli

- Aðstoðarskólalastjóri

Leikskólinn Akrar

- Leikskólakennari

Krókamýri – heimili fatlaðs fólks

- Starfsmenn óskast

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

Viltu vinna í krefjandi, lifandi og skapandi umhverfi?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að kraftmiklu og hæfileikaríku fólki til starfa á Íslensku auglýsingastofunni.

Umsóknir sendist rafrænt á starf@islenska.is eigi síðar en 8. maí 2016. Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Íslenska hefur verið í fremstu röð íslenskra auglýsingastofa í meira en 25 ár og er stolt af því að hafa komið að kynningu og uppbyggingu margra öflugustu vörumerkja á Íslandi. Hjá Íslensku starfar fjölbreyttur en samhentur hópur metnaðarfulls fólks sem hefur það að leiðarljósi að búa til einstakt markaðsefni sem styður við markmið viðskiptavina stofunnar.

Íslenska hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo síðastliðin fimm ár, ein íslenskra auglýsingastofa.



islenska.is

Markaðsráðgjafi

- Umsjón með ráðgjöf til stærri viðskiptavina stofunnar.
- Utanumhald og eftirfylgni með einstökum verkefnum.
- Tilboðsgerð, kostnaðaráætlanir og samskipti við undirverktaka.
- Leiða verkefni innan stofunnar í samvinnu við hugmynda- og hönnunarteymi.
- Dagleg samskipti við viðskiptavini.
- Framúrskarandi enskukunnátta nauðsynleg.
- Frekari tungumálakunnátta kostur.
- Lágmark 2-3 ára reynsla af markaðsráðgjöf nauðsynleg.

Vefhönnuður

- Að skapa framúrskarandi vefauglýsingar og annað stafrænt efni í samvinnu við hugmynda- og hönnunarteymi stofunnar.
- Þekking á Flash, Edge og Photoshop er nauðsynleg.
- Kunnátta í Illustrator og góður skilningur á HTML er kostur.



Við leitum að tæknimenntuðum og skipulögðum einstaklingi til starfa á Þjórsársvæði

Starfið er á orkusviði og felur í sér tæknilega aðstoð við rekstur, viðhald og bilanagreiningar búnaðar á Þjórsársvæði. Viðkomandi starfsmaður verður með starfsstöð í Búrfelli.

- Rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnifræði eða sambærileg menntun
- Áætlanagerð, kostnaðargreining og innkaup á búnaði
- Tengiliður við fjárfestingaverkefni og nýframkvæmdir á Þjórsársvæði
- Þekking á gæðastjórnun og áhættustjórnun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af rekstri, viðhaldi og hönnun á sviði rafbúnaðar og tengdra kerfa
- Tölvu- og hugbúnaðarfærni
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptafærni, frumkvæði og metnaður

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra María Guðjónsdóttir á starfsmannasviði Landsvirkjunar (thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 17. maí.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

www.landsvirkjun.is



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Deildarfulltrúi í Ráðhúsi Reykjavíkur

Auglýst er til umsóknar starf deildarfulltrúa á skrifstofu borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir auk þess sem hún heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.

Meðal helstu verkefna eru:

- Þjónusta við kjörna fulltrúa.
- Móttaka erinda og undirbúningur fyrir fundi borgarráðs og borgarstjórnar.
- Umsýsla fyrir formann borgarráðs.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Starfsreynsla og þekking á stjórnsýslu er æskileg.
- Mjög gott vald á íslenski tungu.
- Gott vald á ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði.
- Samstarfshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfallið er 100%.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar veitir Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar í netfangi helga.laxdal@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí. Umsóknnum skal skilað á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Solar
Gluggatjöld

SÖLUFULLTRÚI

Helstu verkefni:

- Sölumennska og tilboðsgerð.
- Ráðgjöf til viðskiptavina.
- Að halda verslun snyrtilegri m.a. með framsetningu vara.

Hæfniskröfur:

- Góðir söluhæfileikar og útgeislun.
- Þekking á saumskap er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Almenn tölvuþekking.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Áhugi á innanhússhönnun.
- Heiðarleiki, stundvísi og helgun að starfi.

Um er að ræða 100% starf.

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: hjortur@solar.is fyrir 9/5 n.k.



Starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna í Garðabæ

Um er að ræða 100% ótímabundið starf sem veitist frá 1. júní 2016 eða eftir samkomulagi

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2016.

Garðabær er vaxandi sveitarfélag með tæplega 15 þús. íbúa. Við Heilsugæsluna starfa nú sjö sérfræðingar í heimilislækningum í 5,5 stöðugildum, barnalæknir og fæðingarlæknir í hlutastörfum, félagsráðgjafi, hreyfistjóri/sjúkraþjálfari í hlutastöðu og tíu hjúkrunarfræðingar. Auk þess eru þrjú sérnámslæknar í heimilislækningum tengdir stöðinni og lækna kandidatar hafa um árabíl fengið þjálfun á stöðinni. Þar starfa fastir kennarar í heimilislæknafræði og samskiptafræði við Háskóla Íslands og umtalsverð kennsla læknaema fer fram á stöðinni.

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veita Bjarni Jónasson

(bjarni.jonasson@heilsugaeslan.is) og

Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir, Heilsugæslunni Garðabæ

(helga.saeunn.sveinbjornsdottir@heilsugaeslan.is),

í síma 520 1800.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá ásamt gögnum sem staðfesta menntun, fyrri störf, vísinda- og kennslustörf. Þeim gögnum sem ekki er hægt að skila rafrænt skal skilað til Svövu K. Þorkelsdóttur mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Við ráðningar í störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Hæfniskröfur:

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindarannsóknnum, gæða- og umbótarverkefnum.



Skaftárhreppur

Laus störf í Skaftárhreppi

Skólastjóri tónlistarskólans

Laust er til umsóknar starf skólastjóra tónlistarskólans í Skaftárhreppi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf 15. ágúst 2016 og er um að ræða framtíðarstarf. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að byggja upp öflugt tónlistarstarf og kennslu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningu Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og KÍ f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna.

Umsóknarfrestur er til 1. júní n.k.

Grunnskólakennarar í Kirkjubæjarskóla

Grunnskólakennara vantar í Kirkjubæjarskóla næsta skólaár. Kennslugreinar eru m.a.

- kennsla yngri barna (1. – 2. bekkur)
- tónmenntakennsla

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí n.k.

Íþróttakennari og íþrótt- og tómsundafulltrúa í Skaftárhreppi

Skaftárhreppur er að leita að metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingi með íþróttakennarapróf til að sjá um íþrótt- og sundkennslu í 1.-10. bekk í Kirkjubæjarskóla og halda utan um uppbyggingu á íþrótt- og tómsundastarfi í sveitarfélaginu. Íþrótt- og tómsundafulltrúi hefur einnig umsjón með rekstri félagsmiðstöðvar og sinnir forvarnarmálum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. ágúst 2016.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí n.k.

Hjúkrunarfræðingur á Klausturhólum

Óskað er eftir hjúkrunarfræðingi til starfa á hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða 80 eða 100% starf, dagvinnutími og bakvaktir, og er starfið í boði nú þegar eða eftir samkomulagi. Húsnæði er í boði. Laun eru skv. kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k.

Allar nánari upplýsingar um störf og umsóknarferli má finna á www.klaustur.is

Á Kirkjubæjarklaustri er gott mannlíf, þar búa um 130 manns en íbúar Skaftárhrepps eru um 450 talsins. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal. **Veðurfar og náttúrufergurð Skaftárhrepps er rómað.**



HARPA

Getur þú fyllt Hörpu?

Starfsmaður miðasölu starfar á fjármálasviði Hörpu. Unnið er á vöktum og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfslýsing

- Að þjónusta gesti við miðakaup á viðburði Hörpu
- Símsvörun og upplýsingagjöf um viðburði og húsið almennt
- Önnur þau verkefni sem yfirmaður felur starfsmanni

Hæfniskröfur

- Reynsla af vinnu við miðasölukerfi er kostur
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Sif Jónsdóttir, miðasölustjóri: hrefna@harpa.is

Umsóknarfrestur er til 8. maí 2016. Umsóknum skal skilað til Huldu Kristínar Magnúsdóttur: huldakristin@harpa.is. Þeim skal fylgja ítarleg ferilskrá og mynd.

www.harpa.is

AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI SAMKAUP ÚRVAL - HAFNARFIRÐI

Við leitum að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum aðstoðarverslunarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Starfið felur í sér ábyrgð á rekstri verslunarinnar í samráði við verslunarstjóra. Aðstoðarverslunarstjóri er jafnframt staðgengill verslunarstjóra.

STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri verslunar.
- Samskipti við viðskiptavini og birgja.
- Ábyrgð á vöruframsetningu og áfyllingum.
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun sem og önnur tilfallandi störf.

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af stjórnun hjá verslunar- og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á hafnarfjordur@samkaupurval.is
Allar nánari upplýsingar veitir Guðni Erlendsson í síma 421 5400.**

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí. nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Samkaup **úrval**


STJÓRNANDI BÍLASTÆÐAÞJÓNUSTU

Leitað er að öflugum stjórnanda með háskólapróf sem nýtist í starfi og metnað fyrir góðri þjónustu. Gerð er krafa um þekkingu á gerð rekstraráætlana. Hæfni í skýrslugerð og framsetningu greinargerða og kynninga er góður kostur.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- / Ábyrgð á rekstrarafkomu bílastæðaþjónustu
- / Ábyrgð á þjónustuupplifun viðskiptavina af bílastæða- og kerruþjónustu
- / Umsjón með starfsmannahaldi og daglegum rekstri bílastæðaþjónustu
- / Samskipti við þjónustuveitendur, undirverktaka og viðskiptavini
- / Þátttaka í framtíðarþróun og skipulagi bílastæðaþjónustu

Upplýsingar um starfið veitir **Gunnildur Vilbergsdóttir** á gunnildur.vilbergsdottir@isavia.is. Umsóknir berist rafrænt á isavia.is/atvinna.



ISAVIA



SÖLUFULLTRÚAR Á FYRIRTÆKJASVIÐI

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða tvo sölufulltrúa í sumarafleysingar, annan á Suðurlandi og hinn á höfuðborgarsvæðinu en þar gæti verið um framtíðarstarf að ræða.

STARFSLÝSING

- Öflun nýrra viðskiptavina
- Samskipti og heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- Gerð söluáætlana
- Tilboðs- og samningagerð
- Eftirfylgni pantana

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða góð reynsla í matvælageiranum er skilyrði
- Þekking á fyrirtækja- og mótuneytismarkaði stór kostur
- Framúrskarandi söluhæfileikar er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta starfað sjálfstætt
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á heimasíðu félagsins fyrir mánudaginn 9. maí nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ögmundur Rúnar Stephensen, deildarstjóri fyrirtækjasviðs í síma 575-6000. Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 300 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.



Bílasmiður og starfsmaður til þrifa á bifreiðum og verkstæði óskast



Okkur vantar að bæta við okkur aðilum í nú þegar flottan hóp stafsmanna.

Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir duglega og metnaðarfulla einstaklinga.

Umsóknir sendist á bilaretting@bilaretting.is merktar „Atvinna“.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Í NÝJA VERSLUN ÚTI Á GRANDA

Við leitum að jákvæðum og þjónustulundduðum einstaklingum til starfa í nýrri verslun Rúmfatalagersins úti á Granda. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður:

Deildarstjóri í smávörudeild.
Deildarstjóri í fata- og barnadeild.
Deildarstjóri í baðdeild.



Sendið ferilskrá og umsókn á netfangið: hallur.eiriksson@rfl.is
Einnig er hægt að hafa samband við Hall í síma 820-8012

Umsóknarfrestur er til 6. maí 2016



VILT ÞÚ VERA Í LYKILHLUTVERKI?



BÍLALÉIGUR AVIS OG BUDGET LEITA AÐ MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRA

Helstu verkefni:

- Ferjun bifreiða
- Umsjón með bílaflutningabifreiðum Alp

Almennar hæfniskröfur:

- Meirapróf C-CE
- Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum og framúrskarandi þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og reglusemi
- Jákvæðni, snyrtimennska, frumkvæði og dugnaður

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu AVIS, www.avis.is. Umsóknarfrestur er til 8. maí 2016.

Bíla-leigur AVIS og Budget eru meðal stærstu bíla-leiga í heimi og starfa í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.



UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Isaförður
Mývatn - Patreksfjörður - Reykjavík
Snæfellsnes - Vestmannaeyjar



Hefur þú áhuga á efnum?

Efnateymi Umhverfisstofnunar leitar að starfsmanni með brennandi áhuga á að stuðla að ábyrgri notkun og markaðssetningu hættulegra efna. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu innanlands og utan.

Helstu verkefni sérfræðingsins felast í eftirliti með efnum og efnablöndum á markaði og sjá um kynningu á málaflokknum fyrir neytendum, framleiðendum og innflytjendum.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2016. Umsóknir skulu sendar á Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is



Bifvélavirki á þjónustuverkstæði

Bílabúð Benna leitar að vönum bifvélavirkja sem er drífandi og metnaðarfullur með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund.

Helstu verkefni:

- Almennar viðgerðir á bifreiðum frá Opel, Chevrolet, SsangYong og Porsche

Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélavirkjun
- Reynsla í bílaviðgerðum
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingimundur Bernhardsson, verkstjóri, verkstjori@benni.is.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist í síðasta lagi mánuðaginn 09. maí, merkt „Bifvélavirki“ á netfangið: verkstjori@benni.is. Fullum trúnaði er heitið.

Bílabúð
Benna



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA

Landssamband kúabænda óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Starfssvið:

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Landssambands kúabænda, hefur umsjón með skrifstofu og fjármálum félagsins og sinnir störfum sem undir skrifstofuna heyra samkvæmt fyrirmælum stjórnar. Meðal verkefna framkvæmdastjóra er:

- Undirbúningur og boðun funda LK í samráði við formann
- Framkvæmd á ákvörðunum félagsins ásamt formanni og stjórn
- Umsagnir um þingmál, lagafrumvörp, reglugerðardrög o.þ.h.
- Umsjón með sölu- og markaðsmálum nautakjöts
- Umsjón með heimasíðu LK og síðum samtakanna á samskiptamiðlum
- Óflun og miðlun fróðleiks til handa kúabændum, s.s. með ritun greina, þýðingu erlendra greina, kynnis- og ráð stefnuferða o.s.frv.
- Að vera málsvari samtakanna ásamt formanni

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Almenn grundvallarþekking á nautgriparækt er kostur
- Reynsla af stjórnun og rekstri er skilyrði
- Þekking á félagskerfi bænda er kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er skilyrði
- Mjög gott vald á íslensku og ensku skilyrði, gott vald einu Norðurlandamáli er æskilegt
- Frumkvæði, samskiptahæfni og metnaður til að sýna árangur og kraftur til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

Landssamband kúabænda (LK) er hagsmunafélag nautgripabænda á Íslandi, stofnað 4. apríl 1986. Tilgangur LK er að sameina þá, sem stunda nautgriparækt í atvinnuskyni, um hagsmunamál sín og vinna að framgangi þeirra. Einnig að annast kynningar- og fræðslustarf um málefni búgreinarinnar og afla þeim stuðnings. Samtökin samstanda af þrettán aðildarfélögum um allt land með liðlega 1000 félagsmenn. LK er eitt af aðildarfélögum Bændasamtaka Íslands og kýs fimm fulltrúa til setu á Búnaðarþingi og ársfund BÍ.

Upplýsingar veitir Arnar Árnason formaður stjórnar, s. 863 2513

Umsóknir óskast sendar á arnar@naut.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2016

BRIMHÓTEL óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu.

Öll almenn skrifstofustörf eins og bókhald, fjármál, áætlanagerð, innheimta, gerð leigu- og lánasamninga umsjón með útleigu og fleiri tilfallandi störf.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá á sverrir@brimhotel.is

BRIMHÓTEL / SKIPHOLTI 27



Ert þú öflugur leiðtogi?

Útibússtjóri á Egilsstöðum

Arion banki leitar að öflugum leiðtoga í starf útibússtjóra á Egilsstöðum. Ef þú vilt vinna í árangursdrifnu umhverfi þar sem megináherslan er á viðskiptavinasambandið gætir þú átt heima í okkar frábæra liði.

Meginhlutverk útibússtjóra er að vinna í samræmi við stefnu og markmið Arion banka í nánú samstarfi við svæðisstjóra á Norður- og Austurlandi.

Helstu verkefni

- Dagleg stjórnun útibúsins og ábyrgð á rekstri þess og lánamálum
- Ábyrgð á markaðssókn bankans á markaðssvæði útibúsins
- Styrkja og efla tengsl við viðskiptavinum bankans
- Ábyrgð á því að í útibúinu starfi sterk liðsheild sem vinnur samkvæmt markmiðum og stefnu bankans hverju sinni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og/eða rekstri
- Reynsla af starfi í fjármálafyrirtæki
- Góð þekking á lánamálum fyrirtækja og einstaklinga
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptafærni
- Umbótahugsun, frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Ólafsson, svæðisstjóri á Norður- og Austurlandi, sími 470 1803, netfang guðmundur.olafsson@arionbanki.is og Hildur Sigurðardóttir mannauðsstjóri, sími 444 6364, netfang hildur.sigurdardottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2016.

Umsækjendur sækja um á vef bankans, www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Arion banki er lífflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlinustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og við hlutum nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**



Sölumaður á stóreldhúsasviði

Heildverslun á sviði matvæla óskar eftir að ráða öflugan sölumann á stóreldhúsasviði. Um fullt starf er að ræða.

» Helstu verkefni

- Viðhald og öflun nýrra viðskiptavina
- Heimsóknir í fyrirtæki, stofnanir og mótuneyti
- Tilboðs- og samningagerð
- Þátttaka í ætlanagerð
- Undirbúningur og eftirfylgni


» Hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla á sviði matreiðslu, bakstri eða kjötvinnslu kostur
- Reynsla af sölustörfum á fyrirtækjamarkað kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á vörum til matvöruverslana, mótuneyta, veitingahúsa og lyfjabúða.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Aðstoðarmaður með reynslu í bakarí óskast.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, vinnutími frá 5:00 til 13:00 og aðra hverja helgi.

Áhugasamir sækji um á netfangið bjornsbakari@bjornsbakari.is merkt **ATVINNA**.



Starfsmaður í æskulýðsstarfi Ástjarnarkirkju



Ástjarnarkirkja í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í barna- og unglingstarf kirkjunnar frá 15. ágúst nk. Starfið felst í að hafa frumkvæði að því að halda áfram uppbyggingu á starfi fyrir börn á aldrinum 6-9, 10-12 ára og 13 ára og eldri. Gerð er krafa um menntun á sviði guðfræði eða öðru sviði sem nýtist í starfi og um reynslu af æskulýðsstarfi. Um átta þúsund manns búa í Ástjarnarsókn. Um er að ræða hálf starf.

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Jónsson sóknarprestur.

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni og reynslu. Umsóknir sendist á: Ástjarnarkirkja, Kirkjuvöllum 1, 221 Hafnarfirði



Nýframkvæmdir Búseta – Steypt burðarvirki

Al-Verk ehf. óskar eftir umsóknum frá áhugasömum og traustum verktökum í tengslum við uppsteypu burðarvirkja í fyrirliggjandi nýbyggingaverkefnum húsnæðissamvinnufélagsins Búseta.

Helstu verkþættir sem leitað er eftir samstarfi um:

- Mótasmíði
- Bendistál/Járnending
- Niðurlögn steypu
- Uppsetning forsteyptra byggingahluta

Áhugasamir verktakar skulu senda gögn sem innihalda stutta lýsingu á fyrirtæki ásamt upplýsingum um reynslu á þessu sviði mannvirkjagerðar á netfangið: adalgeir@alverk.is fyrir **10. maí n.k.** Merkja skal umsóknir með fyrirsögninni NÝFRAMKVÆMDIR BÚSETA HSF – STEYPT BURÐARVIRKI.

Staðfesting á móttöku gagna verður send öllum umsækjendum og mun fulltrúi Al-Verks ehf. hafa samband við hlutaðeigandi aðila vegna frekari úrvinnslu í framhaldinu.

Allar nánari upplýsingar um verkefni og umfang þeirra gefur Adalgeir í síma 858 0980.



United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

Viltu breyta heiminum? Götukynningar hjá UN Women á Íslandi

UN Women á Íslandi leitast að hörkuduglegu og skemmtilegu fólki til að sinna fjáröflun og kynningarstarfi fyrir samtökin í sumar. Starfið felst í því að kynna starfsemi UN Women og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálf starf og er unnið frá 14 - 18 alla virka daga auk nokkurra laugardaga.

Hæfniskröfur:

- Mjög góð samskiptahæfni og hrífandi framkoma
- Samviskusemi og áreiðanleiki
- Reynsla af sölumennsku er kostur
- Áhugi á jafnréttismálum er kostur

Við hvetjum jafnt stelpur sem stráka til að sækja um.

Umsóknir sendist á Snæðisi Baldursdóttur, fjáröflunarstýru, á snaedis@unwomen.is fyrir 10. maí.

UN Women á Íslandi treystir á frjáls framlög í fjáröflun sinni og er því verk-efni götukynna mikilvægur hlekkur í fjáröflun samtakanna. Framlög til UN Women renna í verkefni sem stuðla að jafnrétti og valdeflingu kvenna.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

Sérfræðingur í úrtaksrannsóknum

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við undirbúning, úrvinnslu og tölfraðilega greiningu á gögnum úr úrtaksrannsóknum stofnunarinnar. Starfsmaðurinn mun starfa við lífskjara-rannsókn Hagstofunnar auk þess að vinna við aðrar úrtaksrannsóknir stofnunarinnar.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er mikill kostur
- Þekking og reynsla af framkvæmd og úrvinnslu úrtaksrannsókna
- Reynsla af tölfraðilegri úrvinnslu
- Reynsla af framsetningu tölulegra upplýsinga er kostur
- Mjög góð kunnátta á tölfraðiforritum (s.s. SPSS og R)
- Reynsla af gagnagrunnvinnslu (t.d. SQL) er kostur
- Góð ritfærni á íslensku og ensku
- Frumkvæði, vandvirkni og nákvæmni í vinnubrögðum

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **17. maí 2016** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Hauksdóttir og Lárus Blöndal, deildarstjóri atvinnu, lífskjara og mannfjölda í síma 528 1000

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. **Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is**



Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða í eftirfarandi störf fyrir næsta skólaár.

- **Enskukennari**
- **Spænskukennari**
- **Stærðfræðikennari**
- **Eðlisfræðikennari**

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðkomandi greinum.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Porkell Diego yfirkennari, thorkell@verslo.is eða í síma 5 900 600.

Umsóknarfrestur er til 10. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið thorkell@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1250 nemendum. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfangum um júl og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.



Karlakór Kjalnesinga óskar eftir söngstjóra

Í kórnum eru um 65 söngmenn og fara æfingar fram í félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi. Leitað er eftir einstaklingi sem getur viðhaldið þeim metnaðarfulla léttleika sem kórin er hvað þekktastur fyrir. Viðkomandi verður að spila á píanó og þarf að geta hafið störf þann 5. september næstkomandi.

Umsóknir þurfa að berast á netfangið, karlakor@karlakor.is fyrir 10. maí. Frekari upplýsingar gefur Andri formaður í síma 861 5874.

BM Vallá óskar eftir að ráða dugmikla og samviskusama bílstjóra með meirapróf.

Við erum að leita að steypubílstjórum og bílstjórum á efnisflutningabíla fyrirtækisins.

Störfin felast annars vegar í útkeyrslu á steypu til viðskiptavina og hins vegar í því að sækja efni til birgja fyrirtækisins ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Við leitum að einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, eru skipulagðir, stundvísir og handlagir, ásamt því að vera kurteisir og búa yfir ríkri þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til 10. maí.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá á Sigurð Árnason, rekstrarstjóra steypustöðvar, á netfangið sigurdur@bmvalla.is



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7



Vegna aukinna verkefna vill Sérverk ráða í eftirfarandi stöður.

- ▶ Vana menn á trésmíðaverkstæði
- ▶ Aðstoðarmenn á trésmíðaverkstæði

Mjög góð verkefnastaða framundan!

Umsóknir sendist á serverk@serverk.is merkt starfsumsókn.

Trésmíðaverkstæðið Sérverks er búið fullkomnu tækjum til innréttingasmíði og er góður starfsandi í fyrirtækinu.



LANDSPÍTALI

LANDSPÍTALI ... VIÐ HEILSUM ÞÉR!

Göngudeild sykursýki og innkirtlasjúkdóma

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Leitum að framsæknum hjúkrunarfræðingi sem hefur áhuga á hjúkrun sjúklinga með sykursýki, þátttöku í þróun verkefna og uppbyggingu göngudeildarinnar. Um er að ræða fullt dagvinnustarf.

Á göngudeildinni er veitt þjónusta við sjúklinga með sykursýki og aðra innkirtla og efnaskiptasjúkdóma.

Krabbameinslækningadeild

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Vilt þú vinna með samhentum hópi að meðferð einstaklinga með krabbamein? Við sækjumst eftir jákvæðum einstaklingi til starfa á krabbameinslækningadeild 11E sem er 15 rúma legudeild. Starfshlutfall og vinnutími er samkomulagsatriði en fastar næturvaktir koma vel til greina.

Sérhæfð endurhæfingardeild Kleppi

HJÚKRUN Í GEFANDI UMHVERFI

Deildin er legudeild sem sinnir meðferð ungmenna á aldrinum 18-30 ára sem greinst hafa með geðrofssjúkdóma og fíknivanda. Á deildinni ríkir einstaklega góður starfsandi og ótalmörg tækifæri eru til að vaxa í starfi og vaktabyrði er hófleg.

Við viljum ráða hjúkrunarfræðing sem hefur áhuga á meðferðastarfi og batamiðaðri þjónustu fyrir þennan sjúklingahóp og sem vill efla sig í teymisvinnu og vinnu samkvæmt gagnreyndri þekkingu og viðurkenndum verkferlum.

Ónæmisfræðideild

LÍFEINDAFRÆÐINGUR/ NÁTTÚRUFRÆÐINGUR

Ertu með brennandi áhuga fyrir gæðamálum? Skemmtilegt, fjölbreytt og krefjandi starf á ónæmisfræðideild þar sem fram fara þjónustu- og grunnrannsóknir, ráðgjöf, hjálfun og kennsla heilbrigðisstétta í ónæmisfræði.

Við leitum eftir jákvæðum, metnaðarfullum og þjónustuliprum lífeindafræðingi, náttúrufræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.



Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra þriggja heilsugæslustöðva.

Um er að ræða starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Fjarðar, Miðbæ og Sólvangi. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhlíða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2016.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá auknið sjálfstæði til að móta starfsemi og til að útfæra þjónustu sem mættir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðapróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlaðna varðandi rekstur, þjónustu og áherslu í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfi rmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

Hæfnikröfur

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, skulu berast Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins rafrænt. Umsóknum fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Svövu K. Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109, Reykjavík. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

Aðrir eiginleikar:

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

Nánari upplýsingar:

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. september 2016 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300, eða í gegnum tölvupóst svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Kannt þú að segja sögu? Are you a storyteller?

Við leitum að hugmyndaríkum einstaklingi til að taka þátt í og efla áframhaldandi sókn Íslenskra fjallaleiðsögumanna á sviði efnismarkaðssetningar og stuðla að auknum sýnileika fyrirtækisins á Netinu.

Við leitum að frjóum einstaklingi sem talar framúrskarandi ensku, er með ríkan sköpunarkraft, auga fyrir smáatriðum og reynslu í vefmarkaðssetningu.

Nánari upplýsingar um starfið á ensku má finna á fjallaleidsogumenn.is/starf



GRUNNSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR



Grunnskóli Snæfellsbæjar auglýsir eftir kennurum, veturinn 2016-2017

- Sérkennara í 100% starf
- Umsjónarkennara á yngsta eða mið stigi, 100% starf
- Kennara í textílmennt og heimilisfræði, 100% starf

Grunnskóli Snæfellsbæjar er heildstæður 250 nemenda grunnskóli með þrjár starfsstöðvar, í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðun náms og fjölbreytta kennsluhætti, með það að markmiði að gera hvern einstakling tilbúinn til þátttöku í frekara námi og lýðræðissamfélagi. Skólinn leggur mikla áherslu á kennslu í áttahagafræði, upplýsingatækni, allar starfsstöðvar flagga Grænfána, eru þátttakendur í Olweusarverkefninu gegn einelti og starfsfólk hefur á undanförunum misserum lagt mikla vinnu í innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár.

Umsækjendur þurfa að hafa kennarapróf, góða skipulags- hæfileika og góða hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanefndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Snæfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.

Umsóknir sendist fyrir 14. maí til skólustjóra Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ennisbraut 11, 355 Snæfellsbæ. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um menntun, réttindi og starfsreynslu.

Frekari upplýsingar veitir Hilmar Már Arason, skólustjóri (hilmara@gsnb.is), símar 433 9900 og 894 9903.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallett umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda státar sveitarfélagið af svo til allri flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi. Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæingja velkomna. Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt, glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík. Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarsemi með miklum blóma.

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Leikskólinn Aðalþing

Óskar eftir að ráða

Deildarstjóra

í haust eða fyrr

Aðalþing er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, sem leggur áherslu á margskonar þróunarstarf, skemmtilega nýbreytni og starfar í anda Reggio Emilia. Við skólann starfar hópur af vel menntuðu fólki og þar er hátt hlutfall leikskólakennara.

Gerð er krafa um starfsréttindi leikskólakennara, framhaldsmenntun, góða samskiptahæfni og brennandi áhuga.

Við viljum jafnframt ráða fleiri

leikskólakennara

og

starfsmenn

til að sinna sérkennsluverkefnum t.d. leikskólakennara, leikskólasérkennara, þroskaþjálfara eða fólk með aðra góða menntun.

Karlar jafnt sem konur eru sérstaklega hvattir til að sækja um starf með okkur en nú þegar er hátt hlutfall karlmannna starfandi við skólann.

Upplýsingar veitir Hörður leikskólastjóri í síma 7703553 eða á netfanginu hordur@adalthing.is

Nánari upplýsingar um störf in í Aðalþingi er að finna á heimasíðu skólans www.adalthing.is



Íslensk erfðagreining

er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika í starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.



Sérfræðingur óskast til starfa

Við leitum að sérfræðingi til starfa í tækniþjónustudeild. Deildin samanstendur af öflugum og úrræðagóðu teymi sem sér um uppsetningu, forritun, viðhald og þjónustu á rannsóknartækjum og húskerfum fyrirtækisins. Tækni í erfðarannsóknum þróast hratt og því þarf starfsemi deildarinnar að geta tekið sífelldri þróun og tekist á við skemmtilegar áskoranir.

Starfssvið:

- Almenn viðhald og tækniþjónusta rannsóknartækja
- Uppsetning nýrra tækja
- Innleiðing og bæting tæknilegra verkferla
- Bilanagreining og viðgerðir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hafa lokið námi í rafeindavirkjun og/eða rafmagnstæknifræði eða öðru sem nýtist vel í umræddu starfi.
- Reynsla af bilanagreiningu og almennum viðgerðum rafeindatækja er æskileg
- Góð tölvu- og enskukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni er skilyrði
- Geta og áhugi fyrir því að vinna í þverfaglegu umhverfi

Umsóknir skulu fylltar út á www.decode.is fyrir lok dags 09.05.2016. Umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt kynningarbréf.

Frekari upplýsingar veitir:

Hrefna Thoroddsen, careers@decode.is



www.decode.is

VERTU Í FREMSTU RÖÐ Í FJARSKIPTUM



Sérfræðingur í rekstri stofnnets

Míla leitar að sérfræðingi til starfa við rekstur stofnnets fyrirtækisins. Viðkomandi mun starfa í hópi tæknimanna sem sér um rekstur grunnfjarskipta á Íslandi. Um er að ræða fjölbreytt, spennandi og krefjandi starf í dagvinnu ásamt bakvöktum. Starfið felur í sér rekstur á búnaði í stofnkerfi Mílu um land allt, gangsetningu og prófanir á nýjum búnaði, breytingar á kerfum, gæðamælingar og aðstoð við bilanagreiningu og viðgerðir.

Menntun og reynsla

- Háskólamenntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Þekking á fjarskiptaumhverfi er kostur
- Þekking á netkerfi IP, etherneti, ljósleiðaratækni og úrbylgjukerfum er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku er nauðsynlegt

Persónulegir eiginleikar

- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu
- Hæfni til að miðla tækniupplýsingum



Starfsmaður á lager

Míla óskar eftir að ráða traustan starfsmann til starfa á vörulager fyrirtækisins. Starfið felst í móttöku og frágangi vörusendinga, lagerþjónustu við starfsmenn Mílu og samstarfsaðila, tiltekt og þökkun á þöntunum, vörutalningum og öðrum almennum lagerstörfum.

Menntun og reynsla

- Reynsla af lagerstörfum eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Almenn tölvuþekking
- Vinnuvélaréttindi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Persónulegir eiginleikar

- Heiðarleg og áreiðanleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skipulagshæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þjónustulund

Umsóknir óskast fylltar út á www.mila.is undir starfsumsókn. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Fyllsta trúnaðar verður gætt við meðferð og úrvinnslu umsókna.

Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileidum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er lífæð samskipta. Gildi Mílu eru áreiðanleg, framsækin, traust.

Míla ehf.
Suðurlandsbraut 30
Sími 585 6000
www.mila.is





Verkefnisstjóri eftirlits

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir verkefnisstjóra til starfa. Um er að ræða nýtt starf um sameinað eftirlit með skilmálum byggingarfulltrúa og útgáfu afnotaleyfa af borgarlandi sem skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands gefur út. Starfið er hýst hjá byggingarfulltrúa.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Efla og tryggja samþættingu þjónustu með afnotaleyfum borgarlands og skilmálum byggingarfulltrúa og útgáfu vottorða.
- Samræmt eftirlit með skilmálum byggingarfulltrúa og eftirlit með afnotaleyfum af borgarlandinu.
- Verkstýring og samþætting verkefna eftirlitsmanna í borgalandinu.
- Sinna verkefnum á sviði skilmálaeftirlits í samræmi við samþykkt gögn, lög, reglugerðir og staðla.
- Þátttaka í útgáfu afnotaleyfa af borgarlandinu í samstarfi við núverandi sérfræðinga.
- Veita ráðgjöf til viðskiptavina vegna afnotaleyfa í borgalandi.
- Eftirlit og skoðanir vegna framkvæmda og umsókna.
- Eftirfylgni fyrirmæla um úrbætur mála með formlegum samskiptum við framkvæmda- og ábyrgðaraðila.
- Yfirferð ýmissa gagna og gerð umsagna í tengslum við leyfisumsóknir og framkvæmdir og skráning efnisatriða og athugasemda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- eða raungræinamenntun á háskólastigi s.s. eins og menntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða sambærilegum tæknigreinum á háskólastigi.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun í byggingariðnaði og / eða eftirliti er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnábyrgð er kostur.
- Þekking á byggingarreglugerð.
- Metnaður og vilji til að takast á við mismunandi og fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulund og áræðni.
- Færni í notkun á algengum hugbúnaði sem tengist skrifstofustörfum og góð þekking á Word, Excel og Outlook.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Ökuréttindi.

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2016.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir „Laus störf“ – “Verkefnisstjóri eftirlits”

Nánari upplýsingar um starfið veitir Nikulás Úlfar Músson byggingarfulltrúi (Nikulas.Ulfar.Masson@reykjavik.is) og / eða Hjalti Jóhannes Guðmundsson skrifstofustjóri reksturs og umhirðu (Hjalti.Johannes.Gudmundsson@reykjavik.is), báðir í síma 411-1111.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

ERTU SÆLKERI?

Kjöt og fiskur óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í verslun sína í Bergstaðastræti og nýja verslun Kjöts og fiskis sem opnar í Garðabæ í maí.

Hæfnisskilyrði: Að hafa áhuga á mat og eldamennsku, Stundvísi, Dugnaður, Snyrtimennska.

Helstu verkefni: Afgreiðsla, Áfylling, Fræðsla um vörur okkar, Önnur tilfallandi verkefni

Umsóknarfrestur er til 8. maí

KJÖT & FISKUR
STOFNAD 2014

Íbúð til leigu, 101 Reykjavík



42 m² íbúð ásamt 7m² geymslu til leigu í miðbæ Reykjavíkur.

Húsgögn, flatskjár, þvottavél og annar húsbúnaður fylgir.

Kr. 250.000 per mánuð.

Upplýsingar í síma 666 1425
eða netfang vesturgata@outlook.com

STÖÐUR 4 DEILDARFORSETA VIÐ KVÍMYNDASKÓLA ÍSLANDS - KVÍ

Leitað er að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi með menntun og/eða starfsreynslu á sviði kvíkmyndagerðar. **Um er að ræða hálf starf.**

Kvíkmyndaskóli Íslands – KVÍ hóf starfsemi sína árið 1992 og hefur því starfað í rúm tuttugu ár. Skólinn er eini starfandi fagskólinn á sviði kvíkmyndagerðar á Íslandi og er meðlimur í Cilect, alþjóðasamtökum kvíkmyndaskóla. Skólinn leitar að deildarforsetum eftirtalinnna deilda:

Leikstjórn/framleiðsla

DEILD 1

Skapandi tækni

DEILD 2

Handrit/leikstjórn

DEILD 3

Leiklist

DEILD 4

Umsóknir, ásamt fylgiskjölum skulu sendar rafrænt á kvikmyndaskoli@kvikmyndaskoli.is
Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2016. Öllum umsóknum verður svarað.

STARFSSVIÐ

Deildarforseti fer með faglega stjórn deildar og ber rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor. Deildarstjóri skal hafa frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og annað starfsfólk til deildarinnar. Forseti deildar gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild, sem lögð skal fyrir rektor. Deildarforseti fer með úrskurðarvald innan deildar í málefnum er varða námsferil og framvindu nemenda.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

Deildarforseti skal hafa staðgöða menntun, meistaragráðu í kvíkmyndagerð eða leiklist og/eða áralanga farsæla starfsreynslu innan kvíkmyndageirans. Kennaramenntun eða reynsla af kennslu í kvíkmyndagerð, leiklist eða kvíkmyndafræðum á háskólastigi er æskileg (en ekki skilyrði).

MEÐ UMSÖGN SKULU FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN

- > Greinargott yfirlit yfir námsferil umsækjanda, störf hans við kennslu og stefnumótun, stjórnun og störf á fagvettvangi kvíkmyndagerðar.
- > Greinargerð um sýn umsækjanda á starfið, þar sem fram koma viðhorf til menntunar á sviði kvíkmyndagerðar og framtíðarsýn.
- > Upplýsingar um aðila sem leita má til með umsagnir.

RÁÐIÐ VERÐUR Í STÖÐURNAR FRÁ OG MEÐ 1. ÁGÚST 2016

Ráðið verður í störf til tveggja ára, með möguleika á tveggja ára framlengingu. Við ráðningu í störf við KVÍ er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans (sjá: Reglur KVÍ – Almennur hluti, 26.gr. Jafnrétti).

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar um starfið, þ.á.m. launakjör, veitir Inga Rut Sigurðardóttir í síma 444 3306. Eins má finna upplýsingar um skólasterfið á heimasíðu skólans, kvikmyndaskoli.is.

RAFBLIKK

Blikksmiður óskast

Vegna aukinna umsvifa óskar Rafblikk eftir að ráða blikksmið.

Starfslýsing: Öll almenn blikksmiði á verkstæði, staðsett í hafnarfirði, uppsetning á loftræstingum og öll önnur tilfallandi verkefni.

Umsækjandi þarf að vera menntaður blikksmiður. Umsækjandi þarf einnig að vera áhugasamur um að auka getu sína og færni í starfi og umfram allt reglu og iðjusamur.

Um er að ræða framtíðarstarf fyrir réttan aðila.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Óli, framkvæmdastjóri : siggi@rafblikk.is

Áhugasamir sendi umsókn á rafblikk@rafblikk.is

SÖLUMÆÐUR

PMT óskar eftir dugmiklum og reyndum sölumanni. Starfið felst í sölu á áprentuðum límíðum og umbúðum ásamt ýmsum tækjum til merkingar og pökkunar. Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta og vilji til að læra nýja hluti
- Reynsla af sölustarfi nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til 15. maí

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið vinna@pmt.is með starfsferilsskrá fyrir 15. maí. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Pmt
PLAST, MIDAR & TÆKI

gæði, þjónusta
þekking

Skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi

Við leitum að umbótasinnuðum og farsælum leiðtoga.

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Tónlistarskólans á Akranesi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ⇒ Veita Tónlistarskólanum faglega forystu.
- ⇒ Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri.
- ⇒ Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs á Akranesi.
- ⇒ Samstarf við bæjaryfirvöld og aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- ⇒ Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum er skilyrði.
- ⇒ Menntun á sviði tónlistar er skilyrði.
- ⇒ Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi er skilyrði.
- ⇒ Framhaldsmenntun í stjórnun og/eða þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði.
- ⇒ Framhaldsmenntun á sviði tónlistar æskileg.
- ⇒ Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

UJÓNSDÓTTIR



Akraneskaupstaður

Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2016. Umsóknarfrestur er til 9. maí 2016. Nánari upplýsingar um starfið veitir Svala Hreinsdóttir skollogfristund@akranes.is

Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Umsóknum fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem kemur fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Akranes

Akraneskaupstaður er eitt af stærstu sveitarfélögum landsins með tæplega 7 þúsund íbúa. Bærinn er sérstaklega barnvænn með gott framboð af íþróttatómstunda- og menningarstarfi. Tónlistarskólinn var stofnaður árið 1955 og telja nemendur skólans í dag um 260. Hlutverk Tónlistarskólans á Akranesi er að stuðla að öflugu og fjölbreyttu tónlistarlífi en skólinn býr við mjög góðan aðbúnað til tónlistarkennslu.

VIÐ LEITUM AÐ FRAMTÍÐARSTARFSMÖNNUM

NÓATÚN

Austurveri

Matráður / kokkur

Einstaklingur með ástríðu fyrir matargerð óskast.

Helstu verkefni:

- Matargerð
- Afgreiðslustörf
- Vöruþróun

Hæfniskröfur:

- Reynsla af matargerð nauðsynleg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar

Kjötstjóri

Öflugur liðsauki óskast við að stýra glæsilegu kjötborði Nóatúns.

Viðkomandi þarf einnig að taka þátt í vöruþróun, matargerð og sinna afgreiðslu

Hæfniskröfur:

- Reynsla af kjötiðni nauðsynleg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar

Lagerstjóri

Ábyrgur einstaklingur óskast í fjölbreytt starf lagerstjóra.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum kostur
- Reynsla af Navision kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Hlutastarf í kjötborði

Við óskum eftir duglegum og samvirkum einstaklingum í kvöld og helgarvinnu. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst. Aldurstakmark er 18 ára. Við komandi þarf að hafa hreint sakarvottorð.

Umsóknarfrestur til og með 17. maí 2016 - sótt er um störf á www.noatun.is
Frekari upplýsingar veitir Björn Skúlason í bjorn@noatun.is

Alla daga **8-20**



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Lífeindafræðingur/nátt.fræðingur	LSH, ónæmisfræðideild	Reykjavík	201604/613
Heilbrigðisritari/skrifstofumaður	LSH, hjartadeild	Reykjavík	201604/612
Hjúkrunarfræðingur	LSH, Rjóðrið	Kópavogur	201604/611
Hjúkrunarfræðingur	LSH, göngud. sykursýki/innkirtlasjúkd.	Reykjavík	201604/610
Hjúkrunarfræðingur, geðjúkrun	LSH, endurhæfingargeðdeild	Reykjavík	201604/609
Starfsmaður við aðhlyningu	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201604/608
Forstöðumaður nefndarsviðs	Alþingi	Reykjavík	201604/607
Skólasálfræðingur	Menntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201604/606
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201604/605
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	Akureyri	201604/604
Starfsmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grindavík	201604/603
Sjúkraliðar/starfsfólk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Grindavík	201604/602
Sérfræðingur í úrtaksrannsóknnum	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201604/601
Aðjúnt í heimspeki	HÍ, Sagnfræði- og heimspekideild	Reykjavík	201604/600
Nýdóktor	HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Reykjavík	201604/599
Sérnámsstaða í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201604/598
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilsugæslan í Garðabæ	Garðabær	201604/597
Námsráðgjafi	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201604/596
Aðstoðarverslunarstjóri	ÁTVR, Vínubúðin	Sauðárkrókur	201604/595
Framh.skólakennari, raungreinar	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ólafsfjörður	201604/594
Starfsmaður	Umhverfisstofnun	R-vík/landið	201604/593
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201604/592
Framkvæmdastjóri	IASC/Rannís	Akureyri	201604/591



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Tvær stöður saksóknara við embætti héraðssaksóknara lausar til umsóknar.

Innanríkisráðuneytið auglýsir stöður tveggja saksóknara við embætti héraðssaksóknara lausar til umsóknar. Miðað er við að innanríkisráðherra skipi í embættin frá og með 1. júlí 2016. Saksóknarar eru héraðssaksóknara til aðstoðar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Um verkefni og starfsskyldur héraðssaksóknara má finna upplýsingar í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. og lög nr. 47/2015. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Saksóknari hjá embætti héraðssaksóknara er skipaður til fimm ára og skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og héraðsdómari til skipunar í embætti, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Þeir saksóknarar sem auglýst er eftir munu fara með ákærvald á því sviði embættis héraðssaksóknara sem höfðar sakamál vegna brota sem tilgreind eru í 2. mgr. 23. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. 2. mgr. 8. gr. lögregluglaga nr. 90/1996, þ.e. á Saksóknarsviði II sem hefur á hendi saksókn í efnahags- og skattalagabrotum.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á: 1) menntun og hvort umsækjandi hafi í námi sínu sérstaklega lagt sig eftir refsirétti og/eða sakamálaréttarfari, 2) reynslu af sakamálaréttarfari, saksókn mála og/eða annarri meðferð ákærvalds, 3) menntun og/eða reynsla á sviði efnahags- og skattalagabrota, 4) reynslu af dómstörfum, 5) reynslu af lögmansstörfum, 6) reynslu af stjórnsýslustörfum, 7) reynslu af fræðistörfum, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtist í embætti saksóknara, 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar sem lúta að andlegu atgervi, áræði, mannlegum samskiptum og sjálfstæði, 11) upplýsingar um þrjá núverandi eða fyrrverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem veitt geta upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf saksóknara.

Jafnframt er áhersla lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Sölvhólsstöðu 7, 101 Reykjavík. Í umsókn skal tekið fram að sótt sé um stöðu hjá embætti héraðssaksóknara.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum skulu umsækjendur gefa upp tölvupóstfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Taka skal fram að ráðuneytið kann að óska eftir upplýsingum frá umsækjendum um fjárhag þeirra og hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á almennt og sérstakt hæfi saksóknara.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 17. maí nk. Nánari upplýsingar um starfið veita Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 545-9000 og Ólafur Þór Hauksson, héraðssaksóknari í síma 444-0150.

Innanríkisráðuneytinu,
28. apríl 2016.

Starf í fyrirtækjaráðgjöf

Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða starfsmann í fyrirtækjaráðgjöf félagsins.

Starfssvið

- Vátryggingaráðgjöf og sala vátrygginga
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavinum
- Áhættumat og útreikningar

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun á sviði verk-, tækni- eða viðskiptafræði eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvuþekking og tölvulæsi ásamt góðri íslensku- og enskukunnáttu í mæltu og rituðu máli
- Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og unnið vel í hópi og undir álagi
- Gerð er krafa um góða greiningarhæfni, nákvæmni í starfi og markviss og fagleg vinnubrögð

Einstaklingar með reynslu af vinnumarkaði, sem eru jákvæðir og hafa til að bera frumkvæði, kraft og metnað eru hvattir til að sækja um starfið, konur jafnt sem karlar.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 9. maí n.k. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir, (inga@hagvangur.is).

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvöginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

HAGVANGUR



Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is www.tm.is

ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Deildarstjóri stoðþjónustu

Staða deildarstjóra stoðþjónustu við Sunnulaekjar-skóla á Selfossi er laus til umsóknar. Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennslu-hætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólasterfinu koma.

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Við val á umsækjanda verður auk þess tekið mið af menntun og fyrri starfsreynslu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KI.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólustjóra í síma 480 5400 eða birgir@sunnulaek.is og á vef skólans.

Umsóknarfrestur er til 10. maí n.k.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólustjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulaekjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.



Rafeindavirki Rafvirki

Óskum eftir að ráða rafeindavirkja eða rafvirkja til starfa sem fyrst í tæknideild okkar. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi tækjabúnaðar og annari almennri tæknivinnu.

Við leitum að dugmiklum og sjálfstæðum einstaklingi sem vill vinna við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Starfið er í tæknideild Ísafoldarprentsmiðju og fellur undir tæknistjóra.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Hilmarsson tæknistjóri í GSM 664 0304. Óskir um frekari upplýsingar og umsóknir skulu sendar á netfangið gunnar@isafold.is

Umsóknarfrestur er til 12. maí 2016.



Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er önnur stærsta prentsmiðja landsins. Hjá félaginu starfa um 60 starfsmenn, við mjög fjölbreytta prentvinnslu. Fréttablaðið er m.a. prentað hjá Ísafoldarprentsmiðju.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?



Mjólkursamsalan leitar að jákvæðum og duglegum einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfni til að bættast í öflugan hóp starfsmanna okkar.

MJÓLKURFRÆÐINGAR

– SELFOSS

Starf mjólkurfræðings snýst um að stýra framleiðslu og vinnslu mjólkur. Stór hluti vinnutíma fer í að vaktu framleiðslubúnað með það að markmiði að hámarka nýtingu og gæði hráefnis.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vinnsla mjólkur s.s. viðbit og duftgerð
- Mjólkurpökkun s.s. fersk mjólk og G-vara
- Framleiðsla á skyri, jógúrti og sýrðum vörum
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í mjólkuriðn
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Jákvæðni, dugnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Þjónustulund, sjálfstæði í starfi og geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar:

Vinnsla mjólkur á Selfossi er að starfsstöð okkar á Austurvegi 65. Vinnutími er breytilegur en hefst almennt á bilinu frá kl. 6:00 til 10:00. Vinna um helgar er unnin til skiptis.

Upplýsingar um störfin veitir Björn Baldursson, rekstrarstjóri í síma 854-6012.

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Til að sækja um störfin þarf að fara á <https://mjolkursamsalan.rada.is>

Umsjón með ráðningu hefur Inga Guðrún Birgisdóttir mannauðsstjóri. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

BÍLSTJÓRAR

– SUMARAFLEYSINGAR Í REYKJAVÍK

Leitum að einstaklingum með mikla þjónustulund til að sinna starfi bílstjóra í vörudreifingu í sumar

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vörudreifing
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Akstur og umhirða bifreiða
- Önnur tilfallandi störf í samráði við yfirmann

Hæfniskröfur:

- Meirapróf C er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Hæfni til að tjá sig á íslensku
- Jákvæðni, dugnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Þjónustulund, sjálfstæði í starfi og geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar:

Vöruhús MS er að Bitruhálsi 1 í Reykjavík. Þaðan er vörum dreift til viðskiptavina. Vinnutími er alla virka daga kl. 7:00 – 16:00 og einstaka laugardag að auki.

Upplýsingar um störfin veitir Halldór Ingi Steinsson í síma 858-2258.



Hjá Mjólkursamsölu starfa rúmlega 450 starfsmenn á fimm starfsstöðvum á landinu þ.e. Reykjavík, Búðardal, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Lögð er áhersla á fjölbreytta samsetningu starfsfólks hvort sem um er að ræða þjóðerni, kynferði, menntun, reynslu og aldur. Við ráðningar veljum við hæfustu einstaklingana í starfið með metnað, samvinnu, jákvæðni og ábyrgð að leiðarljósi.





Forstöðumaður nefndasviðs Alþingis

Skrifstofa Alþingis auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns nefndasviðs skrifstofu Alþingis.

Meginverkefni forstöðumanns:

- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins.
- Forusta um fagleg vinnubrögð á sviðinu.
- Umsjón með að verkefnum sé sinnt í samræmi við gildi skrifstofunnar.
- Þátttaka í starfi stjórnenda skrifstofu Alþingis.
- Kynning á starfi sviðsins og þingsins.
- Þátttaka í alþjóðlegu og innlendu samstarfi.
- Samskipti við þingmenn og starfsmenn.

Menntunar- og þekkingarkröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Umsækjandi skal hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Stjórnunarreynsla, þ.m.t. reynsla af mannaforráðum.
- Þekking á íslenskri stjórnskipun og stjórnsýslu.
- Þekking á störfum Alþingis með sérstöku tilliti til löggjafarstarfa þess.

Umsækjandi skal senda umsókn sína rafrænt í gegnum ráðningarkerfi Orra. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri (starfsmannastjórn), s. 563-0500, karl@althingi.is. Upplýsingar um starfsemi Alþingis og skrifstofu þingsins er að finna á vef Alþingis, slóðin er www.althingi.is/um-althingi/.

Skrifstofa Alþingis hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. Tekið skal fram að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Gildi skrifstofu Alþingis eru:
Þjónustulund – Fagmennska – Samvinna.

Færni og aðrar hæfniskröfur

- Geta til að leiða vinnu annarra og hvetja til árangurs.
- Lipurð í samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Geta til að vinna undir álagi og áreiti.
- Færni í að móta stefnu og lausnir og hafa framtíðarsýn.
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Geta til að takast á við breytingar.
- Fullt vald á íslensku og gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi forseta Alþingis og Félags starfsmanna Alþingis.

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2016.

Á nefndasviði starfa auk forstöðumanns tæplega 30 manns með fjölbreytta menntun, m.a. lögfræðingar, málfræðingar, stjórn málafræðingar og viðskiptafræðingar. Sviðið skiptist í þrjár deildir: nefndadeild, alþjóðadeild og skjaladeild. Verkefni nefndadeilda er aðstoð við fastanefndir og þingmálagerð. Aðstoð við fastanefndir felst í undirbúningi nefndafunda, faglegri aðstoð við yfirferð þingmála og gerð nefndarálita og breytingartillagna. Deildin aðstoðar einnig við samningu þingmála og veitir lögfræðilega ráðgjöf. Skjaladeild aðstoðar þingmenn við frágang þingmála og ritstýrir þingskjölum. Deildin sér einnig um birtingu þingskjala, bæði á prenti og vefsíðum svo og uppfærslu og útgáfu lagasafns á vef Alþingis. Verkefni alþjóðadeilda er að veita faglega aðstoð við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, gagna- og upplýsingaöflun og undirbúning fyrir alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi.

S.Þ verktakar

Óska eftir vönum mótasmiðum sem hafið geta störf núna.

Vinnustöð í Hafnafirði. Upplýsingar fást hjá Jóni Inga í síma **893-3322** og Kolbeini síma **896-7029**



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Staða saksóknara við embætti ríkissaksóknara laus til umsóknar.

Innanríkisráðuneytið auglýsir stöðu saksóknara hjá embætti ríkissaksóknara lausa til umsóknar. Miðað er við að innanríkisráðherra skipi í embættið frá og með 1. september 2016. Saksóknarar eru ríkissaksóknara til aðstoðar, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Upplýsingar um verkefni og starfsskyldur ríkissaksóknara má finna í lögum og á vefsíðu embættisins, www.ríkissaksoknari.is. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara er skipaður til fimm ára og skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og héraðsdómari til skipunar í embætti, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á: 1) menntun og hvort umsækjandi hafi í námi sínu sérstaklega lagt stund á refsirétt og/eða sakamálaréttarfar, 2) reynslu af sakamálaréttarfari, saksókn mála og/eða annarri meðferð ákærvalds, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnsýslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtist í embætti saksóknara, 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar sem lúta að andlegu atgervi, áræði, mannlegum samskiptum og sjálfstæði, 10) upplýsingar um þrjá núverandi eða fyrrverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem veitt geta upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf saksóknara.

Jafnframt er áhersla lögð á styrkleika í samvinnu og samskiptum, sem og frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Sölvhóls-götu 7, 101 Reykjavík. Í umsókn skal tekið fram að sótt sé um stöðu hjá embætti ríkissaksóknara.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum skulu umsækjendur gefa upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Tekið skal fram að ráðuneytið kann að óska eftir upplýsingum frá umsækjendum um fjárhag þeirra og hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á almennt og sérstakt hæfi saksóknara.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir. Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 17. maí nk. Nánari upplýsingar um starfið veita Guðný Elisabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í innanríkisráðuneytinu, í síma 545 9000 og ríkissaksóknari í síma 444 2900.

Innanríkisráðuneytinu,
28. apríl 2016.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot á Eyrarbakka og Stokkseyri auglýsir eftir:

- Sérkennslustjóra
- Deildarstjóra
- Leikskólakennurum

Leikskólinn Jötunheimar á Selfossi auglýsir eftir:


- Sérkennslustjóra
- Leikskólakennurum

Leikskólinn Hulduheimar á Selfossi auglýsir eftir:

- Sérkennslustjóra
- Leikskólakennurum

Umsóknarfrestur er til 16. maí. 2016.

Nánari upplýsingar um störfín eru á vef Árborgar
<http://arborg.is/>



Spennandi störf hjá Fjarðabyggð

Eftirtaldar stöður við leikskóla
Fjarðabyggðar eru lausar næsta
skólaár:

- Leikskólakennarar
Sólvellir Norðfirði, Dalborg Eskifirði,
Lyngholt Reyðarfirði og Kærabæ Fáskrúðsfirði.
- Deildarstjórar
Dalborg Eskifirði og Lyngholt Reyðarfirði
- Aðstoðarleikskólalastjóri
Dalborg Eskifirði

Nánari upplýsingar um störfín og starfsumsóknir eru
á vef sveitarfélagsins fjarðabyggd.is undir *Laus störf*.

Nánari upplýsingar um stöðurnar veita skólalastjórar
viðkomandi skóla.

Pórdís Mjöll Benediksdóttir (Sólvellir),
thordismb@skolar.fjarðabyggd.is, sími 477 1485.

Sóley Valdimarsdóttir (Dalborg),
dalborg@skolar.fjarðabyggd.is, sími 476 1341.

Hanna Málfríður Harðardóttir (Lyngholt),
hannam@skolar.fjarðabyggd.is, sími 474 1257.

Ásta Eggertsdóttir (Kærabæ),
astae@skolar.fjarðabyggd.is, sími 475 9055.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2016.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og
þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðar-
kjörnum, sem eru Mjólfjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eski-
fjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.



TÆKNI- OG UMHVERFISSVIÐ TÆKNIMAÐUR

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf
tæknimanns á tækni- og umhverfissviði. Um er
að ræða fullt starf.

Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun vegna viðhalds- og framkvæmdaverka
- Vinna við embætti byggingarfulltrúa hvað varðar úttektir og yfirferð uppráttu
- Ýmis stjórnarsýsla, samráð og eftirlit vegna reksturs veitna og veituframkvæmda í sveitarfélaginu
- Þátttaka í umhverfismálum
- Skráningar og umsjón með vistun gagna í viðeigandi kerfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí 2016.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem
fyrst.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá sem greinir frá menntun, fyrri störfum og reynslu umsækjanda ásamt upplýsingum sem varpað geta ljósi á færni viðkomandi til að sinna starfi tæknimanns á tækni- og umhverfissviði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eysteinn Haraldsson í síma 5258500 eða 5258581.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningavef Garðabæjar www.gardabaer.is.

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

ERT ÞÚ ÞESSI

SNILLINGUR Á LYFTARA SEM VIÐ LEITUM AÐ?

FAGMENNSKA
DUGNADUR
LIPURD
TRAUST

BYKO vöruhús Kjalavogi leitar eftir starfsmönnum með reynslu á lyftara í dag- og kvöldvinnu.

- **Dagvinna** virka daga.
- **Kvöldvinna** hentar vel sem aukavinna – unnið er 17-22 mánudags og miðvikudagskvöld.

Leitað er að stundvísu og öflugum aðilum, 25 ára eða eldri með lyftarapróf. Tölvukunnátta er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 6. maí en umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Einarsson,
adalsteinn@byko.is eða í síma 821-4015.

Sótt er um á www.byko.is



byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið

- Hjólþæfakennarar hjá Skólahljómsveit Kópavogs

Leikskólar

- Deildarstjóri í leikskólann Kópastein
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Deildarstjóri í leikskólann Sólhvörf

Grunnskólar


- Umsjónarkennari á yngsta- og miðstigi í Salaskóla
- Þroskaþjálfari í Salaskóla
- Sérkennari í Salaskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Starfsmaður í gestamóttöku c.a 80% starfshlutfall

101 Hótel auglýsir eftir brosmildum og lífsglöðum einstaklingi sem veitir framúrskarandi þjónustu. Starfið er fjölbreytt og felst m.a í móttöku og aðstoð við gesti, umsjón með minibar, bókunum, og símaavörslu. Unnið er á 2 -2 -3 vöktum allt árið um kring. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð töluð og rituð íslenska og enska
- Snyrtimennska og reglusemi
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf
- Reyklaus

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá með mynd merkt „Gestamóttaka 101 hótél“ á netfangið job@101hotel.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. maí 2016.



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Útskriftarnemar hársnyrtibrautar Handverksskóla Tækniskólans blésu til veglegrar sýningar föstudagskvöldið 4. mars síðastliðinn. Sýningin fór fram í húsakynnum Tækniskólans í Vörðuskóla.

Alls gengur sextíu og fimm módel sýningarpallana á útskriftarsýningu nemenda hársnyrtibrautar Handverksskóla Tækniskólans þann 4. mars. Þema kvöldsins var Óskar/Rauði dregillinn. Í útskriftarhópnum eru þrettán manns og sýndi hver nemandi fimm hárgreiðslur. Nemendur höfðu und-

irbúið módelin með kennurum sínum í skólanum, utan eitt sem hver og einn nemandi vann með meistara utan skólans, til að styrkja tengsl við atvinnulífið.

Fleiri myndir af sýningunni má sjá á vefsíðu skólans: www.tskoli.is



**Stelpur
Konur**
Staðurinn - Ræktin

1-2-3

Sumarkort

á tilboði vikuna 2. - 10. maí

Tímabil 2. maí - 2. júlí, kr. 14.400

Við höfum um áraraðir boðið konum á öllum aldri fjölbreytta, heilsuefandi líkamsrækt og leggjum metnað í að veita vandaða og örugga þjálfun sem byggir upp og viðheldur líkamshreysti. Æfingakerfi okkar miðast við að skapa vellíðan og leggja þannig grunn að auknum lífsgæðum.

Hringdu í síma 581 3730 - Nánari upplýsingar á jsb.is

Velkomin í okkar hóp!

Ath! Lokað vegna sumarfría
2. júlí - 3. ágúst

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Hátiðleg stemming.

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



GLÆSILEGUR

VOLVO XC60 4x4. Árgærd 2012, ekinn 89. þús km, dísel, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 5.980.000. Rnr. 127667. S: 562-1717.



4 X 4 - AÐEINS 32.ÞÚS KM.
AUDI A4 TFSI QUATTRO S-LINE TURBO 200 HÖ. Árg. 07, ek. aðeins 32. þús km, bensín, sjálfskiptur, einn eigandi, er á staðnum. Verð 3.470.000. Rnr. 353173. S: 562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is



CHEVROLET Roadtrek 190 express 3500. Árg. 2005, ek. 24 Þ.MÍL. Flottur og vel búinn bíll Verð 7.900.000 Bilás Akranesi 431-2622/bilas.is Eftir lokun s. 8974213

Bílasalan Bilás Akranes
Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óskum eftir ferðavögnum og ferðabílum af öllum stærðum og gerðum opið um helgina gott útsvæði.

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

SJÁLFSALINN.IS



TOYOTA COROLLA Verð: 850.000
Ekinn: 159.000 Raðnúmer: 25792
http://www.sjalfsalinn.is/



CAMP LET SAVANNE Verð: 650.000
Ekinn: 5.000 Raðnúmer: 25795 http://www.sjalfsalinn.is/



MERCEDES BENZ ATEGO Verð: 5.580.000 Ekinn: 240.000 Raðnúmer: 25794 http://www.sjalfsalinn.is/

Sjalfsalinn sjalfsalinn.is



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú lítr í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



A-Liner Classic sofabed, Ónotað en er módelár 2013 og er í 2 ára abyrgð frá kaupdegi, Trumamiðstöð, Iskápur og fl, ásettverð 2.990 þús, tilbodsverð 2690 þús, er á staðnum, raðnr 100008.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15
www.100bilar.is

ASKJA NOTADIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgærd 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr. 310028.



Kia Rio. Árgærd 2012, ekinn 76 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 1.690.000. Rnr. 141936. 3 ár eftir af verksmiðjuabyrgð.



HYUNDAI i10 comfort. Árgærd 2014, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Rnr. 991531.




CHEVROLET Captiva 7 sæta. Árgærd 2013, ekinn 85 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr. 170024.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



AUÐVELD KAUP
SKODA Yeti Ambiente 4x4. Árgærd 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.190.000. Rnr. 213592. Einn eigandi. Útborgun aðeins 450þús. Bíllinn er á staðnum, Núpaland 1. S: 5885300.

Netbilar.is
Núpaland 1. Lindum Kópavogi,
201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

MB bílar



FLOTTUR BÍLL!
AUDI Q7 quattro. Árgærd 2012, ekinn 65 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 8.450.000. Rnr. 100101.



EINN EIGANDI!
VW Passat alltrack. Árgærd 2012, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.390.000. Rnr. 100125.

MB Bílar
Klettháls 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opíð 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is



POLARIS Sportsman 6x6. Árgærd 2005, ekinn 3734 KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Ný yfirfarið í Stormi Rnr. 211407.



BMW R 1200 gs adventure. Árgærd 2012, ekinn 12 Þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 3.590.000. Mikíð af aukahlutum Rnr. 115227.



PORSCHE Cayenne turbo. Árgærd 2005, ekinn aðeins 110 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 2.890.000. Ásett verð 3.490.000. Rnr. 111992.



BMW X5 4.8is. Árgærd 2007, ekinn aðeins 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 5.490. Umboðsbíll og 1 eigandi Rnr. 115225.



LEXUS Rx300. Árgærd 2005, ekinn aðeins 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 girar. Verð 3.580. Umboðsbíll og 1 eigandi Rnr. 211384.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu



PORSCHE CAYENNE TURBO S - 522 HESTÖLF

Til sölu þessi glæsilegi bíll. Trúlega best búni Turbo S bíllinn á landinu. Árg. 2006 Ekinn 135 þús km. 22 tommu felgur. Glerþak (panorama). Innbyggður gsm sími, dvd skjáir í hauspuðum, loftdæla. Rafmagnsdráttarkrókur og fl. Harðkornadekk á felgum fylgja. Glæsilegur umboðsbíll. Verð aðeins 4.950 millj, skoða skipti. Nánari uppl. gefur Stefán s: 895-2049 eða stefan@stakfell.is



Kia Ceed, dísil bs, 07/14, ek aðeins 18 þús km. 17" álfelgur. Hiti í sætum og stýri. Bluetooth. Toppbíll. Rúm 5 ár eftir í abyrgð. Verð 2.750 Uppl í s. 825 2424



RUGL VERÐ 590.Þ ALLT LÁNAD!!

VW Golf árg 2006 ek. 177.þ km bsk. í topp standi, gott viðhald, ásett verð 890.þ fæst á 590.þ stgr eða 100% láni uppl í s. 896-5290



Ford Mondeo 1,8L beinsk. ek. 145þ. Virkilega gott eintak. Nánari uppl. í s. 8930888



GLÆSILEGUR FORD F150 FX4 OFF ROAD

Til sölu einstaklega gott eintak af Ford F150 FX4 off road package. Árgærd 2005, leður sæti, plast í skúffu, pall lok, 101.000 mílur. Mikíð endurnýjaður bíll í mjög góðu ástandi. Verð 1.990.000 Uppl. gefur Baldur 8933348



Hyundai Terracan árg 2005, Ek. 135.000, upphækkaður á klossum, nýskoðaður. Verð 1.550.000, Uppl. í s. 567-5193 eða 897-5193

til sölu



Til sölu Expedition 2006

ek.160þ, innfluttur nýr. Einn eigandi frá upphafi. Allar þjónustuskóðanir hjá Brimborg, en bíllinn er staðsettur í sölu þar. 30 dvd myndir fylgja ásamt nýjum nagladekkjum. Verð 1.990þ. Nánari upplýsingar sendist á: thusund@gmail.com



Ekinn 21.000

VW Golf 3.690.000 KR
2014

Comfortline R-Line

R-line útlitspakki - Dijon 17 tommu álfelgur - Sóllúga (Panorama) - Skyggðar rúður - Sportsæti - Sportfjöðrun - Fjölrofa stýri - Xenon og led ljós

Klettháls 13
HeklaNotadirBilar.is
590 5040



Bílar til sölu



Mjög vel með farinn Suzuki Grand Vitara árg 2003, Ek. 194000. Mjög gott eintak og vel hugsað um. Skoðaður 2017. Verð kr. 700.000. Uppl. í s. 8223143.



7 MANNA FERÐA-OG FJÖLSK.BÍLL 4X4

Starline '06, ek 183þ.sk.'17, breyttur Krókur, spilbiti, brettak., þakst., stíglbr. Tengdó, mikið endurn. 1790 þús Uppl. í síma 8982608 og 8982821



Góður bíll. Toyota Corolla árg '01, ekin 124.000. Nýleg heilsársdekk. Verð 400.000. Uppl. í s. 864-9609



VW Golf 2009 ek aðeins 80 þús. sjálfsk. Gott eintak - Vel búinn. Tilboðsverð 1.590 þús stgr. S: 825-6352



VW Polo 1,2. Árg 2005. Beinsk. Ek. 171 þ. Nýsk. án athugasemda. Frábær bíll. Ath. Það er tímakaðja ekki tímareim! Asett verð 590 þús. Tilboð 490 þús. Uppl. í s. 7756511



VILTU 400 TIL 800 ÞÚSUND FYRIR BÍLINN PINN Í SUMAR?

Frekari upplýsingar í síma 511-2525 eða á caritas@caritas.is

0-250 þús.

ÓDÝR 7 MANNA BÍLL

Opel Zafira árg.'99 ek. 210þús. Bíll í fínu standi. Verð 250þús. Uppl. í s. 859 3609

250-499 þús.



GÓÐUR SMÁBÍLL -TILBOÐ 490 ÞÚS

Hyundai Getz árg 2003 ek.151 þús, ný skoðaður 17 án athugasemda, góð heilsársdekk, alveg órygðaður, ásett verð 590 þús TILBOÐ 490 þús möguleiki á 100% vísa láni í 36 man S.841 8955



TILB. 450ÞÚS 100% VÍSALÁN !

VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 þÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar

rotor.is



Dótabúð

Rótor ehf, s. 5554900 Helluhrauni 4, H.f

Mótorhjól



BMW F800 GS ADVENTURE

Árgerð 2016 í nýju litunum, ekið: 3500 km. Magnað, óaðfínanlegt hjól með öllum fánlegum BMW verksmíðju- og aukabúnaði. Verð: 3250 þús. Uppl. í síma: 899-9795

Hjólhýsi



LMC Dominant 560 hjólhýsi árg: 2006 til sölu. Eitt með öllu. Alde hitakerfi, stór ísskápur með frystihólf, útvarp, sólarsetla, loftnet, Markísa, grjótrind og stórt fortjald með gólfmottu og á loftþúfaflöðrun. Reyklaugagn. Hægt er að skoða hjólhýsið í Kópavogi. Uppl. í s. 8204132.

Fellihýsi

Tjaldvagnar Fellihýsi Hjólhýsi Húsbílar

Umboðssala Risasýningarsvæði Korputorgi

Korputorg 1112 Reykjavík Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Bátar

Alternatarar og startarar í báta.



Mikið úrval í bæði 12V og 24V.

Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði Sími 564 0400 www.bilaraf.is

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Hreingerningar

Tek að mér þríf á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþríf í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s:7854272.Pantanir frá 17-22

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLNINGI

Alhliða málningarpjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

REGNBOGALITIR

Pakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spórtlun, viðhaldspjónusta. Vönduð vinnubrögð og snryttmennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



Eru þakrennumar og niðurföllinn farinn að leka? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Pakskipti, Pakmálun, Stíflulosun og alla aðra blíkk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is

til sölu



TOYOTA LAND CRUISER 150 VX,

01/2015, EK 49 Þ.KM, Diesel, Sjálfskiptur, Leður, kælibox ofl. Verð 10.980.000.- Bíllinn er á staðum. Rnr.402193.



FORD F350 LARIAT 4x4

Árg. 2008, Ek 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, 6 manna. Pallýsið er Travel Lite 800 SBX árg. 2015 nánast ónotað. Verð á bíl og húsi 8.900.000.- Bíllinn er á staðum. Rnr.103997.

BÍLALIND
BÍLASALA

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • S. 511-0000 • www.bilalind.is

pepsi MÖRKIN

SPORT 2

365.is | Sími 1817

VIÐHALD FASTEIGNA

JÁ IDNAÐARMENN

Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

MASALA EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímabantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Múrameistari og málameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpar. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblík ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@sinnet.is

KEYPT & SELT

Til sölu

myranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

LAGERSPRENGJA HELGJNA 30. APRÍL OG 1. MAÍ
Vörur á lagersprengju með 40% - 80% afslætti. Kjólar, tösukur, leggings, skart ofl. 495,- 995,- 1.495,- 1.995,- 2.995,- 30% afsláttur af öllum öðrum vörum. Erum á facebook. Súpersól, Hólmaseli 2, Seljahverfi 567-2077 587-0077. Opið 12-19 báða dagana.

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupungull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp
Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsyn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Stór radíal súlborvél (R40) frá Knuth til sölu, nánast ónotuð. Nánari uppl. í s. 861-4401

Bjóðum í takmarkaðan tíma mjög hagstæð verð á ýmsum hlutum vegna flutninga: Prýstímælar, fittings, rör, rafmótorar, ýmsir lokar, mótórar, dælur og fl. Vökvatæki ehf 561-2209/861-4401 www.vokvatæki.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla
Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Ert þú búinn að finna leiguþúð en vantar fjármagn fyrir fyrirframgreiðslu eða bankaábyrgð? Hafðu samband í síma 519 1518 eða á www.leiguskjol.is

ALLA DAGA KL. 19:00

F.R.I.E.N.D.S

GULLSTÖÐIN

ALLRA BESTU VINIR ÞÍNIR ERU Á GULLSTÖÐINNI ALLA DAGA KL. 19.00

365.is | Sími 1817 **365**

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Sérhæfð viðgerða - og viðhaldsþjónusta fyrir húsbilaeigendur

Verkstaði VARAHLUTIR S. 564 2004

CHRYSLER JEEP Alfa Romeo

SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Öseyrarbraut 7 Hafnarfirði

Lóðavinna Hellulagnir
Drenlagnir Gröfuþjónusta
Uppúrtekt Jarðvegsskipti

Hellubjarg.is S: 693-0405/897-5358

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is

Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

Iveco

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutaþjónusta

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

LOK Á HEITA POTTA

- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

BLIKK

Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala

Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir

Tímabantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Meðleigendur óskast í 4 herb. íbúð í 101. Reglusemi og reykl. áskilin. Leiguverð 95 þús pr. herbergi. Uppl í netfangi: mae29@hi.is

ÍBÚÐ OG ATVINNA

55 fm íbúð í 101 RVK er laus gegn barnapössun og húshjálp. Vinnuframlag umsejnanlegt. Umsóknir sendist á e.eirik@simnet.is

Húsnæði óskast

Óska eftir að leigja ca. 50-80 fermetra atvinnuhúsnæði undir heimilistækjavíðgerðir. S. 8592928

Atvinnuhúsnæði**TIL LEIGU**

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA**Atvinna í boði****MÓTTÖKURITARI**

Óskum eftir móttökuritari á læknastöð, í 100% vinnu. Við leitum að heiðarlegum og duglegum einstaklingi eldri en 40 ára. Tölvukunnátta æskileg.

Umsóknir berist fyrir 3 maí á ritari@augn.is

LEIKJALAND

Fjölhæfur og vandvirkur starfsmaður / kona óskast til að sjá um leikjaland. Opnunartími virkadaga 14-19 og um helgar 10-19. Staðurinn sér um afmæli, leiki og léttar veitingar.

Ferilskrá og upplýsingar óskast sendar á santon@mi.is

**VANTAR VANA MENN
Á DEKKJAVEKSTÆÐI
DEKKVERK. NOKKRAR
STÖÐUR LAUSAR.**

1. Verkamaður á gólf.
2. Söluamaður í afgreiðslu.
3. Sumarstafsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Móguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19

Upplýsingar í síma 578-7474
Einar Björgvin, eða koma á staðinn

**OLD ICELAND
VEITINGARSTAÐUR**

Óskar eftir hressum og skemmtilegum þjónum til að vinna á veitingarstað í hjarta borgarinnar. Í boði er sumarstörf, hlutastörf og framtíðarstörf. Reynsla æskileg.

Sendu uppl. á oldiceland@oldiceland.is og

í síma : 6591417

**RITFANGA- OG
LEIKFANGABÚÐ**

vantar starfskraft í sumar í fullt starf og í hlutastörf. Svör sendist á strokledur123@gmail.com

Óska eftir duglegum starfsmönnum í jarðvinnu og yfirborðsfrágang. Kostur er viðkomandi er með meirapróf eða vinnuvélaréttindi. Nánari upplýsingar 899-2962 eða gardsauki@simnet.is.



Óska eftir manni á gröfu og í hellulagnir. Uppl. í s. 893-0173.

TILKYNNINGAR**SMÍÐIR**

Vantar smíði vana uppslætti og verkamenn. Næg vinna í boði. Íslenskukunnátta æskileg. Áhugasamir hafi samband í s. 898 9293 & 662 0400

Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Einkamál

908 5500 - SÍMASEX
Opnið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

til sölu

Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

**FRAMLEIÐSLUBÚNAÐUR
FYRIR BIO-DIESEL OLÍU:**

Til sölu mjög fullkomin tækjabúnaður til framleiðslu Bio-Diesel olíu, framleidd úr repju, m.a skilvinda, og vatnshreinsibúnaður og fl. Evrópuvottað og hentar því fullkomlega fyrir nýjar og nýlegar vélar. Býðst á einstöku verði, eða **AÐEINS 6 MILLJ.** (**KOSTAR NÚ YFIR 20 MILLJ.**) Seljandi skoðar skipti.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, lögg. Fasteignasali á Fyrirtækjasölu Íslands, S: 773-4700 oskar@atv.is

skemmtanir

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar

Laugardaginn 30. apríl

13:50 Stoke City - Sunderland

16:20 Arsenal - Norwich City

Sunnudaginn 1. maí

10:50 Swansea City - Liverpool

12:55 Man.United - Leicester City

RÚNAR ÞÓR

og gestir



á tónleikum

**Hljómsveitin
Klettur**

Rúnar Þór,
Rúnar Villa Valla,
Björgvin Gísla
og Siggí Árna
spila um helgina.

Allir velkomnir



<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



-50%

Verðsprensjá

KB
GRÍSARIF
499
ÁÐUR 998 KR/KG

-40%

SUMARSTEIK BÓGUR
ÚRB. FYLLT MEÐ FETA OG
SÓLPURRKUÐUM TÓMÖTUM

1.499
ÁÐUR 2.498 KR/KG

NETTÓ
KJÚKLINGUR 1/1

696
ÁÐUR 849 KR/KG

-50%

ANANAS
GOLD DEL MONTE

179
ÁÐUR 358 KR/KG

-35%

FERSKT
LAMBALUNDIR

4.939
ÁÐUR 7.598 KR/KG

Verðsprensjá

SS LAMBALÆRI
HEILT - FROSID

1.199
ÁÐUR 1.394 KR/KG

-35%

FERSKT NAUTA
MÍNÚTUSTEIK

2.924
ÁÐUR 4.498 KR/KG

RISTORANTE
PIZZUR - 3 TEG

459
ÁÐUR 499 KR/STK

HUMAR V.I.P.
ASKJA - 800 G

6.290
ÁÐUR 6.989 KR/ASKJAN

HUMAR
2 KG ASKJA

8.598
ÁÐUR 9.998 KR/ASKJAN

www.netto.is | Tilboðin gilda 28. apríl - 1. maí 2016

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Nichole heillaðist af leikskólakennarastarfinu. Hún lærði íslensku í gegnum börnin á leikskólanum og síðan varð ekki aftur snúið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fellahverfið er ekki gettó

Í æsku hefði **Nichole Leigh Mosty** seint getað ímyndað sér að hún yrði formaður hverfisráðs í úthverfi á Íslandi enda alin upp í Bandaríkjunum. Hún segir tækifæri liggja í Breiðholti en það sé kominn tími til að íbúar líti í eigin barm.

Það besta við Breiðholt eru tækifærin,“ segir Nichole þar sem hún tekur skælbrosandi á móti blaðamanni á leikskólanum Ösp í Fellahverfi. Nichole hefur starfað hér í nokkur ár, fyrst sem aðstoðarleikskólalærjóni en síðan leikskólalærjóni. Leikskólinn er sá fjölmenningslegasti á landinu, um 80% nemenda af erlendum uppruna. „Síðast þegar ég taldi voru hér börn frá 17 löndum,“ segir Nichole og býður blaðamanni sæti á skrifstofu sinni þar sem fullorðnir og börn eru velkomin. Hún tekur fram að á leikskólanum sé allt mjög heimilislegt.

Heillaðist af landinu

Nichole flutti til Íslands árið 2000 með íslenskum eiginmanni sínum. Hún er alin upp í Michigan, mitt á milli Detroit og Chicago. Eftir að hafa verið í háskóla í Colorado flutti hún til Boston þáðan sem leiðin lá til Íslands. „Ég segi alltaf að hann hafi dregið mig hingað,“ segir hún hlæjandi. „Ég var að læra að verða kokkur. Ég var á skrifstofu stað í lifinu, missti bróður minn í bílslysi, hann var 21 árs og ég að verða tvítug. Þetta var áfall og fjölskyldan í rúst. Foreldrar eiga aldrei að þurfa að horfa á eftir börnunum sínum. Mín leið upp úr þessu var sálfræði og sjálfræði. Ég fór ein til Boston, naut þess að vera þar og kynntist manningum mínum.“

Í framhaldinu heimsótti hún Ísland. „Ég heillaðist strax af landinu og fegurð þess, líklega eins og

flestir gera þegar þeir koma hingað í fyrsta skipti. Íslendingar voru svo klikkaðir og skemmtilegir.“

Í framhaldinu ákváðu þau að flytja hingað en hún viðurkennir að fyrst eftir flutningana hafi runnið á hana tvær grimur. „Við bjuggum í kjallaranum hjá tengdforeldrum mínum. Ég talaði ekki tungumálið og vissi ekkert hvað ég átti að gera. Ef ég talaði ensku þá heyrði maður fólk snúa hausnum. Það hefur margt breyst. Fólk er miklu opnara gagnvart innflytjendum í dag.“

Lærði íslensku af börnunum

Heillaspor Nichole var þegar hún fékk vinnu á leikskóla í Árbæ. Hún lærði á samfélagið í gegnum börnin. „Maður finnur svo mikla samkennd með börnum. Þau kenndu mér íslensku. Mín hugsun var, hvar er besti staðurinn til að læra. Maður er hræddur að tala nýtt tungumál fyrst. Ég byrjaði að lesa bækur með börnunum, náði ákveðnum orðaförða sem stækkaði svo,“ segir hún. Í framhaldinu fór hún í Kennaraháskólann og lærði leikskólakennarann. Hún útskrifaðist úr náminu með bestu einkunn. „Ég fann mig í þessu. Það er hægt að vera eldhugi í leikskólabransanum,“ segir hún. Í leikskóla þar sem svo margir menningarheimar koma saman eru stundum ólíkar áherslur. Nichole segir þó menningarlega árekstra sjaldgæfa. „Það kemur fyrir. Einfalt dæmi er útivera á leikskólanum. Fólk sem kemur frá heitari löndum vill ekki að börnin sín fari út þegar er kalt. Hérna er allt annað viðhorf,



ÞETTA ER YKKAR HVERFI

OG ÞIÐ VILJIÐ EKKI AÐ

ÞAÐ SÉ EYÐILAGT!

snýst um klæðnað en ekki veðrið. Annar menningarlegur munur er stundum hvernig við tölum við börnin. Í sumum löndum er borin rosalega mikil virðing fyrir kennurum og sumir foreldrar þora ekki að koma með athugasemdir ef þeim finnst eitthvað gott eða ekki gott. Því að ég er leikskólalærjóni. Ég er bara Nichole. Við eigum alltaf að geta talað saman og ég vil það.“

Nichole býr í Hólahverfinu ásamt eiginmanni sínum og börnum. Það leist ekki öllum vel á þegar hún ákvað að sækja um starf á leikskólanum Ösp hinum megin í Breiðholti, í hjarta Fellanna. „Það var talað illa um þennan skóla. Það var sagt við mig að ég gæti ekki sótt um þarna, þetta væri ónýtt. Bara að einhver skyldi hafa sett þennan stimpil á skólann varð til þess að ég ákvað að fara að vinna þarna,“ segir Nichole og hristir hausinn yfir því að fólk skuli hafa talað svona um skólann.

Hún segist hafa lært margt af starfinu. Fólk hafi mikla fordóma fyrir Fellahverfinu sem séu óþarfir. „Ég hef séð alvöru gettó, þetta er ekki gettó,“ segir hún hlæjandi.

„Þó það séu stundum unnin

skemmdarverk þá koma þau í bylglum. Þetta er fjölmennit hverfi. Við þurfum að taka okkur á og fylgjast með. Tala við krakka. Útskýra að þetta sé hverfið okkar og við viljum hafa það fint,“ segir hún.

Þannig að það eru engir brjálæðingar í Fellunum? „Nei, ég er aðalbrjálæðingurinn,“ segir Nichole og skellihlær.

Lært margt af starfinu

Hún segist hafa lært margt af starfi sínu. „Ég hef lært mikið. Lært um fordóma sem ég vissi ekki að ég átti til. Ég var með fordóma fyrir fátækt vegna þess að ég vissi ekki hvað þetta var. Ég hef kynnst fólki sem er andlega fátækt, því finnst það ekki hafa tækifæri því það er fætt í Fellahverfi, kláraði ekki nám, er einstætt. Þessi viðhorf, ég þekkti þetta ekki.“

Hún segir þetta miður, á Íslandi hafi bilið breikkað milli ríkra og fátækra. „Þegar ég flutti til Íslands heillaðist ég af því hvað var mikill jöfnuður. Við vitum að þetta hefur breyst. Það er meiri fátækt. Það er fátækt að þetta sé svona á landi eins og Íslandi þar sem við getum verið sjálfbær. Það á ekki að vera svona stéttaskipting.“

Nichole hefur látið til sín taka víða. Hún var á lista Bjartrar framfarir í borgarstjórnarkosningunum. Hún er formaður hverfisráðs Breiðhólts. Hún vill að fólk hætti að röfla á Facebook um hvað allt sé slæmt og láti til sín taka, með jákvæðnina að vopni. Þess vegna hefur hún stofnað síðuna Ég love Breiðholt þar sem hún hvetur fólk til þess að láta sér

annat um hverfið.

„Það hafa verið unnin skemmdarverk á leikskólanum. Rúður brotnar. Ég vil að fólk læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Þetta er okkar hverfi og við eigum öll að standa vaktina,“ segir Nichole og bendir á að allt í kring séu blokkir og einhverjir hljóti að hafa séð til skemmdarvarganna. Fólk sé hins vegar hrætt við að skipta sér af. „Það er ekkert mál að tala við fólk.“

Jákvætt afl

Hún hefur sjálf tekið upp á því að vera sýnilegri. „Ég var að keyra um daginn og þá voru strákar að kveikja í strætóskeyli. Ég stoppaði og sagði: „Hvað eruð þið að gera? Þetta er ykkar hverfi og þið viljið ekki að það sé eyðilagt.“ Þeir voru mjög hissa og hlupu í burtu, hafa örugglega haldið að ég væri klikkuð,“ segir Nichole hlæjandi. „En það voru engin átök, þeir bara fóru og hafa örugglega hugsað sinn gang.“

Nichole segir mikilvægt að fólk sýni nágrenni sínu áhuga. „Það er t.d. kona í hverfinu sem hvatti fólk til þess að koma með sér að tína rusl. Það komu mjög margir. Ég held að svona jákvætt afl geti breytt miklu.“

Nichole segir Breiðholtið hafa mikla möguleika. Þar sé gott að búa. „Í Breiðholti búa jafn margir og á Akureyri. Ég vil sjá meiri atvinnu í hverfinu, kaffihús, veitingastaði og fatabúð líka. Matarmarkað. Svo þurfum við sem búum hérna að styðja við þau fyrirtæki sem eru í hverfinu. Það er svo margt skemmtilegt í gangi.“

AFMÆLISTILBOÐ Í ELKO SKEIFUNNI!

FJÖLDI GLÆSILEGRA AFMÆLISTILBODA DAGANA 30. APRÍL – 1. MAÍ
TILBODIN GILDA EINGÖNGU Í VERSLUN ELKO Í SKEIFUNNI – 1 STK. Á MANN – SJÁ FLEIRI TILBOD Á ELKO.IS

20 stk.

30% afsláttur

Varmadælutækni

Verð áður 109.995

76.995

eða 7.046 kr. á mánuði
m.v. 12 mána. vaxtalást kortalán - Átt 04.550 kr. - Átt 10,8%

A++ 8 B
Orkuflokkur Kg þétting

10 stk.

32% afsláttur

Verð áður 189.995

129.995

eða 11.617 kr. á mánuði
m.v. 12 mána. vaxtalást kortalán - Átt 130.405 kr. - Átt 10,6%

55"
HD TV
1080p
100Hz skjár
WiFi
Bluetooth
CC
QUAD CORE
NETFLIX

30 stk.

30% afsláttur

Verð áður 54.995

38.495

A+ 5 1400
Orkuflokkur Kg Snúninga

Electrolux
PURREKARI

30 stk.

35% afsláttur

Bollar fylgja ekki

Verð áður 13.995

8.995

PHILIPS
KAFFIVÉL-SENSEO

SAMSUNG
SNJALLSJÓNVARP

UE55J6275XXE

100 stk.

50% afsláttur

Verð áður 1.995

995 16GB

Kingston
TECHNOLOGY

MINNISLYKILL
DATATRAVELLER G4

Canon
FJÖLNOTATÆKI-PIXMA MG6853

30 stk.

41% afsláttur

Verð áður 21.995

12.995

LEGO DIMENSIONS

20% afsláttur

Goji

HEYRNARTÓL MEÐ
HLJÓÐNEMA

G4IEBK13X / G4IEWH13X

100 stk.

58% afsláttur

Whirlpool
ÞVOTTAVÉL

AWOD5024

20 stk.

40% afsláttur

Verð áður 9.995

5.995

BOSCH
HANDPEYTARI

MFQ36460

PS3
LEIKIR

20% afsláttur

12 ÁRA

Opið laugardag 11-18 – Opið sunnudag 1. maí 12-18

ELKO
SKEIFAN

Recep Tayyip Erdogan

1954 Fæddur í Istanbul

1974 Leiðtogi æskulýðsfylkingar Þjóðfrelsis-hreyfingar íslamista

1980 Gekki í Velferðarflokk íslamista

1991 Kosinn á þingi en bannað að sitja á þingi

1994-98 Borgarstjóri í Istanbul

1998 Handtekinn ásamt fleiri forystumönnum íslamista

1999 Afplánaði fjögurra mánaða fangelsisdóm

2001-14 Leiðtogi Réttlætis- og þróunarflokksins, frá stofnun

2003-14 Þingmaður flokksins

2003-14 Forsætisráðherra

2014 Kosinn forseti, sagði af sér formennsku og þingmennsku



Recep Tayyip Erdogan árið 1999, þá borgarstjóri í Istanbul en á leiðinni í fangelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Leiðtoginn móðgunargjarni

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, var einu sinni sjálfur settur í fangelsi fyrir að lesa upp umdeilt ljóð. Þá var hann borgarstjóri í Istanbul. Nú móðgast hann reglulega og krefst harðra refsinga.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Tveir blaðamenn í Tyrklandi voru á fimmtudaginn dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa birt Múhamedsteikningu franska skopblaðsins Charlie Hebdo.

Þetta er nýjasta dæmið um það hve mjög tjáningarfrelsið á undir högg að sækja í Tyrklandi þessa stundina. Og þær hömlur teygja sig langt út fyrir landamæri Tyrklands.

Fyrr í þessum mánuði féllust þýsk stjórnvöld á kröfu frá Tyrklandi um að þýskur grínisti, Jan Böhmermann, verði ákærður fyrir að hafa ort niðkvæði um Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseta. Í kvæðinu er hvergi slegið af ýkjum og stóryrdum. Forsetanum er líkt við alræmda barnaniðinga og morðingja, hann sagður berja konur og kúga minnihlutahópa.

Tveir aðrir þýskir grínistar fengu líka ákúruð nýlega frá Tyrklandi eftir að hafa birt tveggja mínútna ádeilumyndband um Erdogan, þar sem hann er meðal annars sagður fangelsa blaðamenn sem ekki skrifa eins og honum þóknast. Þýski sendiherrann í Tyrklandi var kallaður á teppið og beðinn um að sjá til þess að myndbandið yrði tekið af netinu og aldrei frammar birt.

Þá hefur svissneski listamaðurinn Demir Sönmez, sem á rætur að rekja til bæði Kúrda og Armena, einnig orðið fyrir ónæði frá Erdogan. Tyrknesk stjórnvöld krefjast þess að borgaryfirvöld í Genf taki niður listaverk eftir Sönmez.

Á verkinu er mynd af Berkin Elvan, pilti sem lést af völdum aðgerða lögreglunnar gegn mót-mælendum á Taksim-torgi í Istanbul árið 2013. Við myndina stendur: „Ég heiti Berkin Elvan. Lögreglan drap mig, samkvæmt skipun frá forsætisráðherra Tyrklands.“

Þetta eru aðeins fáein dæmi, því frá því Erdogan tók við embætti sumarið 2014 hefur mál verið höfð að á hendur um tvö þúsund manns fyrir að móðga forsetann. Í byrjun mars var málaflöldin kominn upp í 1.845, og eitthvað hefur bæst við síðan.

Erdogan í fangelsi

Sjálfur stóð Erdogan samt einu sinni sporum þeirra, sem nýttu sér tjáningarfrelsið í óþökk tyrkneskra stjórnvalda. Honum var fyrir bragðið stungið í fangelsi.

Þetta var árið 1997. Hann las á samkomu upp ljóð eftir tyrkneskan þjóðernissinna, Ziya Gökalp, og bætti við frá eigin brjosti nokkrum orðum með augljóstri tengingu við íslamisma: „Bænarnarnir eru byssustingir okkar, hvolfþökin eru hjálmar okkar, moskurnar eru hermanskálar okkar og hinir trúuðu eru hermenn okkar.“

Hann var ákærður fyrir að hvetja til ofbeldis og hlaut tíu mánaða fangelsisdóm. Á endanum þurfti hann að afplána fjóra mánuði í fangelsi.

Hann fékk reyndar góða meðhöndlun í fangelsinu. Sérstök álma var útbúin fyrir hann með svefnherbergi og stofu.

Og þegar hann mætti til afplán-

Kúrdar

Í suðausturluta Tyrklands búa 15 til 20 milljónir Kúrda. Margir þeirra vilja stofna sjálfstætt ríki og sumir vilja sameinast Kúrdahérudum Íraks og Sýrlands. Frá 1978 hafa samtökin PKK, eða Verkamannaflokkur Kúrda, barist vopnaðri baráttu gegn tyrkneska hernum, með nokkrum mislögum hléum. Árið 2013 virtist friður loks í sjónmáli en upp úr þeirri viðleitni slitnaði í fyrria, þegar Tyrkir fengu grænt ljós frá NATO til árása jafnt á Kúrda sem viggasveitir Íslamska ríkisins. Engin lausn er í sjónmáli sem stendur.



Kúrdar mótmæla réttindabrotum gegn sér, með mynd af helsta leiðtoga sínum, Abdullah Öcalan, sem hefur setið í fangelsi síðan 1999.

NORDICPHOTOS/AFP

Flóttafólk

Hátt í þrjár milljónir flóttamanna eru í Tyrklandi, flestir frá Sýrlandi að flýja borgarastyrjöldina sem hófst þar fyrir fimm árum. Síðustu misserin hafa þúsundir flóttamanna farið daglega frá Tyrklandi til Grikklands og þaðan áfram norður eftir til Þýskalands, Svíþjóðar og annarra Evrópuríkja. Í síðasta mánuði tók gildi samningur milli Tyrklands og Evrópusambandsins, sem snýst meðal annars um að þeir sem fara til Grikklands verði sendir aftur til Tyrklands, en í staðinn taki ESB við jafn mörgum flóttamönnum beint frá Tyrklandi. Tyrkir fá síðan fé frá ESB til að sinna betur flóttafólki í Tyrklandi.



Flóttafólk í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þjóðarmorð

Á árunum 1915 til 1917 stóðu tyrknesk stjórnvöld fyrir kerfisbundinni útrýmingu á armenska minnihlutanum, sem þá bjó í austanverðu Tyrklandi. Allt að 1,5 milljónir manna voru myrtar. Þeir sem lifðu flýðu úr landi og nú búa Armenar flestir í Armeníu og Aserbaidsjan. Tyrknesk stjórnvöld hafa aldrei viljað kalla þetta þjóðarmorð og bera því við að í átökunum hafi Armenar líka myrt fullt af Tyrkjum. Enn í dag eru menn handteknir í Tyrklandi eða jafnvel myrtir fyrir að tala um þjóðarmorð í þessu samhengi.



Þjóðarmorðsins á Armenum minnst í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Aðskilnaður trúar og ríkisvalds

Sekularismi eða veraldarhyggja í stjórnmálum snýst um skýran aðskilnað trúar og ríkisvalds. Slík aðskilnaðarhyggja hefur verið undirstaða stjórnskipunar Tyrklands frá árinu 1923, þegar Mustafa Kemal Atatürk stofnaði nýtt ríki á rústum hins forna Tyrkjaveldis. Herinn í Tyrklandi hefur æ síðan verið þennan aðskilnað með kjafti og klóm og hvað eftir annað steypt af stóli stjórnvöldum sem hafa gengið gegn þessu. Nú er kominn annar tónn í ráðamenn sem vilja sumir hverjir íslamska stjórnskipan.



Landsfaðirinn Atatürk er enn mjög í hávegum hafður í Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Erdogan í höllinni miklu sem hann lét reisa handa sér árið 2014, eftir að hann tók við forsetaembættinu. NORDICPHOTOS/AFP

2.000

MANNS HAFNA VERIÐ

ÁKÆRDIR FYRIR AÐ

MÓÐGA FORSETANN

unar fylgdu honum tvö þúsund stuðningsmenn, sem sögðust vera stoltir af honum. Dómurinn fól jafnframt í sér að hann mætti ekki taka þátt í stjórnmálum eða gegna opinberu embætti. Þetta bann átti að gilda til áviloka. Sjálfur sagði hann þó að þetta yrði að hlé á stjórnmálaferli sínum. Hann myndi snúa aftur.

Margt er bannað

Tjáningarfrelsinu eru settar fleiri skordur í Tyrklandi en þær að ekki megi móðga forsetann. Það má til dæmis alls ekki kalla ofsóknir og fjöldamorð á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar þjóðarmorð. Svo má helst ekki tala mikið um Kúrda, sem lengi hafa barist fyrir réttindum sínum innan Tyrklands. Að minnsta kosti má ekki minnst opinberlega á það að tyrknesk stjórnvöld hafi farið illa með Kúrda. Og vitaskuld má enginn tala illa um þjóðhetjuna Mustafa Kemal Atatürk, fyrsta forseta Tyrklands.

Eitt grundvallaratriðið í þeirri stjórnskipan, sem Atatürk kom á í Tyrklandi árið 1923, var að trúmálum yrði haldið algerlega aðskildum frá stjórnmálum. Þessari stefnu hefur verið fylgt æ síðan, oft af miklu harðfygli. Brot Erdogans, þegar hann var handtekinn, snerist ekki síst um þetta þótt ákæran hafi snúist um að hann hafi hvatt til ofbeldis.

Hófsamur íslamismi

Eftir að hann kom úr fangelsinu liðu ekki mörg ár þangað til hann komst aftur á skrið í stjórnmálum. En hann breytti verulega um áherslur. Á yngri árum var hann liðsmaður bókstafs-trúarflokks íslamista og var þar með í andstöðu við grundvallarstefnu ríkisins um aðskilnað trúar og ríkis. Með endurkomu sinni í stjórnmál stofnaði hann árið 2001 nýjan flokk, Réttlætis- og þróunarflokkinn sem hefur verið við völd í Tyrklandi frá því hann vann yfirburðasigur árið 2002. Þetta var ekki flokkur bókstafs-trúarmanna heldur hófsamra íslamista, eins og Erdogan skilgreindi það. Hann sagði flokkinn sambærilegan við flokka kristilegra demókrata í norðanverðri Evrópu.

Þessu hefur Erdogan og flokkur hans fylgt alla tíð, en þó eru farin að sjást merki um breyttar áherslur nú á allra síðustu dögum. Bæði forseti landsins og þingforseti, sem eru báðir flokksmenn í Réttlætis- og þróunarflokknum, hafa nú í vikunni sagt rétt að breyta stjórnskrá landsins þannig að hún endurspegli það, að íbúarnir eru múslimar. Stjórnskipun Tyrklands ætti því að vera íslömsk.


„Við erum íslamskt land. Þess vegna þurfum við trúarlega stjórnskipan,“ sagði Ismail Kahraman þingforseti á ráðstefnu í Istanbul nýverið, samkvæmt frásögn í þýska vikuritinu Die Zeit. „Aðskilnaður trúar og ríkis má ekki gegna neinu hlutverki lengur í nýju stjórnskránni.“

Erdogan hefur nú í nokkur ár, og af auknum krafti eftir að hann varð forseti árið 2014, reynt að koma á breytingum á stjórnskrá landsins. Þau breytingaráform hafa þó ekki snúist um að gera stjórnskipanina íslamska, heldur um að styrkja völd forsetans.



LÓAN ER AÐ KOMA OG KANNSKI MILLJÓNIRNAR LÍKA?

FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í FJÖRUTÍU OG SJÖ MILLJÓNIR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjábandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Mjadmágrindarlíkan (phantom) með dúkku.



Læknar og ljósmæður við hina konunglegu fæðingarstofnun í byrjun 20. aldar.



Ljósmæðranemar fóru út á næturnar að leita kvenna sem voru komnar að fæðingu.



Ljósmæðranemar í kennslustund í hinn konunglegu fæðingarstofnun.

Sigldar ljósmæður

Erla Doris Halldórsdóttir, doktorsnemi í sagnfræði, skrifar um sögu þeirra íslensku kvenna sem sóttu ljósmæðranám til Kaupmannahafnar á árunum 1836 til 1955 og fluttu heim þekkingu og færni.

Hugrás

VEFRIT HUGVÍSINDASVIÐS
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fræðandi samstarf
Fréttablaðsins og Hugrásar

Greinarnar birtast einnig á vefnum og stundum í lengri og ítarlegri útgáfu á hugras.is

Einn er sá hópur Íslendinga sem hleypti heimdraganum á 19. öld og sigldi til höfuðborgar Íslands, Kaupmannahafnar, en hefur litla sem enga umfjöllun fengið í fræðiritum. Það eru þær konur sem lærðu ljósmóðurfræði í Kaupmannahöfn. Eftir heimkomuna voru þær nefndar „sigldar ljósmæður“.

Phantom til kennslu

Á 119 árum, eða frá 1836 til 1955, sigldu 48 íslenskar konur til Kaupmannahafnar til að nema ljósmóðurfræði við eina ljósmæðraskólann í Danmörku á 19. öld og fram á þá 20. Skólinn var starfræktur í hinn konunglegu fæðingarstofnun í borginni. Konurnar sem héðan sigldu voru margar ungar að árum, sú yngsta 21 og elsta 44 ára. Allar komu þær heim að námi loknu ef frá eru taldir tveir sem urðu eftir og giftust dönskum mönnum.

Það sem þessar konur höfðu fram yfir aðra ljósmæðranema á Íslandi var að þær öðludust mun meiri verklega þjálfun í fæðingarhjálp þann tíma sem þær voru á fæðingarstofnuninni. Þær tóku á móti börnum í eðlilegum fæðingum jafnt sem vandasömum. Hér á landi sáu læknar alfarið um að kenna konum ljósmóðurfræði og svo hafði verið frá árinu 1761 en algjörlega skorti umgjörð um námið. Árið 1829 fékk landlæknir sent frá Kaupmannahöfn sérstakt kennslutæki sem hann notaði við verklega kennslu í fæðingarhjálp. Það var phantom, líkan af æxlunarfærum kvenna, og í því var brúða eins og föstur í legi. Með þessu líkani var hægt að sýna föstur í ýmsum fæðingarstöðum.

Á Íslandi var engin fæðingarstofnun starfrækt og engin víska fyrir því að ljósmæðranemar gætu verið viðstaddir fæðingar meðan á náminu stóð. Því reyndist phantomíð mikilvægt kennslugagn en það var þó ekki það sama og að fá að meðhöndla konu í fæðingu og taka á móti barni.

Lægri laun en vinnukona

Haustið 1859 sigldi ung kona frá Akureyri til Kaupmannahafnar eftir áeggjan frá Jóni Finsen, héraðslækni á Akureyri. Þetta var Rósa Jónsdóttir, 21 árs bóndadóttir úr Melgerði í Eyjafirði. Hún hafði fengið inni á Jordemodderskolen. Konur sem sóttu þar um áttu samkvæmt inntökuskilyrðum að vera giftar eða ekkjur og hafa sjálfar fætt börn því ætlast var til að þær hefðu upplifað sársaukann við að ala barn. Stjórn Jordemodderskolen setti það þó ekki fyrir sig að Rósa var ógift og barnlaus. Vel má vera að ástæðan hafi verið sú að Solveig Pálsdóttir, 21 árs, sem siglt hafði frá Vestmannaeyjum til Kaupmannahafnar 18 árum áður, hafði verið tekin inn í skólann án þess að vera gift og hafa alið barn. Hún fékk inngöngu með sérstöku leyfi Danakonungs 9. september 1841.

Í september árið 1859 hóf Rósa

nám við Jordemodderskolen. Þar var hún í sjö mánuði og bjó á meðan á fæðingarstofnuninni. Hún stundaði námið ásamt sex öðrum konum frá Danmörku. Þær luku allar ljósmæðraprófi 30. apríl 1860 með fyrstu einkunn. Um sumarið sigldi Rósa til Íslands. Hún var skipuð ljósmóðir í Eyjafjarðarsýslu. Launin sem hún fékk eftir allt erfiðið í námi voru einungis tveir ríkisdalir á ári sem voru lægri en vinnukonulaun.

Vökur og vinnuharka

Einu upplýsingarnar sem mér eru kunnar um það hvernig náminu var háttað á Jordemodderskolen í Kaupmannahöfn eru skjal ritað árið 1883 af Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum, en hún hóf nám við skólann haustið 1882. Þar kemur fram að námið tók sjö til átta mánuði. Allt starfsfólk bjó á fæðingar-



LAUNIN SEM HÚN FÉKK

EFTIR ALLT ERFIÐIÐ Í

NÁMI VORU EINUNGIS

TVEIR RÍKISDALIR Á

ÁRI SEM VORU LÆGRI EN

VINNUKONULAUN.

stofnuninni; prófessorinn, þrjú aðrir læknar, tveir ljósmæður og svo 10 til 12 ljósmæðranemar. Í frásögn Ólafar kemur einnig fram að vinnuharka var mikil. Áður en kennsla hófst skoðaði prófessorinn nákvæmlega hendur allra námskvenna og lét hann þær strax fara ef hann mat ástand handa þeirra þannig að þær gætu ekki sinnt starfinu. Sú hugmynd að ljósmæður ættu að hafa ákveðna lögun á höndum er forn og má rekja hana til Soranos, gríksks læknis frá Efesus sem uppi var á annarri öld eftir Krist. Í bók sem hann skrifaði fyrir ljósmæður kemur fram að þær urðu að hafa fingerðar hendur, langa og mjóa finger. Það var til að þær gætu þreifandi fingri eða fingrum upp í fæðingarveg.

Ljósmæðranemar áttu að sinna öllum störfum sem fæðingarhjálp útheimti, undir umsjón ljósmóður. Þær tóku á móti konum sem komu á stofnunina til að fæða. Þær áttu að geta sagt til um legu og stöðu barns fyrir fæðingu og áttu að kunna nákvæmlega öll handtök í fæðingarhjálp. Einnig áttu nemar að hafa nákvæmt eftirlit með móður og barni eftir fæðingu. Hvern morgun og kvöld komu prófessorinn, læknarnir og ljósmæðurnar inn á hvert herbergi þar sem sængurkona lá og skyldi þá ljósmæðraneminn gefa greinargóðar upplýsingar um ástand móður og barns og sýna að allt væri í reglu hvað umsjón sængurkonu snerti. Ólöf hafði einnig þetta að segja um námið: „Hamingjan hjálpi þeirri námskonu sem hirðulitil er um köllun sína,“ því prófessorinn var vandlátur og sagði stranglega til þeirra yfirsjóna sem áttu skylt við hirðuleysi. Oft kom það fyrir að ljósmæðraneminn hafði margar sængurkonur að gæta í senn og jafnvel vaka nótt eftir nótt. Sagði prófessorinn að ljósmæðraneminn væri ekki fær um að gegna köllun sinni ef hún þyldi ekki að vaka.

Jafnframt því að sinna ljósmóðurstörfum sáu nemar um að halda börnum undir skírn á stofnuninni því oft kom fyrir að mæður skildu börnin eftir til ættleiðingar.

Íslensk embættisljósmóðir

Engar upplýsingar finnast um líðan þeirra 48 íslensku kvenna sem voru við Jordemodderskolen á árunum 1836 til 1955, fyrir utan frásögn af Ragnheiði Jónsdóttur sem var 44 ára, gift og fimm barna móðir. Hún lauk ljósmæðraprófi í Reykjavík árið 1833 og átti að námi loknu að taka við sem embættisljósmóðir í Reykjavík og aðstoða landlækni við verklega kennslu ljósmæðranema. Ragnheiður hóf nám við Jordemodderskolen árið 1836, en er 86 dagar voru liðin af námstímanum var henni allri lokið. Hún var haldin slíkri heimþrá að leggja varð hana inn á sjúkrahús í borginni þar sem hún dvaldi um tíma. Hún kom aftur til Íslands án þess að hafa lokið prófi frá fæðingarstofnuninni. Þrátt fyrir það var hún skipuð embættisljósmóðir Reykjavíkur þann 7. október 1839, fyrst íslenskra kvenna, en áður höfðu aðeins danskar lærðar ljósmæður gegnt þeirri stöðu.


Af þeim 48 íslensku konum sem luku námi frá fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn voru átta giftar og höfðu fætt börn. Ein kvennanna til niú mánuðum eftir að hún hóf námið. Eftir það hélt hún með litla drenginn sinn til Íslands og varð ljósmóðir í Vestmannaeyjum. Áf þeim 48 íslensku konum sem luku námi frá fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn voru átta giftar og höfðu fætt börn. Ein kvennanna til niú mánuðum eftir að hún hóf námið. Eftir það hélt hún með litla drenginn sinn til Íslands og varð ljósmóðir í Vestmannaeyjum.

Boðberar þekkingar

Tæplega helmingur kvennanna hafði lokið ljósmæðraprófi á Íslandi áður en þær héldu utan og hófu annað ljósmæðranám á Jordemodderskolen. Þar luku þær síðan prófi eins og aðrar ljósmæður sem voru að læra fagið frá byrjun. Ástæðan var sú að árið 1875, þegar fyrstu ljósmæðralög voru sett hér á landi, gat engin hlotið skipun ljósmóður í Reykjavík nema að hafa lært á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn og gengist þar undir próf. Árið 1912 voru sett lög um fyrsta ljósmæðraskóla á Íslandi, en það var ekki fyrr en árið 1933 sem tekin voru út ákvæði í lögum um að ljósmæður í Reykjavík yrðu að hafa próf frá Kaupmannahöfn.

Árið 1933 lauk því þeim kafla í sögu íslenskra ljósmæðra að þurfa að sækja menntun sína til Kaupmannahafnar. En vissulega má með réttu segja að þær íslensku konur sem luku námi frá Jordemodderskolen á 19. og fram á 20. öld hafi flutt heim með sér lærdóm og ómetanlega reynslu að námi loknu. Voru þær sannarlega boðberar nýrrar þekkingar í fæðingarhjálp, þekkingar sem var ljósmæðrastéttinni til framdráttar og til líknar og hjálpar fæðandi konum á Íslandi.

Greinin er unnin upp úr fyrirlestri á Hugvísindabíngi 11. febrúar 2016, í málstofunni „Atbeini Íslendinga í Kaupmannahöfn á 19. öld“.



Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík



Hátindar á ferli Helga San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dádustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. – 30. maí
í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN
FLUORINCOSEMIUM

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER
HOTELS

LEXUS

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um snjalla leyni-lögreglumenn.

Í byrjun þessarar aldar reid yfir sjónvarpsáhorfendur holskefla glæpaþátta þar sem hetjurnar voru ekki byssuglaðir slagsmálhundar, heldur vísinda- og tæknimenn. Glæpagátur voru leystar með því að kryfja lík og finna þannig vísendingar eða með því að finnkemba morðstaðinn í leit að lífsýni sem varpað gat sökinni á illvirkjann. Kröftugar tölur og fullkomnar rannsóknarstofur urðu helstu vopn varða laganna á imbaskjáním.

